

HOLTAVÖRÐUHEIÐARLÍNA 1

UMHVERFISÁHRIF Á LANDBÚNAÐ

*Samantekt á umfangi landbúnaðar á áhrifasvæði
Holtavörðuheiðarlínu 1 og möguleg áhrif vegna
framkvæmda og reksturs línunnar á
landbúnaðarstarfsemi.*

Borgar Páll Bragason
Eiríkur Loftsson
Sigurður Torfi Sigurðsson

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Mars 2023

Verkefni unnið fyrir Landsnet hf.

Heiti verkefnis: Holtavörðuheiðarlína 1, umhverfisáhrif á landbúnað

Titill skýrslu: Holtavörðuheiðarlína 1, umhverfisáhrif á landbúnað - Samantekt á umfangi landbúnaðar á áhrifasvæði Holtavörðuheiðarlínu 1 og möguleg áhrif vegna framkvæmda og reksturs línunnar á landbúnaðarstarfsemi

Höfundar: Borgar Páll Bragason
Eiríkur Loftsson
Sigurður Torfi Sigurðsson

Útgefandi: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf, Reykjavík, Ísland, 2023
Sími: (+354) 5165000
Netfang: rml@rml.is
Vefsíða: rml.is

Verkefnishópur / sérfræðingar RML:

Borgar Páll Bragason, fagstjóri rekstrar- og umhverfissviðs

Eiríkur Loftsson, ráðunautur á rekstrar- og umhverfissviði

Sigurður Torfi Sigurðsson, ráðunautur á rekstrar- og umhverfissviði

© Höfundar og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf.

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda og eiganda.

Efnisyfirlit:

Inngangur	1
Aðferð við greiningu	2
Greining á búfjárrækt á áhrifasvæði línunnar	3
Greining á umfangi og einkennum ræktunarlands og áhrifum framkvæmda	4
Greining á gæðum og einkennum beitarlands og áhrifum framkvæmda	5
Einkenni og grunnstaða landbúnaðar á línuleiðum.....	7
Heildaryfirlit.....	7
Búfjárrækt.....	7
Ræktunarland	9
Beitarland / úthagar	9
Kafli A línuleiðar – Núverandi staða og umfang landbúnaðar.....	10
Heildaryfirlit – Kafli A.....	10
Staða og umfang landbúnaðar á valkostum A1 og A1.a.....	13
Kafli B línuleiðar - Núverandi staða og umfang landbúnaðar	16
Heildaryfirlit – Kafli B.....	16
Staða og umfang landbúnaðar á valkostum B1 og B1.a.....	19
Staða og umfang landbúnaðar á valkostum B2 og B2.a.....	21
Staða og umfang landbúnaðar á valkostum B3, B4, og B3.a,B4.a.....	24
Staða og umfang landbúnaðar á valkostum B5 og B5.a.....	27
Kafli C línuleiðar – Núverandi staða og umfang landbúnaðar.....	29
Heildaryfirlit – Kafli C.....	29
Staða og umfang landbúnaðar á valkostum C1, C2 og C1.a,C2.a.....	32
Staða og umfang landbúnaðar á valkostum C3, C4 og C3.a, C4.a.....	35
Kafli D línuleiðar – Núverandi staða og umfang landbúnaðar	38
Heildaryfirlit – Kafli D.....	38
Áhrif á framkvæmdatíma og rekstrartíma	40
Kafli A á línuleið	41
Heildaryfirlit yfir umfang framkvæmda og áhrif á framkvæmdatíma fyrir kafla A	41
Möguleg áhrif á A-kafla á rekstrartíma	43
Samanburður milli valkosta A1 og A1.a og áhrif á framkvæmdatíma.....	44
Samanburður milli valkosta A1 og A1.a og möguleg áhrif á rekstrartíma.....	45
Kafli B á línuleið	47
Heildaryfirlit á umfangi framkvæmda og áhrif á framkvæmdatíma fyrir kafla B.....	47

Möguleg áhrif á kafla B á rekstrartíma.....	49
Samanburður milli valkosta B1 og B1.a og áhrif á framkvæmdatíma	50
Samanburður milli valkosta B1 og B1.a og möguleg áhrif á rekstrartíma.....	51
Samanburður milli valkosta B2 og B2.a og áhrif á framkvæmdatíma	52
Samanburður milli valkosta B2 og B2.a og möguleg áhrif á rekstrartíma.....	53
Samanburður milli valkosta B3, B4 og B3.a,B4.a og áhrif á framkvæmdatíma.....	55
Samanburður milli valkosta B3, B4 og B3.a,B4.a og möguleg áhrif á rekstrartíma.....	56
Samanburður milli valkosta B5 og B5.a og áhrif á framkvæmdatíma	58
Samanburður milli valkosta B5 og B5.a og möguleg áhrif á rekstrartíma.....	59
Kafla C á línuleið	61
Heildaryfirlit á umfangi framkvæmda og áhrif á framkvæmdatíma á kafla C.....	61
Möguleg áhrif á kafla C á rekstrartíma	63
Samanburður milli valkosta C1, C2 og C1.a, C2.a og áhrif á framkvæmdatíma	65
Samanburður milli valkosta C1, C2 og C1.a,C2.a og möguleg áhrif á rekstrartíma.....	67
Samanburður milli valkosta C3, C4 og C3.a, C4.a og áhrif á framkvæmdatíma	68
Samanburður milli valkosta C1, C2 og C1.a,C2.a og möguleg áhrif á rekstrartíma.....	70
Línuleið D - Áhrif á framkvæmdatíma og rekstrartíma	72
Heildaryfirlit á umfangi framkvæmda og áhrif á framkvæmdatíma á kafla D	72
Möguleg áhrif á kafla D á rekstrartíma.....	73
Hugmyndir að mótvægisáðgerðum og ábendingar.....	74
Viðauki 1 – Matsrammi fyrir grunnstöðu landbúnaðar.....	75
Viðauki 2 – Skýringarmynd fyrir A-kafla línuleiðar	76
Viðauki 3 - Skýringarmynd fyrir B-kafla línuleiðar	78
Viðauki 4 – Skýringarmynd fyrir C-kafla línuleiðar	83
Viðauki 5 - Skýringarmynd fyrir D – kafla línuleiðar	86
Viðauki 6 – Möguleikar samsetningu valkosta á kafla B línuleiðar og umfang framkvæmda.....	87
Viðauki 7 – Möguleikar í samsetningu valkosta á kafla C línuleiðar og umfang framkvæmda	88

Listi yfir myndir:

Mynd 1. Viðmiðunarsvæði	3
Mynd 2. Vel grónir beitarhagar í Hvalfjarðarsveit.....	12
Mynd 3. Ræktað land í Hvalfjarðarsveit.	15
Mynd 4. Útihús sem valkostur A1.a mun liggja nærri.	15
Mynd 5. Bæjarsveit, horft til suðurs yfir grasmikla úthaga.	18
Mynd 6. Bæjarsveit, horft til suðurs yfir grösuga beitarhaga og ræktuð lönd.....	23
Mynd 7. Bæjarsveit.....	23
Mynd 8. Kafli C, suður hluti línuleiðar, horft til norðurs.	31
Mynd 9. Ræktað land á áhrifasvæði valkostar A1.....	46
Mynd 10. Vinnusvæði bújarðar þar sem línuleið valkostar A1.a fer um.	46
Mynd 11. Horft heim að bæjarhlaði á áhrifasvæði valkosta B2.a og B3.a,B4.a	54
Mynd 12. Ræktunarspildur og gott ræktunarland á línuleið valkostar B5.a.	60
Mynd 13. Úthagar og beitarlönd á kafla C línuleiðar.	64
Mynd 14. Ræktað land á áhrifasvæði valkosta C1.a,C2.a og C3.a,C4.a.....	71
Mynd 15. Skýringarmynd af línuleiðum og valkostum á kafla A.	76
Mynd 16. Skýringarmynd af valkostum A1 og A1.a.....	77
Mynd 17 Skýringarmynd af línuleiðum og valkostum á kafla B.	78
Mynd 18. Skýringarmynd af valkostum B1 og B1.a.....	79
Mynd 19. Skýringarmynd af valkostum B2 og B2.a.....	80
Mynd 20. Skýringarmynd af valkostum B3, B4 og B3.a,B4.a.....	81
Mynd 21. Skýringarmynd af valkostum B5 og B5.a.....	82
Mynd 22. Skýringarmynd af línuleiðum og valkostum á kafla C.	83
Mynd 23. Skýringarmynd af valkostum C1, C2 og C1.a,C2.a.....	84
Mynd 24. Skýringarmynd af valkostum C3, C4 og C3.a,C4.a.....	85
Mynd 25. Skýringarmynd af línuleiðum og valkostum á kafla D.	86

Listi yfir töflur:

Tafla 1. Listi yfir helstu búfjartegundir og viðmið í greiningum.	3
Tafla 2. Skýringar á hugtökum fyrir ræktað land og skógrækt.	5
Tafla 3. Einföld ástandsflokkun Grólinnar á vistkerfum.	6
Tafla 4. Upplýsingar um fjölda nautgripa, sauðfjár og hrossa á viðmiðunarsvæði.	7
Tafla 5. Upplýsingar um fjölda nautgripa, sauðfjár og hrossa á línuleiðum og valkostum.	8
Tafla 6. Stærðarflokkun búgreina fyrir áhrifasvæði Holtavörðuheidiarlínu 1.	9
Tafla 7. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á kafla A.	10
Tafla 8. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á kafla A.	10
Tafla 9. Einkenni landbúnaðar á kafla A.	11
Tafla 10. Lýsing og einkenni beitarhaga á kafla A.	11
Tafla 11. Mat á stöðu landbúnaðar á línuleið, kafla A.	12
Tafla 12. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum A1 og A1.a.	13
Tafla 13. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum A1 og A1.a.	13
Tafla 14. Einkenni landbúnaðar á valkostum A1 og A1.a.	14
Tafla 15. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta A1 og A1.a.	14
Tafla 16. Mat á stöðu landbúnaðar á valkostum A1 og A1.a.	15
Tafla 17. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á kafla B.	16
Tafla 18. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á kafla B.	16
Tafla 19. Einkenni landbúnaðar á kafla B.	17
Tafla 20. Lýsing og einkenni beitarhaga á kafla B.	17
Tafla 21. Mat á stöðu landbúnaðar á línuleið, kafla B.	18
Tafla 22. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum B1 og B1.a.	19
Tafla 23. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum B1 og B1.a.	19
Tafla 24. Einkenni landbúnaðar á valkostum B1 og B1.a.	19
Tafla 25. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta B1 og B1.a.	20
Tafla 26. Mat á stöðu landbúnaðar á valkostum B1 og B1.a.	20
Tafla 27. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á línuleiðum B2 og B2.a.	21
Tafla 28. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum B2 og B2.a.	21
Tafla 29. Einkenni landbúnaðar á valkostum B2 og B2.a.	22
Tafla 30. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta B2 og B2.a.	22
Tafla 31. Mat á stöðu landbúnaðar á valkostum B2 og B2.a.	23
Tafla 32. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum B3, B4 og B3.a, B4.a.	24
Tafla 33. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum B3, B4 og B3.a, B4.a.	24
Tafla 34. Einkenni landbúnaðar á valkostum B3, B4 og B3.a, B4.a.	25
Tafla 35. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta B3, B4 og B3.a, B4.a.	26
Tafla 36. Mat á stöðu landbúnaðar á valkostum B3, B4 og B3.a, B4.a.	26
Tafla 37. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum B5 og B5.a.	27
Tafla 38. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum B5 og B5.a.	27
Tafla 39. Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæði valkosta B5 og B5.a.	27
Tafla 40. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta B5 og B5.a.	28
Tafla 41. Mat á stöðu landbúnaðar á valkostum B5 og B5.a.	28
Tafla 42. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á kafla C.	29
Tafla 43. Fjöldi jarða flokkaðar eftir búrekstri og gripafjölda á kafla C.	29
Tafla 44. Einkenni landbúnaðar á kafla C.	30
Tafla 45. Lýsing og einkenni beitarhaga á kafla C.	30

Tafla 46. Mat á stöðu landbúnaðar á línuleið, kafla C.....	31
Tafla 47. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum C1, C2 og C1.a, C2.a	32
Tafla 48. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum C1, C2 og C1.a, C2.a	32
Tafla 49. Einkenni landbúnaðar á valkostum C1, C2 og C1.a,C2.a	33
Tafla 50. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta C1, C2 og C1.a, C2.a.	34
Tafla 51. Mat á stöðu landbúnaðar á valkostum C1, C2 og C1.a og C2.a.....	34
Tafla 52. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum C3, C4 og C3.a, C4.a	35
Tafla 53. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripfjölda á valkostum C3, C4 og C3.a, C4.a	35
Tafla 54. Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæðum valkosta C3, C4 og C3.a, C4.a.....	36
Tafla 55. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta C3, C4 og C3.a, C4.a.	37
Tafla 56. Mat á stöðu landbúnaðar á áhrifasvæði valkosta C3, C4 og C3.a, C4.a	37
Tafla 57. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á kafla D.....	38
Tafla 58. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á kafla D.....	38
Tafla 59. Einkenni landbúnaðar á kafla D.....	39
Tafla 60. Lýsing og einkenni beitarhaga á kafla D.	39
Tafla 61. Mat á stöðu landbúnaðar á línuleið, kafla D	39
Tafla 62. Umfang framkvæmda sem gætu haft áhrif á landbúnað á kafla A á línuleiðinni.....	41
Tafla 63. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum A1 og A1.a	44
Tafla 64. Umfang framkvæmda sem gætu haft áhrif á landbúnað á B-kafla línuleiðar.....	47
Tafla 65. Samanburður á valkostum B1 og B1.a.....	50
Tafla 66. Samanburður á áhrifum framkvæmda á áhrifasvæðum valkosta B2 og B2.a.....	52
Tafla 67. Samanburður á áhrifum framkvæmda á áhrifasvæðum valkosta B3, B4 og B3.a,B4.a.....	55
Tafla 68. Samanburður á áhrifum framkvæmda á áhrifasvæðum valkosta B5 og B5.a.....	58
Tafla 69. Umfang framkvæmda sem gætu haft áhrif á landbúnað á C-kafla línuleiðar.....	61
Tafla 70. Samanburður á áhrifum framkvæmda á áhrifasvæðum valkosta C1, C2 og C1.a,C2.a.....	65
Tafla 71. Samanburður á áhrifum framkvæmda á áhrifasvæðum valkosta C3, C4 og C3.a,C4.a.....	68
Tafla 72. Umfang framkvæmda sem gætu haft áhrif á landbúnað á kafla D á línuleiðinni.	72
Tafla 73. Möguleikar á samsetningum valkosta á kafla B línuleiðar og samanlagt umfang framkvæmda sem geta haft áhrif á landbúnaðarstarfsemi. (B.a er línuleið meðfram núverandi línu)	87
Tafla 74. Möguleikar á samsetningum valkosta á kafla B línuleiðar og samanlagt umfang framkvæmda sem geta haft áhrif á landbúnaðarstarfsemi. (C.a er línuleið meðfram núverandi línu)	88

Inngangur

Skýrsla þessi er unnin fyrir Landsnet samkvæmt samningi sem verkfræðistofan Verkís hf og RML gerðu í maí 2022. Skýrslan á að varpa ljósi á umfang og grunnástand landbúnaðar á áhrifasvæði Holtavörðuheidiarlínu 1 auk mögulegra umhverfisáhrifa á landbúnað og landbúnaðarstarfsemi bæði vegna framkvæmda og á rekstrartíma línunnar. Í skýrslunni er einungis horft til þeirra þátta sem hafa bein áhrif á landbúnað og landbúnaðarstarfsemi á þeim bújörðum sem fyrirhugaðar línuleiðir liggja yfir, bæði á framkvæmda- og rekstrartíma. Ekki eru metin í þessari skýrslu óbein áhrif eða félagsleg áhrif vegna framkvæmdarinnar.

Í rannsókninni/greiningunni var lagt heildstætt mat á eftirfarandi atriði tengd fyrirhugaðri framkvæmd:

- Hver væri núverandi staða landbúnaðar innan áhrifasvæða valkosta, þ.m.t. tegund og umfang búrekstrar auk gerðar landbúnaðarlands.
- Hversu viðkvæm landbúnaðarstarfsemin væri fyrir framkvæmdinni og þá hvaða möguleikar væru á því að starfsemin geti aftur náð fyrra ástandi (grunnástandi). Þarna er einkum horft til núverandi nytja landbúnaðarlands sem framkvæmdasvæðið nær yfir og hvort og þá hversu mikið það muni skerðast.
- Hver væru möguleg áhrif hvers valkosta á landbúnað á framkvæmda- og rekstrartíma.

Samantektin byggir á grunnupplýsingum sem sóttar eru í þau skráningarkerfi sem RML hefur aðgang að og rétt á að vinna með gögn úr. Í allri vinnu og framsetningu er þess gætt að ekki megi rekja upplýsingar til einstaklinga eða einstakra bújarða. Upplýsingar sem gefnar eru upp í skýrslunni eru ekki bundnar einstökum bújörðum heldur eru samantektir og greiningar fyrir hvern kafla línuleiðar og valkosti innan þeirra.

Í skýrslunni er greining á áhrifum hvers kafla línuleiðar (A, B, C og D) á þær bújarðir sem línuleið og framkvæmdasvæði ná yfir. Jafnframt er gerður samanburður á áhrifum á valkosta innan hvers kafla. Samanburður valkosta miðast í öllum tilfellum við að valkostir hafi sama upphafs- og endapunkt en ekki er gerður samanburður á samsetningu valkosta á lengri leið t.a.m. á heilum kafla línuleiðar.

Umfang búrekstrar og stærðir á skráðu nytjalandi miðast við skýrsluhald¹ ársins 2021 ásamt nýrri upplýsingum sem lágu fyrir þegar unnið var að samantekt tölulegra gagna.

Verkfræðiskrifstofan Verkís sá um að miðla upplýsingum um staðsetningu og kafla línuleiðar, þjónustuvegi, línumöstur, skilgreiningu á valkostum og annað sem er tengt framkvæmdinni.

¹ Skýrsluhaldsupplýsingum eru upplýsingar um gripafjölda sem sóttar eru í skýrsluhalds forrit búfjártegunda og jarðræktar þ.e. Jörð.is fyrir jarðrækt, Huppa fyrir nautgripi, Fjárnís sauðfé, Worldfengur fyrir hross og Heiðrún fyrir geitur.

Aðferð við greiningu

Þessi skýrsla fjallar um niðurstöðu greininga á núverandi stöðu landbúnaðar á því svæði sem línun mun liggja um, auk þess sem í henni er lagt mat á bein áhrif línunnar á landbúnaðarstarfsemi á framkvæmda- og rekstartíma. Greiningar ná til svæða þar sem búast má við raski við framkvæmdina og þar sem verða breytingar til lengri tíma vegna framkvæmda. Rask á framkvæmdatíma tekur mið af lengd línustæðis ásamt tilheyrandi helgunarsvæði, en varanlegar breytingar miðast við mannvirki sem eftir standa s.s. línumöstur og þjónustuvegi. Við greiningar í skýrslunni er horft til þeirra jarða sem línun liggur um auk þeirra jarða sem eru innan framkvæmdasvæðis og þar sem fyrirhuguð eru önnur mannvirki sem línunni tengjast, t.d. línuvegir og efnistökusvæði. Gerður er greinarmunur á bújörðum í rekstri, bújörðum án landbúnaðarstarfsemi og jörðum sem flokkaðar eru utan landbúnaðarlands samkvæmt gildandi aðalskipulagi, t.d. sem iðnaðarsvæði.

Staða og einkenni landbúnaðar á línuleiðinni eru metin eftir umfangi og tegund búrekstrar. Bújarðir á áhrifasvæði línunnar eru metnar og flokkaðar eftir tegundum búfjár, fjölda ásettra gripa, stærð ræktaðs lands og möguleika til uppskerunytja fyrir þann búrekstur sem er á bújörðunum. Einnig er lagt mat á gæði og mikilvægi beitarrands fyrir búrekstur hverrar jarðar.

Lýsingar á stöðu og umfangi búrekstrar byggja á huglægu mati og fyrirliggjandi skýrsluhaldsgögnum auk annarra gagna sem fyrir liggja og stuðst er við í þessari skýrslu. „Önnur gögn“ vísa m.a. til ljósmynda og niðurstaðna úr vettvangsferð, upplýsinga af kortagrunnum o.fl. Matið nær til bújarða sem eru á hverri línuleið og valkostum. Mat á umfangi búfjárræktar byggir á haustskýrslum á viðmiðunarári. Mat á stærð og gæðum ræktunarlands byggir á fyrirliggjandi skýrsluhaldsgögnum á viðmiðunarári auk sjónmats af loftmyndum og gagna (ljósmynda) sem aflað var í vettvangsferð. Mat á beitarrandi nær til helgunar- og athafnasvæða línuleiða og valkosta og byggir á huglægu mati og fyrirliggjandi gögnum t.d. ljósmyndum úr vettvangsferð, gagnagrunni Grólinar² og vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ)³. Jafnframt er tekið tillit til annarrar landbúnaðartengdrar starfsemi á bújörðum s.s. skóg- og garðræktar. Ekki er tekið tillit til heildarstærðar jarðanna við mat eða flokkun. Við stöðumatið var stuðst við matsramma fyrir grunnástand (sjá viðauka aftast í þessari skýrslu).

Mat á áhrifum vegna framkvæmdanna nær bæði til áhrifa sem verða á framkvæmdatíma og varanlegra áhrifa á rekstartíma línunnar. Mat á áhrifum á framkvæmdatíma nær til þeirra þátta sem gætu haft áhrif á búrekstur jarða á áhrifasvæði línunnar og einangra má við framkvæmdaliði vegna uppsetningar hennar. Sem dæmi má nefna framkvæmdir og mögulega þungaflutninga í nálægð við athafnasvæði bænda auk umferðar vinnuvéla um ræktarlönd og beitarrhólf. Mat á varanlegum áhrifum nær til umfangs þeirra mannvirkja sem eftir munu standa að framkvæmdatíma loknum og svæða þar sem búast má við að hin varanlegu mannvirki eins og línumöstur, undirstöður og þjónustuvegir standi.

² GróLind. (e.d.) Kortavefsjá. Sótt af:


<https://portal.land.is/portal/apps/opsdashboard/index.html#/da2d198a1e3b472da664f100fb4ea7bb>

³ Náttúrufræðistofnun Íslands. (e.d.). Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Sótt af:

<https://vistgerdakort.ni.is/>

Greining á búfjarrækt á áhrifasvæði línunnar

Til að lýsa einkennum búfjarræktar á línuleiðum og valkostum var gerð einföld tölfræðigreining á fjölda og tegundum búfjár á bújörðum á áhrifasvæði línunnar. Til áhrifasvæðis línunnar í landbúnaði teljast þær bújarðir sem helgunarsvæði línuleiða og valkosta eða þjónustuvegir liggja um. Samskonar greining var gerð á stærra svæði til að fá viðmið sem sýni hvort bújarðir innan áhrifasvæðisins skeri sig á einhvern hátt úr öðrum bújörðum innan sama héraðs en utan áhrifasvæðisins. Í þessari viðmiðunargreiningu marka gömlu hreppamörkin (f. breytingar 1994) stærð þess svæðis. (sjá mynd 1).



Mynd 1. Viðmiðunarsvæði

Greiningar á umfangi búfjarræktar ná til allra búfjartegunda sem skráðar eru á bújörðum á áhrifasvæði línunnar. Greiningar á umfangi búfjarræktar á viðmiðunarsvæði ná einungis til sömu búfjartegunda og eru á áhrifasvæðinu. Í töflu 1 er listi yfir helstu búfjartegundir og viðmið sem notuð eru í greiningunum.

Tafla 1. Listi yfir helstu búfjartegundir og viðmið í greiningum.

Búfjartegund	Skýringar
Nautgripir	Gripir til mjólkur- og/eða kjötframleiðslu, samkvæmt skýrsluhaldi. Kýr, naut, geldneyti og kálfar.
Sauðfé	Kindur á vetrarfóðrun, samkvæmt skýrsluhaldi. Ær, hrútar, sauðir og ásetningslömb að hausti.
Hross	Hross sem eru skráð á búum hvort heldur sem þau eru í hagabeit, brúkunar- eða ræktunarhross. Hryssur, geldingar, stóðhestar og folöld.
Geitur	Geitur sem taldar eru til búfjár á bæjum. Huðnur, hafrar og kiðlingar til ásetnings.
Alifuglar	Alifuglar ræktaðir til kjöt- og/eða eggjaframleiðslu, samkvæmt skráningum. Hænsni, kalkúnar, endur og gæsir.
Svín	Svín ræktuð til kjötframleiðslu, samkvæmt skráningum. Gyltur, geltir og grísir í sláturstærð.

Við greiningu á einkennum búfjárræktar er reiknaður heildarfjöldi gripa af hverri búfjártegund, meðalfjöldi gripa á hverju búi, auk mið-, lægsta og hæsta gildis. Þá er reiknað hlutfall búa í hverri búgrein af heildarfjölda bújarða á svæðinu, þar sem stunduð er búfjárrækt. Þessi greining er fyrst og fremst gerð til að átta sig á hvað er lýsandi og einkennir búrekstur svæðisins, en líka til samanburðar og stærðarflokkunar.

Við stærðarflokkun búa er hver búgrein flokkuð í fjóra flokka þar sem túlkun á stærð meðalbús liggur sem næst mitt á milli meðaltals og miðgildis og teygni látin ráðast af hæsta- og lægsta gildi.

Flokkarnir eru:

- Lítið bú
- Lítið til meðalstórt bú
- Meðalstórt til stórt bú
- Stórt bú

Í úrvinnslu gagna frá línuleiðum og/eða valkostum er reynt að draga fram hver helstu einkennum búfjárræktar eru samkvæmt þessari flokkun. Þar sem um blönduð bú er að ræða er horft til samsetningar bústofns og metið hvaða búgrein eða búgreinar hafi mest vægi á viðkomandi búum og einkennum metin af stærðarflokkun þeirra.

Áhrif framkvæmda á búfjárrækt og búrekstur eru einkum metin m.t.t. nálægðar mannvirkja og framkvæmda við búrekstrarsvæði og hvort af framkvæmdum stafi einhver truflun á starfsemi á jörðunum. Áhrif á framkvæmdatíma eru m.a. metin út frá notkun heimreiða og þjónustuvega bújarða við aðfanga- og efnisflutninga auk umferðar um héraðs-, tengi- og stofnvegi. Einnig er horft til nálægðar línuleiða við bæjarhlöð og umfang framkvæmda í nágrenni við vinnusvæði búa, s.s. fjölda mastra, lengd vegslóða o.fl. Varanleg áhrif á búrekstur eru metin af nálægð línuleiða við bæjarhlöð, stærð og umfangi varanlegra mannvirkja og tengingum við þjónustuvegi. Einnig er horft til mögulegra opnana á girðingum utan um ræktunarlönd eða beitarhólf á framkvæmdatíma og mögulega umferð um þessar leiðir á rekstartíma línunnar.

Greining á umfangi og einkennum ræktunarlands og áhrifum framkvæmda

Greining og mat á ræktuðu landi byggir á upplýsingum úr Jörð.is⁴ og er miðað við skýrsluhaldsgögn frá viðmiðunarári. Í þeim gögnum má finna umfang túnræktar, kornræktar og garðyrkju. Einnig er greining á umfangi skógræktar þar sem stuðst er við upplýsingar um skipulögð skógræktarsvæði úr grunni Skógræktarinnar um skógrækt á lögbýlum.

Í greiningunni er ræktuðu landi á hverri línuleið skipt eftir annars vegar heildarstærð ræktaðs lands á bújörðunum og hins vegar eftir heildarstærð lands sem er nytjað til heyöflunar og jarðræktar á þeim. Í töflu 3 má finna skýringar á hugtökum sem eru notuð í þessu samhengi.

⁴ Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (e.d.) Jörð.is. Sótt af: <https://www.rml.is/is/forrit-og-skyrsluhald/jardraekt>

Tafla 2. Skýringar á hugtökum fyrir ræktað land og skógrækt.

Hugtök	Skýringar
Ræktað land	Stærð á ræktuðu landi bújarða á viðkomandi línuleið.
Hey	Stærð þess lands sem bújarðir á viðkomandi línuleið nýta til heyöflunar (bæði tún á heimajörð og öðrum jörðum).
Gras og grænófóðurræktun	Stærð þess lands sem er í nýræktun, endurræktun eða er nýtt til ræktunar grænófóðurs á bújörðum á viðkomandi línuleið.
Korn	Stærð þess lands sem nýtt er til kornræktar á bújörðum á viðkomandi línuleið.
Skógrækt	Stærð lands innan bújarða á línuleiðinni sem fellur undir samningsbundin skógræktarsvæði í samstarfi Skógræktarinnar og landeigenda (Skógrækt á lögbýlum).

Áhrif framkvæmda á ræktað land eru metin eftir því hve stórt helgunarsvæði framkvæmdaaðila er að flatarmáli og að hve miklu leyti það lendir innan skráðra ræktunarspildna. Skilgreining á helgunarsvæði miðast við 65 – 85 m breitt belti ef um 220 kV loftlínu er að ræða. Í skýrslunni er hvort tveggja, gerð grein fyrir heildarstærð þess lands sem búast má við að verði fyrir áhrifum af framkvæmdum á hverri línuleið en einnig hversu hátt hlutfall það er af ræktuðu landi á þeirri línuleið. Varanleg áhrif á ræktunarland vegna framkvæmda eru metin út frá umfangi varanlegra innviða fyrir rekstur línunnar t.d. línumastra ásamt tilheyrandi malarfyllum og vegslóðum. Að framkvæmdatíma loknum getur notkun á helgunarsvæði sem er utan varanlegra innviða línunnar verið óbreytt. Notkun getur þó verið háð takmörkunum og ekki er heimilt að reisa þar nein mannvirki⁵. Innan helgunarsvæðis eru jafnframt takmörk fyrir ræktun hávaxinna plöntutegunda t.d. ýmissa trjategunda.

Mat á stærð þess lands sem telja má álitlegt ræktunarland utan núverandi ræktunarspildna og línuleiðir liggja yfir er gert með sjónmati af loftmyndum. Þar eru m.a. skoðuð þau svæði sem eru næst núverandi ræktunarlandi og rýnt hvar helstu möguleikar eru til stækkunar á þeim spildum. Einnig er horft eftir hvort aðrir mögulegir staðir koma til greina t.d. þar sem land hefur verið framræst eða gróið vallendi er að finna. Þessi greining er ekki nákvæm en niðurstöður hennar má einkum nota til að bera saman valkosti. Þegar valkostur verður að aðalvalkosti gæti þurft að fara á vettvang, áður en framkvæmdaleyfi er gefið, til að meta hvort þessi svæði séu í raun ákjósanleg sem framtíðarræktunarland.

Skógrækt á bújörðum er talin til landbúnaðar ef um samningsbundin skógræktarverkefni á lögbýlum er að ræða. Í skýrslunni er skráð heildarstærð skógræktarlands á bújörðum á línuleiðum og fjöldi búa sem eru þátttakendur í samningsbundnum verkefnum.

Greining á gæðum og einkennum beitarlands og áhrifum framkvæmda

Mat á ástandi og gæðum úthaga og beitarlanda byggist á greiningu eftir loftmyndum auk upplýsinga úr vettvangsferð og af ljósmyndum. Við greiningar er jafnframt stuðst við vistgerðarkort NÍ og stöðumatskort Grólindar.

Flokkað var á einfaldan hátt, landinu skipt í tvo flokka, annars vegar land með greinilega gróðurhulu og hins vegar land sem er áberandi gróðurlítið og yfir í það að vera gróðurlaust. Leið línu yfir gróna og ógróna fláka var mæld út frá uppdrætti á öllum línuleiðum og hlutfall þeirra metið. Niðurstöður fyrir þessar greiningar eru eingöngu settar fram í töflum og texta fyrir hvern kafla línuleiðar. Bent skal á að hér er ekki um nákvæma greiningu að ræða en hún gefur til kynna hvers sé að vænta á hverju svæði

⁵ Landsnet (2022). *Holtavörðuheiðarlína 1 – Matsáætlun*. Sótt af: <https://landsnet.is/library/?itemid=3c6bef68-c679-40d2-8920-cc344379b9f1>

og gefur þannig samanburð milli valkosta. Með samanburði loftmynda við vistgerðakort NÍ má greina betur hvar sé að finna grasgefin vistkerfi í beitarlöndum.

Við mat á ástandi beitarlanda á línuleiðunum var í þessari skýrslu rýnt í ástandskort Grólinnar sem sýnir stöðumat á ástandi og heilbrigði vistkerfa. Stöðumat Grólinnar er unnið út frá gróðurhæð, þekju æðplantna, þekju óvarins jarðvegs, kolefni í jarðvegi og jarðvegsrofi. Farið er eftir einfaldri ástandsflokkun þar sem skipt er í fimm flokka (sjá töflu 3). Eftir því sem flokkur fær hærra einkunn því meiri er vistfræðileg virkni á svæðinu, betri vatnshagur, stöðugleikinn meiri og minna rof.⁶

Við mat á áhrifum framkvæmda á beitarlönd er að auki tekið tillit til stærðar helgunarsvæða.

Tafla 3. Einföld ástandsflokkun Grólinnar á vistkerfum.

Einföld ástandsflokkun Grólinnar	
Flokkur 1	Svæði með takmarkaða virkni í vistkerfinu og/eða lítinn stöðugleika auk mikils rofs (ástandseinkunn 5-12).
Flokkur 2	Svæði með lítinn stöðugleika og/eða litla vistfræðilega virkni (ástandseinkunn 13-16).
Flokkur 3	Svæði þar sem vistkerfi er með nokkra eða talsverða virkni og talsvert rof EÐA svæði með litla virkni og lítið rof, t.d. mosavaxin hraun EÐA svæði með nokkuð háa vistgerðaeinkunn en rof er töluvert/mikið, t.d. vel gróin svæði með virkum rofabörðum (ástandseinkunn 17-21).
Flokkur 4	Svæði með meðalvirku vistkerfi og/eða stöðuleika en með lítið rof eða svæði með mikla virkni vistkerfisins og frekar stöðug en með nokkuð rof, t.d. vel gróin svæði með rofabörðum (ástandseinkunn 22-26).
Flokkur 5	Svæði með mikla virkni vistkerfisins og lítið rof (ástandseinkunn 27-30).

⁶ Bryndís Marteinsdóttir ofl. (2020). *Stöðumat á ástandi gróður- og jarðvegsauðlinda Íslands – Aðferðafræði og faglegur bakgrunnur*. Sótt af: https://grolind.is/wp-content/uploads/2020/06/GroLind_stodumat_18_06_2020.pdf

Einkenni og grunnstaða landbúnaðar á línuleiðum

Heildaryfirlit

Landbúnaðarstarfsemi á áhrifasvæði línunnar einkennist af hefðbundinni búfjárrækt þ.e. ræktun nautgripa, sauðfjár og hrossa. Landbúnaður viðmiðunarsvæðisins einkennist einnig af sömu búgreinum en þar má einnig finna aðrar búgreinar á fáeinum jörðum, en í það litlum mæli að þær geta ekki talist til einkenna þess svæðis.

Ræktunarland á áhrifasvæði línunnar er aðeins breytilegt. Á láglandi og í byggð er það að mestu gróið og víða vel grasgefið og að stórum hluta gott til ræktunar. Jarðrækt einskorðast að mestu leyti við túnrækt. Kornrækt er stunduð á fáeinum jörðum en á flestum þeirra í litlum mæli og í einhverjum tilfella eru kornræktarspildur leigðar búum utan línuleiðar. Skógrækt er stunduð á fáeinum bújörðum.

Beitarlönd og úthagar á láglandi eru víðast mjög vel grónir og grasgefnir, en rýrari hagar eru á heiðum en nýttast þó ágætlega til sumarþeirra. Ástand beitarhaga er á flestum stöðum gott samkvæmt ástandskortagrunni Grólindar.

Í viðaukum 2 – 5 eru dregnir upp kaflar línuleiða og valkosta með skýringamyndum sem sýna umfang og einkenni búrekstrar.

Búfjárrækt

Á viðmiðunarsvæði (nærliggjandi héraði samkv. mynd 1) voru samkvæmt haustskýrslum fyrir árið 2021 skráðar 142 bújarðir með búfjárrækt. Þar af voru 76 með blandaðan búrekstur af einhverju tagi þ.e. samsetning bústofns byggðist á tveimur eða fleirum búfjártegundum. Á flestum búum eða 109 voru hross, á 98 búum var skráð sauðfé og nautgripir á 33. Tafla 4 sýnir einfalda tölfræðigreiningu fyrir umfang búrekstrar á bújörðum á viðmiðunarsvæðinu. Í greiningunni er einungis horft til búfjárræktar, þ.e. fjölda búfjár, fjölda bóa í hverri búgrein og hlutfall bóa í hverri búgrein af heildarfjölda bújarða með búfjárrækt á svæðinu.

Tafla 4. Upplýsingar um fjölda nautgripa, sauðfjár og hrossa á viðmiðunarsvæði.

Gripafjöldi	Nautgripir	Sauðfé	Hross
Samtals	3.050	19.266	2.145
Meðalfjöldi	92	197	20
Miðgildi	67	154	15
Hæsta gildi	423	904	117
Lægsta gildi	4	2	2
Fjöldi bóa	33	98	109
Hlutfall bóa í búfjárrækt af heildarfjölda bóa á áhrifasvæði	23%	69%	77%

Tafla 5 sýnir einfalda tölfræði fyrir umfang búrekstrar á bújörðum sem eru á áhrifasvæði línuleiða. Þetta er samskonar greining og í töflu 4 þar sem einungis er horft til búfjárræktar og nær til fjölda búfjár, fjölda bújarða þar sem hver búgrein er stunduð og hlutfall bóa í hverri búgrein af heildarfjölda bújarða þar sem stunduð er búfjárrækt. Að auki er í töflu 5 reiknað hve stór hver búgrein er á áhrifasvæði línunnar sem hlutfall af viðmiðunarsvæði. Það er gert bæði fyrir fjölda bóa og búfjár.

Tafla 5. Upplýsingar um fjölda nautgripa, sauðfjár og hrossa á línuleiðum og valkostum.

Gripafjöldi	Nautgripir	Sauðfé	Hross
Samtals	1199	3501	425
Meðalfjöldi	133	175	19
Miðgildi	96	78	14
Hæsta gildi	423	904	68
Lægsta gildi	11	2	3
Fjöldi bóa	9	20	22
Hlutfall bóa á áhrifasvæði með viðkomandi búfjárrækt	30%	67%	73%
Fjöldi bóa á áhrifasvæði línuleiða í viðkomandi búgrein sem hlutfall af heildarfjölda bóa á viðmiðunarsvæði í sömu búgrein	27%	20%	20%
Fjöldi búfjár af hverri tegund á línuleiðum sem hlutfall af heildarfjölda sömu tegundar á viðmiðunarsvæði	39%	18%	20%

Samkvæmt haustskýrslum fyrir árið 2021 byggir búfjárrækt á jörðum innan áhrifasvæðis línunnar eingöngu á „hefðbundnum búgreinum“ þ.e. hrossa-, nautgripa- og sauðfjárrækt. Þar eru 30 jarðir með skráða búfjárrækt, þar af 15 með blandaðan búrekstur. Hross eru á 22 bújörðum, 20 eru með sauðfé en nautgriparækt er á 9.

Ef áhrifasvæði línunnar er borið saman við viðmiðunarsvæðið má sjá að í nautgriparækt eru frávik í hlutfallslegum fjölda bújarða og einnig á umfangi búrekstrar hvað varðar stærð bóa. Nautgriparækt er hlutfallslega meiri á áhrifasvæði línunnar (30%, sjá töflu 5) en á viðmiðunarsvæði (23%, sjá töflu 4). Meðalfjöldi gripa á hverju bóa á áhrifasvæðinu er talsvert meiri en á viðmiðunarsvæði (133 / 92), enda er 39% af heildarfjölda nautgripa á viðmiðunarsvæðinu á bújörðum innan áhrifasvæðis línunnar.

Á áhrifasvæði línunnar er fjöldi sauðfjárþóa nánast í hlutfallslegu samræmi við fjölda á viðmiðunarsvæðinu. Búin þar eru þó að meðaltali heldur minni og miðgildi af sauðfjáfjölda er um helmingi lægra en á viðmiðunarsvæðinu sem sýnir að heilt yfir eru sauðfjárþóin talsvert minni á áhrifasvæði línunnar en á viðmiðunarsvæðinu.

Umfang hrossaræktar og hestahalds er sambærilegt á áhrifasvæði og á viðmiðunarsvæði. Hlutfallslegur fjöldi bóa og meðalfjöldi hrossa er mjög áþekkur á milli svæða.

Einkenni búfjárræktar á hverjum kafla línuleiðar og valkostum eru fyrst og fremst metin út frá fjölda bóa og heildarfjölda hverrar búfjárttegundar auk skiptingar þeirra í stærðarflokka eins og sýnt er í töflu 6. Skipting og stærðarflokkun byggir á gögnum og tölfræðigreiningu á viðmiðunarsvæði (töflu 4) sem er lýsandi fyrir einkenni á landbúnaði á áhrifasvæði og í nærliggjandi héraði. Hver þessara búgreina er flokkuð í fjóra flokka þar sem túlkun á stærð meðalbús liggur sem næst því að vera mitt á milli meðaltals og miðgildis og teygni látin ráðast af hæsta- og lægsta gildi. Í úrvinnslu gagna frá línuleiðum og/eða valkostum er reynt að draga fram hver helstu einkenni búfjárræktar eru samkvæmt þessari flokkun. Þar sem um blönduð bú er að ræða er horft til samsetningar bústofns og metið hvaða búgrein eða búgreinar hafi mest vægi á viðkomandi búum og einkenni metin af stærðarflokkun þeirra.

Tafla 6. Stærðarflokkun búgreina fyrir áhrifasvæði Holtavörðuheidiarlínu 1.

Búfjartegund	Flokkur	Fjöldi gripa
Nautgripir	Lítið	1 - 40
Nautgripir	Lítið til meðalstórt	41 - 80
Nautgripir	Meðalstórt til stórt	81 - 120
Nautgripir	Stórt	+ 120
Sauðfé	Lítið	1 - 75
Sauðfé	Lítið til meðalstórt	76 - 175
Sauðfé	Meðalstórt til stórt	176 - 350
Sauðfé	Stórt	+ 350
Hross	Lítið	1 - 10
Hross	Lítið til meðalstórt	11 - 20
Hross	Meðalstórt til stórt	21 - 40
Hross	Stórt	+ 40

Ræktunarland

Ræktunarland á áhrifasvæði línunnar er víða nokkuð gott og einkennist af framræstu mýrlendi og frjósömu vallendi. Víðast umlykur vel gróið land núverandi ræktunarland og því talsverðir möguleikar til aukinnar ræktunar. Jarðrækt snýr að mestu leyti að túnrækt. Kornrækt er stunduð á fáeinum jörðum en á flestum þeirra í litlum mæli og í einhverjum tilfella er kornið ræktað af búum utan áhrifasvæðis línuleiðar. Skráðar ræktunarspildur á línuleið eru í heild um 1400 ha, af þeim eru um 1200 ha nýttir til heyskapar og 100 ha nýttir til ræktunar á korni og grænfóðri. Hluti túna er heyjaður af bújörðum utan áhrifasvæðis línuleiðar en jafnframt sækja bú á áhrifasvæði heyskap á jörðum utan svæðisins. Munar þar um 70 ha þar sem bú utan svæðisins sækja meiri heyskap á áhrifasvæði en öndvert.

Skógrækt er stunduð á um 500 ha samtals á fáeinum jörðum. Línuleið og/eða línuvegir liggja um skógræktarsvæði á þremur jörðum.

Beitarland / úthagar

Línuleið og mögulegir valkostir eru víðast í grónu og grasgefnu landi. Hlutfall úthaga og beitarlanda er um 93% af heildarflatarmáli helgunarsvæðis línuleiða. Á láglandi eru beitarlönd og úthagar almennt algrónir og grasgefið land en á heiðum og landi sem liggur hærra eru hagar rýrari en þó nokkuð vel grónir og nýtast ágætlega til sumarbeitarar og þá aðallega fyrir sauðfé. Samkvæmt ástandskortagrunni Gróllindar flokkast beitarlönd í alla ástandsflokkana frá 1 til 5. Ástand er þó á flestum stöðum gott samkvæmt kortagrunninum.

Áhrif helgunarsvæða í úthögum og beitarlöndum hafa minna vægi en áhrif helgunarsvæða í ræktuðu landi þar sem reikna má með að notkun beitalanda breytist lítið eftir framkvæmdir og rýrnum lands takmarkast einungis við varanlega innviði t.d. malarfyllur við og undir línumöstrum og vegslóða. Notkun getur þó verið háð takmörkunum, á þessum svæðum má ekki reisa mannvirki og taka þarf tillit til helgunarsvæða við lagningu girðinga. Einnig er óæskilegt að skipuleggja skógrækt á helgunarsvæðum en beitarnot geta verið að mestu óbreytt.

Kafli A línuleiðar – Núverandi staða og umfang landbúnaðar

Heildaryfirlit – Kafli A

Umfang búrekstrar

Tafla 7. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á kafla A

Heildarumfang búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið A
Bújarðir	11
Nautgripir	214
Sauðfé	659
Hross	230
Ræktað land (ha.)	305
Hey (ha.)	253
Gras og grænfóðurræktun (ha.)	0
Korn (ha.)	5
Skógrækt (ha.)	165

Tafla 8. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á kafla A

Tegundir búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið A
Nautgripir 1-40	0
Nautgripir 41-80	0
Nautgripir 81-120	0
Nautgripir 120+	1
Sauðfé 1-75	3
Sauðfé 76-175	0
Sauðfé 176-350	0
Sauðfé 350+	1
Hross 1-10	1
Hross 11-20	4
Hross 21-40	3
Hross 41+	1
Garðrækt	0
Kornrækt	2
Skógrækt	1
Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð.	1

Tafla 9. Einkenni landbúnaðar á kafla A

Einkenni landbúnaðar á kafla A	
Almennt	Á flestum búum á línuleiðinni eru hross, en eitt bú er með nautgripi og annað með sauðfé sem flokkast „stór“, auk þriggja lítilla sauðfjárbúa. Lítið um jarðrækt.
Nautgripir	Eitt bú er með nautgripi og flokkast sem „stórt“
Sauðfé	Fjögur bú eru með sauðfé þar af er eitt „stórt“ en hin þrjú eru „lítil“.
Hross	Hross eru á níu jörðum, á einni er „stórt“ bú, eitt er „lítið“ en önnur teljast „meðalstór“.
Ræktað land	Stærð ræktaðs lands er umfram þarfir til heyöflunar fyrir þann búskap sem er innan línuleiðarinnar. Ræktað land er að mestu nýtt, en aðilar utan línuleiðar nytja lítinn hluta þess. Bú innan línuleiðar sækja ekki heyskap utan línuleiðar. Engin gras- og grænfóðurrækt er skráð á viðmiðmiðunarári, en á tveimur jörðum er skráð lítilsháttar kornrækt.
Skógrækt	Tvær jarðir eru þátttakendur í samningsbundnum skógræktarverkefnum. Ein jörð er þar fyrir utan með merktan skógræktarreit sem tilheyrir ekki samningsbundnu verkefni. Skógrættir á bújörðum á línuleið A eru utan framkvæmdasvæðis.
Annað	Innan línuleiðar eru tvær jarðir sem eru skilgreindar sem iðnaðarsvæði og eru þ.a.l. ekki taldar með í mati á áhrifum framkvæmda á landbúnað. Á þessum jörðum er skógrækt sem er ekki samningsbundið skógræktarverkefni á lögbýli.

Tafla 10. Lýsing og einkenni beitarhaga á kafla A .

Beitarhagar á kafla A	
Hlutfall línuleiðar í beitarlandi	97%
Hlutfall á grónu landi samkvæmt mati af loftmynd	70 - 80%
Ástandsflokkar Gróllindar	1, 3, 4 og 5
Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ	Graslendi, mólendi og votlendi
Texti um beitarhaga	
<ul style="list-style-type: none"> • Línuleið A fer nánast að öllu leyti um beitarland (land utan ræktunar- og skógræktarlands), eða u.þ.b. 97%. • Línan liggur um beitarlönd á láglendi og að hluta til yfir heiði sem nýtt er til sumarbeitar. • Samkvæmt loftmyndum og niðurstöðum úr vettvangsskoðun er beitarlandið nokkuð vel gróið, en samkvæmt grófu mati af loftmynd er hlutfall gróins lands á línuleið, metið af heild, 70 – 80%. Land er nánast algróið á láglendi en á þeim hluta leiðarinnar þar sem línan fer yfir Skarðsheiði er land rýrara og víða ógróið. • Samkvæmt greiningum af loftmyndum og á vettvangi má á áhrifasvæði kafla A víða finna land á láglendi sem telja má augljósa kosti til ræktunar, það á þó sérstaklega við um vestasta hluta línunnar (Hvalfjarðarsveit). • Að sjá af loftmyndum og niðurstöðum vettvangsferðar er gróður aðeins breytilegur eftir svæðum. Á láglendi syðst og vestast á línuleiðinni eru víðast hvar góðir beitarhagar sem einkennast af gras- og votlendisvistgerðum, á Skarðsheiðinni er gróður rýrari en hentar þó ágætlega sem sumarbeita fyrir sauðfé, norðan Skarðsheiðar er dæmigerður hagagróður með fjölbreyttum vistgerðum. • Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má finna vistgerðir á láglendi á línuleiðinni þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu eru ágætir beitarplöntur þ.e. vistgerðir í graslendi og votlendi. Yfir heiðina eru mólendi og skriður og melar ríkjandi vistlendi. • Samkvæmt ástandskorti Gróllindar flokkast land á þessari leið að mestu undir flokka 3, 4 og 5 en fellur niður í flokk 1 á hluta þess svæðis sem línan fer yfir á Skarðsheiðinni. 	

Tafla 11. Mat á stöðu landbúnaðar á línuleið, kafla A

Svæði	Staða landbúnaðar á svæðinu			Staða ræktunarlands			Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands			Viðkvæmni/ástand		
	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt
A		X			X			X			X	



Mynd 2. Vel grónir beitarhagar í Hvalfjarðarsveit, horft til norðurs í átt til Skarðsheiðar þar sem línuleið á kafla A er samsíða núverandi línu.

Staða og umfang landbúnaðar á valkostum A1 og A1.a

Umfang búrekstrar

Tafla 12. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum A1 og A1.a

Heildarumfang búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið A1	Fjöldi á leið A1.a
Bújarðir	2	3
Nautgripir	214	214
Sauðfé	49	49
Hross	30	43
Ræktað land (ha.)	164	199
Hey (ha.)	148	148
Gras og grænfóðurræktun (ha.)	0	0
Korn (ha.)	5	5
Skógrækt (ha.)	0	135

Tafla 13. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum A1 og A1.a

Tegundir búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið A1	Fjöldi á leið A1.a
Nautgripir 1-40	0	0
Nautgripir 41-80	0	0
Nautgripir 81-120	0	0
Nautgripir 120+	1	1
Sauðfé 1-75	1	1
Sauðfé 76-175	0	0
Sauðfé 176-350	0	0
Sauðfé 350+	0	0
Hross 1-10	1	1
Hross 11-20	1	2
Hross 26-40	0	0
Hross 41+	0	0
Garðrækt	0	0
Kornrækt	2	2
Skógrækt	0	1
Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nýttjuð frá annarri bújörð.	0	0

Tafla 14. Einkenni landbúnaðar á valkostum A1 og A1.a

Einkenni landbúnaðar á áhrifsvæði valkosta A1 og A1.a	
Almennt	Á áhrifsvæði valkostanna er stórt nautgripabú þar sem einnig er sauðfé og hross, en búrekstur þess einkenni þetta svæði. Önnur einkenni eru sömu á þessum valkostum enda um að ræða sömu bújarðir á þeim báðum utan þess að á svæði A1.a. þar sem núverandi lína fer um er að auki ein bújörð með hross.
Nautgripir	Eitt bú er með nautgripi sem flokkast „stórt“
Sauðfé	Eitt bú er með sauðfé sem flokkast „lítið“
Hross	Á valkosti A1 eru tvö bú með hross sem flokkast „lítið“ og „lítið til meðalstórt“. Á valkosti A1.a er eitt bú „lítið til meðalstórt“ þar til viðbótar við hin tvö.
Ræktað land	Stærð ræktaðs lands er umfram þarfir til heyöflunar fyrir þann búskap sem er innan valkosta. Ræktað land er að fullu nýtt, en aðili utan línuleiðar nýtjar hluta þess. Bú innan valkosta sækja ekki heyskap utan línuleiðar. Engin gras- og grænfróðurækt er skráð á viðmiðmiðunarári, á tveimur jörðum er skráð lítilsháttar kornrækt.
Skógrækt	Engin skógrækt er á valkostum.
Annað	Innan línuleiðar er ein jörð sem er skilgreind sem iðnaðarsvæði og er þ.a.l. ekki talin með í mati á áhrifum framkvæmda á landbúnað. Á þessari jörð er skógrækt sem ekki er samningsbundið skógræktarverkefni á lögbýli.

Tafla 15. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifsvæði valkosta A1 og A1.a.

	Beitarhagar á áhrifsvæði valkosta	
	A1	A1.a
Hlutfall línuleiðar í beitarlandi	88%	89%
Hlutfall á grónu landi samkvæmt mati af loftmynd	90 – 100%	70 – 80%
Ástandsflokkar Grólinnar	4 og 5	4 og 5
Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ	Graslendi og votlendi	Graslendi og votlendi
Texti um beitarhaga		
<ul style="list-style-type: none"> Báðir valkostir þessarar línuleiðar liggja að mestu leyti um beitarland (land utan ræktunar- og skógræktarlands), eða um 88% á A1 og 89% á A1.a. Valkostir liggja báðir um beitarlönd á láglendi sem mögulega má nýta til beitar á öllum tímum ársins. Samkvæmt loftmyndum og niðurstöðum úr vettvangsskoðun er umrætt beitarland vel gróið, en samkvæmt grófu mati af loftmynd er hlutfall gróins lands á valkosti A1 90 – 100%, en 70 – 80% á A1.a. Valkostir liggja nærri og fara að hluta um núverandi ræktunarland. Samkvæmt greiningum af loftmyndum og á vettvangi er landið að mestu gróið og góðir möguleikar til aukinnar ræktunar. Að sjá af loftmyndum og niðurstöðum vettvangsferðar eru á báðum valkostum góðir beitarhagar sem einkennast af gras- og votlendisvistgerðum, nánast enginn munur er á gæðum beitarhaga milli valkosta. Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má á báðum valkostum finna vistgerðir þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu eru ágætar beitarplöntur, þ.e. vistgerðir í graslendi og votlendi. Samkvæmt ástandskorti Grólinnar flokkast land á áhrifsvæði beggja valkosta undir flokka 4 og 5. 		

Tafla 16. Mat á stöðu landbúnaðar á valkostum A1 og A1.a

Svæði	Staða landbúnaðar á svæðinu			Staða ræktunarlands			Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands			Viðkvæmni/ástand		
	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt
A1			X			X			X			X
A1.a			X			X			X			X



Mynd 3. Ræktað land í Hvalfjarðarsveit, horft til suð-vesturs. Valkostur A1.a mun þvera ræktunarspildur sem eru næst á myndinni. Valkostur A1 liggur meðfram austur jaðri ræktunarspilda sem er fjær á mynd (spildur með rúllum).



Mynd 4. Útihús sem valkostur A1.a mun liggja nálægt.

Kafli B línuleiðar - Núverandi staða og umfang landbúnaðar

Heildaryfirlit – Kafli B

Umfang búrekstrar

Tafla 17. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á kafla B

Heildarumfang búrekstrar á línuleið	Fjöldi á kafla B
Bújarðir	16
Nautgripir	263
Sauðfé	849
Hross	103
Ræktað land (ha.)	446
Hey (ha.)	348
Gras og grænfóðurræktun (ha.)	17
Korn (ha.)	30
Skógrækt (ha.)	84

Tafla 18. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á kafla B

Tegundir búrekstrar á línuleið	Fjöldi á kafla B
Nautgripir 1-40	1
Nautgripir 41-80	0
Nautgripir 81-120	1
Nautgripir 120+	1
Sauðfé 1-75	3
Sauðfé 76-175	2
Sauðfé 176-350	2
Sauðfé 350+	0
Hross 1-10	3
Hross 11-20	2
Hross 21-40	2
Hross 41+	0
Garðrækt	0
Kornrækt	3
Skógrækt	3
Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð.	7

Tafla 19. Einkenni landbúnaðar á kafla B

Einkenni landbúnaðar á kafla B	
Almennt	Skráður búrekstur er á níu jörðum, eitt búanna flokkast sem „stórt“ en hin meðalstór eða lítil. Einkennandi fyrir þann búrekstur er sauðfjárrækt og hrossahald, en á tveimur búum eru nautgripir yfir meðalfjölda. Kornrækt er á þremur jörðum og á einni þeirra er kornrækt umfram þarfir búsin.
Nautgripir	Þrjú bú eru með nautgripi þar af eitt „stórt“, eitt „meðalstórt til stórt“ og eitt „lítið“.
Sauðfé	Sjö bú eru með sauðfé, þar af eru þrjú „lítil“ og fjögur meðalstór.
Hross	Hross eru haldin á sjö jörðum, þrjú búanna eru lítil og hin meðalstór.
Ræktað land	Stærð ræktaðs lands er umfram þarfir til heyöflunar fyrir þann búskap sem er innan línuleiðarinnar. Ekki eru öll tún á línuleiðinni heyjuð, hluti þeirra er nytjaður af jörðum sem eru á öðrum hluta línuleiðar, en aðilar utan línuleiðar nytja einnig lítinn hluta þeirra. Bú innan línuleiðar sækja mjög lítinn heyskap utan línuleiðar. Lítilsháttar gras- og grænófóðurrækt er skráð á viðmiðmiðunarári og á þremur jörðum er skráð kornrækt og á einni þeirra er korn ræktað til sölu.
Skógrækt	Á þrem jörðum er þátttaka í samningsbundnu skógræktarverkefni. Skógræktarsvæði einnar jarðar lendir innan áhrifasvæðis línunnar.
Annað	Ekkert tilgreint.

Tafla 20. Lýsing og einkenni beitarhaga á kafla B

Beitarhagar á kafla B	
Hlutfall línuleiðar í beitarlandi	92%
Hlutfall á grónu landi samkvæmt mati af loftmynd	90 – 100%
Ástandsflokkar Grólindar	3, 4 og 5
Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ	Graslendi og votlendi
Texti um beitarhaga	
<ul style="list-style-type: none"> Línuleið B fer að mestu leyti um beitarland (land utan ræktunar- og skógræktarlands) eða um 92% leiðarinnar. Línan liggur um beitarlönd á láglendi og byggir búskapur á þessari línuleið mikið til á úthagabeit. Samkvæmt loftmyndum og niðurstöðum úr vettvangsskoðun er beitarland mjög vel gróið með fáum undantekningum, en samkvæmt grófu mati af loftmynd er hlutfall gróins lands á línuleið u.þ.b. 90 – 100%. Landið er að mestum hluta nánast algróið nema á syðsta hluta leiðarinnar þar sem beitargróður er heldur rýrari og línuleiðin er um klapparholt. Samkvæmt greiningum af loftmyndum og á vettvangi má víða finna á línuleið B land þar sem eru augljósir og mjög góðir kostir til ræktunar nema þá helst á syðsta hluta hennar. Að sjá af loftmyndum og samkvæmt niðurstöðum vettvangsferðar eru víðast á línuleið B góðir og grasmiklir beitarhagar sem einkennast af gras- og votlendisvistgerðum. Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má á línuleiðinni finna láglendisvistgerðir þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu eru ágætar beitarplöntur, þ.e. vistgerðir í graslendi og votlendi. Samkvæmt ástandskorti Grólindar flokkast land á þessari leið að mestu undir flokka 3, 4 og 5. 	

Tafla 21. Mat á stöðu landbúnaðar á línuleið, kafla B

Svæði	Staða landbúnaðar á svæðinu			Staða ræktunarlands			Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands			Viðkvæmni/ástand		
	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt
B		X				X			X			X



Mynd 5. Bæjarsveit, horft til suðurs yfir grasmikla úthaga.

Staða og umfang landbúnaðar á valkostum B1 og B1.a

Umfang búrekstrar

Tafla 22. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum B1 og B1.a

Heildarumfang búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið B1	Fjöldi á leið B1.a
Bújarðir	2	2
Nautgripir	0	0
Sauðfé	20	20
Hross	20	20
Ræktað land (ha.)	9	9
Hey (ha.)	9	9
Gras og grænfóðurræktun (ha.)	0	0
Korn (ha.)	0	0
Skógrækt (ha.)	30	30

Tafla 23. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripfjölda á valkostum B1 og B1.a

Tegundir búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið B1	Fjöldi á leið B1.a
Nautgripir 1-40	0	0
Nautgripir 41-80	0	0
Nautgripir 81-120	0	0
Nautgripir 120+	0	0
Sauðfé 1-75	1	1
Sauðfé 76-175	0	0
Sauðfé 176-350	0	0
Sauðfé 350+	0	0
Hross 1-10	0	0
Hross 11-20	1	1
Hross 20-40	0	0
Hross 41+	0	0
Garðrækt	0	0
Kornrækt	0	0
Skógrækt	1	1
EKKI skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nýttuð frá annarri bújörð.	1	1

Tafla 24. Einkenni landbúnaðar á valkostum B1 og B1.a

Einkenni landbúnaðar á áhrifsvæði valkosta B1 og B1.a	
Almennt	Sömu bú eru á báðum áhrifsvæðunum. Á áhrifsvæði beggja valkostanna er annað búanna með skráðan búrekstur, þ.e. sauðfjárrækt, hross og skógrækt.
Nautgripir	Ekkert bú er með nautgripi.
Sauðfé	Eitt bú er með sauðfé og flokkast sem „lítið“.
Hross	Eitt bú er með hross og flokkast sem „lítið til meðalstórt“.
Ræktað land	Ræktað land er allt nýtt til heyöflunar fyrir bújörð á áhrifsvæði umræddra valkosta.
Skógrækt	Skógrækt er á annarri jörðinni á áhrifsvæði beggja valkostanna.
Annað	Ekkert tilgreint.

Tafla 25. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifsvæði valkosta B1 og B1.a.

Beitarhagar á áhrifsvæði valkosta		
	B1	B1.a
Hlutfall línuleiðar í beitarlandi	75%	79%
Hlutfall á grónu landi samkvæmt mati af loftmynd	90 – 100%	90 – 100%
Ástandsflokkar Grólinnar	3 og 4	3 og 4
Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ	Graslendi, mólendi og votlendi	Graslendi, mólendi og votlendi
Texti um beitarhaga		
<ul style="list-style-type: none"> Áhrifsvæði umræddra valkosta eru að stærstum hluta beitarland, þ.e. land utan ræktunar- og skógræktarlands, eða um 75% á B1 og 79% á B1.a. Valkostir liggja um beitarlönd á láglendi og byggir búskapur þar að nokkru leyti á úthagabeit. Samkvæmt loftmyndum og niðurstöðum úr vettvangsskoðun er umrætt beitarland nokkuð vel gróið og samkvæmt grófu mati af loftmynd er hlutfall gróins lands á línuleið 90 – 100%. Hluti þessa lands er þó hulin mosagróðri og hefur sá hluti lítið gildi sem beitarland. Ekki er hægt greina álitlegt land til ræktunar á þessari línuleið utan þess ræktunarlands sem fyrir er, nema helst til skógræktar. Af loftmyndum að dæma og samkvæmt niðurstöðum vettvangsferðar eru á norðurhluta beggja valkosta ágætir beitarhagar. Syðri hluti beggja valkosta er nokkuð kaflaskiptur, á áhrifsvæði valkosta B1.a má víða greina svæði þar sem beitargróður er frekar rýr, en ágætir blettir inn á milli, en valkostur B1 fer meira um land sem er heldur grasgefnara. Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má á línuleiðinni finna láglendisvistgerðir þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu eru ágætir beitarplöntur þ.e. vistgerðir í graslendi og votlendi. Stór hluti beggja valkosta fer um land þar sem mosavistgerðir eru áberandi og einkennandi en þær eru rýrar af beitargróðri. Samkvæmt ástandskorti Grólinnar fellur land á þessari leið að mestu undir flokka 3 og 4. 		

Tafla 26. Mat á stöðu landbúnaðar á valkostum B1 og B1.a

Svæði	Staða landbúnaðar á svæðinu			Staða ræktunarlands			Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands			Viðkvæmni/ástand		
	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt
B1	X				X			X			X	
B1.a	X				X			X			X	

Staða og umfang landbúnaðar á valkostum B2 og B2.a

Umfang búrekstrar

Tafla 27. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á línuleiðum B2 og B2.a

Heildarumfang búrekstrar á valkostum	Fjöldi á valkosti B2	Fjöldi á valkosti B2.a
Bújarðir	6	6
Nautgripir	149	149
Sauðfé	348	348
Hross	19	19
Ræktað land (ha.)	199	199
Hey (ha.)	249	249
Gras og grænfóðurræktun (ha.)	8	8
Korn (ha.)	12	12
Skógrækt (ha.)	0	0

Tafla 28. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum B2 og B2.a

Tegundir búrekstrar á valkosti	Fjöldi á valkosti B2	Fjöldi á valkosti B2.a
Nautgripir 1-40	0	0
Nautgripir 41-80	0	0
Nautgripir 81-120	0	0
Nautgripir 120+	1	1
Sauðfé 1-75	1	1
Sauðfé 76-175	1	1
Sauðfé 176-350	1	1
Sauðfé 350+	0	0
Hross 1-10	2	2
Hross 11-20	0	0
Hross 20-40	0	0
Hross 41+	0	0
Garðrækt	0	0
Kornrækt	1	1
Skógrækt	0	0
Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð.	2	2

Tafla 29. Einkenni landbúnaðar á valkostum B2 og B2.a

Einkenni landbúnaðar á valkostum B2 og B2.a	
Almennt	Sömu sex jarðir eru á báðum valkostum, þar af eru fjórar með skráðan búrekstur. Eitt þessara búa er „stórt“ bú með nautgripi en á hinum eru sauðfé og hross og teljast þau lítil til meðalstór. Kornrækt er á einni jörð umfram þarfir búsin. Stærstur hluti lands á öllum valkostum er vel gróinn, grasgefinn og mikil tækifæri til aukinnar ræktunar.
Nautgripir	Á áhrifasvæði valkostanna er eitt bú með nautgripi sem flokkast „stórt“.
Sauðfé	Sauðfjárrækt er á þremur bújörðum, eitt búanna er „lítið“, annað „lítið til meðalstórt“ og það þriðja „meðalstórt til stórt“.
Hross	Hrossa eru á tveimur jörðum, þau bú flokkast bæði „lítil“.
Ræktað land	Nær allt ræktað land á áhrifasvæði valkostanna er nýtt til fóðuröflunar af bújörðum á áhrifasvæðinu. Auk þess er yfir þriðjungur heyöflunar á jörðunum sóttur út fyrir valkosti. Á einni jörð er ræktað græn fóður og annarri er ræktað korn umfram þarfir búsin.
Skógrækt	Engin.
Annað	Ekkert.

Tafla 30. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta B2 og B2.a.

	Beitarhagar á valkostum	
	B2	B2.a
Hlutfall línuleiðar í beitarlandi	99%	91%
Hlutfall á grónu landi samkvæmt mati af loftmynd	u.þ.b. 100%	u.þ.b. 100%
Ástandsflokkar Grólinnar	5	5
Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ	Graslendi og votlendi	Graslendi og votlendi
Texti um beitarhaga		
<ul style="list-style-type: none"> Valkostur B2 liggur nánast að öllu leyti (99% af lengd) um beitarland (land utan ræktunar- og skógræktarlands) og 91% af valkosti B2.a fer um beitarland. Á báðum valkostum liggur línan um beitarlönd á láglendi og byggir búskapur á þessari línuleið mikið til á úthagabeit. Samkvæmt loftmyndum og niðurstöðum úr vettvangsskoðun er beitarland beggja valkosta algróið og grasmikið og að stórum hluta gott til ræktunar. Að sjá af loftmyndum og samkvæmt niðurstöðum vettvangsferðar eru beitarhagar á báðum valkostum mjög grasmiklir og einkennast af gras- og votlendisvistgerðum. Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má á línuleiðinni finna láglendisvistgerðir þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu eru ágætar beitarplöntur þ.e. vistgerðir í graslendi og votlendi. Samkvæmt ástandskorti Grólinnar flokkast allt land á áhrifasvæði valkostanna undir flokka 5. 		

Tafla 31. Mat á stöðu landbúnaðar á valkostum B2 og B2.a

Svæði	Staða landbúnaðar á svæðinu			Staða ræktunarlands			Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands			Viðkvæmni/ástand		
	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt
B2		X				X			X		X	
B2.a		X				X			X			X



Mynd 6. Bæjarsveit, horft til suðurs yfir grösuga beitarhaga og ræktuð lönd.



Mynd 7. Bæjarsveit. Horft til suðvesturs yfir vel gróið land sem línuleiðir allar valkosta kafla B munu liggja um.

Staða og umfang landbúnaðar á valkostum B3, B4, og B3.a,B4.a

Umfang búrekstrar

Tafla 32. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum B3, B4 og B3.a,B4.a

Heildarumfang búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið B3	Fjöldi á leið B4	Fjöldi á leið B3.a,B4.a
Bújarðir	13	13	13
Nautgripir	114	263	263
Sauðfé	409	740	740
Hross	51	58	58
Ræktað land (ha.)	438	417	397
Hey (ha.)	194	334	334
Gras og grænfóðurræktun (ha.)	15	17	17
Korn (ha.)	53	30	30
Skógrækt (ha.)	54	54	54

Tafla 33. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripfjölda á valkostum B3, B4 og B3.a, B4.a

Tegundir búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið B3	Fjöldi á leið B4	Fjöldi á leið B3.a,B4.a
Nautgripir 1-40	1	1	1
Nautgripir 41-80	0	0	0
Nautgripir 81-120	1	1	1
Nautgripir 120+	0	1	1
Sauðfé 1-75	2	2	2
Sauðfé 76-175	0	1	1
Sauðfé 176-350	1	2	2
Sauðfé 350+	0	0	0
Hross 1-10	3	3	3
Hross 11-20	1	1	1
Hross 20-40	1	1	1
Hross 41+	0	0	0
Garðrækt	0	0	0
Kornrækt	4	3	3
Skógrækt	2	2	2
Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð.	2	3	4

Tafla 34. Einkenni landbúnaðar á valkostum B3, B4 og B3.a, B4.a

Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæði valkosta B3, B4 og B3.a, B4.a	
Almennt	<p>Á áhrifasvæði allra valkostanna eru 13 jarðir.</p> <p>Á valkosti B3 eru 11 jarðir með skráðan búrekstur, flest bú eða 2/3 þeirra eru „lítil“ eða undir meðalstærð og ekkert flokkast sem „stórt“.</p> <p>Á valkosti B4 eru 10 jarðir með skráðan búrekstur. Einkennandi fyrir þann búrekstur eru sauðfjárrækt og hrossahald, en á tveimur búum eru nautgripir yfir meðalfjölda.</p> <p>Á valkosti B3.a, B4.a eru 9 jarðir með skráðan búrekstur. Einkennandi fyrir þann búrekstur eru sauðfjárrækt og hrossahald, en á tveimur búum eru nautgripir yfir meðalfjölda.</p> <p>Talsverð kornrækt á öllum valkostum þó heldur meiri á B3 en hinum. Ein jörð á valkosti B4 og B3.a, B4.a er með helming kornræktarinnar á B3 og á því búi er ræktað korn umfram þarfir búsins.</p> <p>Stærstur hluti lands á öllum valkostum er vel gróinn, grasgefinn og mikil tækifæri til aukinnar ræktunar.</p>
Nautgripir	<p>Á áhrifasvæði valkosta B3 eru tvö bú með nautgripi, eitt „lítið“ og annað „meðalstórt til stórt“.</p> <p>Á valkosti B4 og B3.a, B4.a eru þrjú bú með nautgripi þar af eitt „stórt“, eitt „meðalstórt til stórt“ og eitt „lítið“.</p>
Sauðfé	<p>Á valkosti B3 eru þrjú bú með sauðfé þar af eru tvö „lítil“ og eitt meðalstórt.</p> <p>Á valkostum B4 og B3.a, B4.a eru fimm bú með sauðfé þrjú „lítil“ og tvö meðalstór.</p>
Hross	<p>Á öllum valkostum eru fimm bú með hross, þrjú lítil og hin meðalstór.</p>
Ræktað land	<p>Stærð ræktaðs lands er umfram þarfir til heyöflunar fyrir þann búskap sem er innan valkosta.</p> <p>Á valkosti B3 er um helmingur ræktaðs lands nýttur af bújörðum utan valkosta.</p> <p>Á valkostum B4 og B3.a, B4.a er um fjórðungur ræktaðs lands nýttur af bújörðum utan þeirra valkosta. Bú innan valkosta sækja að hluta heyskap utan valkosta. Á öllum valkostum er nokkur gras- og grænfóðurrækt skráð á viðmiðmiðunarári og á þremur jörðum er skráð kornrækt og á einni þeirra ræktað korn til sölu.</p>
Skógrækt	<p>Á tveim jörðum er þátttaka í samningsbundnu skógræktarverkefni. Gildir fyrir alla valkosti.</p>
Annað	<p>Ekkert tilgreint.</p>

Tafla 35. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta B3, B4 og B3.a, B4.a.

	Beitarhagar á áhrifasvæði valkosta		
	B3	B4	B3.a,B4.a
Hlutfall línuleiðar í beitarlandi	92%	99%	96%
Hlutfall á grónu landi samkvæmt mati af loftmynd	u.þ.b. 100%	u.þ.b. 100%	u.þ.b. 100%
Ástandsflokkar Grólinnar	4 og 5	5	5
Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ	Graslendi og votlendi	Graslendi og votlendi	Graslendi og votlendi
	Texti um beitarhaga		
	<ul style="list-style-type: none"> Valkostir liggja að mestu leyti um beitarlönd (lönd utan ræktunar- og skógræktarlands) eða 92 – 99% af heildarlengd hvers valkosta. Í öllum tilfellum myndi línar liggja um beitarlönd á láglandi og byggir búskapur á þessari línuleið mikið til á úthagabeit. Samkvæmt loftmyndum og niðurstöðum úr vettvangsskoðun er beitarland á áhrifasvæði allra þessara valkosta nánast algróið og grasmikið. Reikna má með að stór hluti þessa lands sé góður til ræktunar. Að sjá af loftmyndum og samkvæmt niðurstöðum vettvangsferðar eru beitarhagar á öllum valkostum mjög grasmiklir og einkennast af gras- og votlendisvistgerðum. Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má á línuleiðum sem falla undir þessa valkosti finna vistgerðir þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu eru ágætar beitarplöntur þ.e. vistgerðir í graslandi og votlendi. Samkvæmt ástandskorti Grólinnar flokkast allt land á áhrifasvæði valkosta B4 og B3.,B4.a undir flokk 5. Á valkosti B4 flokkast allt land í flokk 5 utan lítills hluta sem fellur í flokk 4. 		

Tafla 36. Mat á stöðu landbúnaðar á valkostum B3, B4 og B3.a,B4.a

Svæði	Staða landbúnaðar á svæðinu			Staða ræktunarlands			Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands			Viðkvæmni/ástand		
	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt
B3		X				X			X		X	
B4			X			X			X	X		
B3.a, B4.a			X			X			X			X

Staða og umfang landbúnaðar á valkostum B5 og B5.a

Umfang búrekstrar

Tafla 37. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum B5 og B5.a

Heildarumfang búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið B5	Fjöldi á leið B5.a
Bújarðir	2	2
Nautgripir	0	0
Sauðfé	106	106
Hross	25	25
Ræktað land (ha.)	100	100
Hey (ha.)	96	96
Gras og grænfóðurræktun (ha.)	0	0
Korn (ha.)	0	0
Skógrækt (ha.)	0	0

Tafla 38. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum B5 og B5.a

Tegundir búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið B5	Fjöldi á leið B5.a
Nautgripir 1-40	0	0
Nautgripir 41-80	0	0
Nautgripir 81-120	0	0
Nautgripir 120+	0	0
Sauðfé 1-75	1	1
Sauðfé 76-175	1	1
Sauðfé 176-350	0	0
Sauðfé 350+	0	0
Hross 1-10	0	0
Hross 11-20	0	0
Hross 20-40	1	1
Hross 41+	0	0
Garðrækt	0	0
Kornrækt	0	0
Skógrækt	0	0
EKKI skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð.	0	0

Tafla 39. Einkenni landbúnaðar á áhrifsvæði valkosta B5 og B5.a

Einkenni landbúnaðar á áhrifsvæði valkosta B5 og B5.a	
Almennt	Sömu tvær jarðirnar eru á áhrifsvæði beggja valkosta, báðar með skráða sauðfjárrækt og einnig er hrossarækt á annarri.
Nautgripir	Engir.
Sauðfé	Á annarri jörðinni flokkast sauðfjárræktin sem „lítil“ en „lítil til meðalstór“ á hinni.
Hross	Hrossarækt er á annarri jörðinni og flokkast hún „meðalstór til stór“.
Ræktað land	Mestur hluti ræktaðs lands er nýttur til heyöflunar af bújörðunum á áhrifsvæði valkostanna. Frá annarri jörðinni er einnig aflað heyja á jörð utan áhrifsvæðis.
Skógrækt	Engin.
Annað	Ekkert tilgreint.

Tafla 40. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta B5 og B5.a.

Beitarhagar á áhrifasvæði valkosta		
	B5	B5.a
Hlutfall línuleiðar í beitarlandi	100%	83%
Hlutfall á grónu landi samkvæmt mati af loftmynd	u.þ.b. 100%	u.þ.b. 100%
Ástandsflokkar Grólindar	5	5
Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ	Graslendi og votlendi	Graslendi og votlendi
Texti um beitarhaga		
<ul style="list-style-type: none"> Valkostur B5 liggur að öllu leyti um beitarland (land utan ræktunar- og skógræktarlands) og 83% af valkosti B5.a. Hvort sem valinn væri kostur B5 eða B5.a lægi línán um beitarlönd á láglandi og byggir búskapur á þessari línuleið mikið til á úthagabeit. Samkvæmt loftmyndum og niðurstöðum úr vettvangsskoðun er beitarland beggja valkosta algróið og grasgefið og reikna má með að nánast allt það land sé gott til ræktunar. Að sjá af loftmyndum og samkvæmt niðurstöðum vettvangsferðar eru beitarhagar á báðum valkostum mjög grasmiklir og einkennast af gras- og votlendisvistgerðum. Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má á línuleiðinni finna láglandisvistgerðir þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu eru ágætar beitarplöntur þ.e. vistgerðir í graslandi og votlendi. Samkvæmt ástandskorti Grólindar flokkast allt land á valkostum undir flokka 5. 		

Tafla 41. Mat á stöðu landbúnaðar á valkostum B5 og B5.a

Svæði	Staða landbúnaðar á svæðinu			Staða ræktunarlands			Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands			Viðkvæmni/ástand		
	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt
B5		X			X					X	X	
B5.a		X			X					X	X	

Kafli C línuleiðar – Núverandi staða og umfang landbúnaðar

Heildaryfirlit – Kafli C

Umfang búrekstrar

Tafla 42. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á kafla C

Heildarumfang búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið C
Bújarðir	10
Nautgripir	668
Sauðfé	1734
Hross	89
Ræktað land (ha.)	410
Hey (ha.)	494
Gras og grænfóðurræktun (ha.)	32
Korn (ha.)	0
Skógrækt (ha.)	164

Tafla 43. Fjöldi jarða flokkaðar eftir búrekstri og gripfjölda á kafla C

Tegundir búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið C
Nautgripir 1-40	1
Nautgripir 41-80	1
Nautgripir 81-120	0
Nautgripir 120+	2
Sauðfé 1-75	2
Sauðfé 76-175	1
Sauðfé 176-350	2
Sauðfé 350+	1
Hross 1-10	2
Hross 11-20	2
Hross 21-40	0
Hross 41+	1
Garðrækt	0
Kornrækt	0
Skógrækt	1
Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð.	2

Tafla 44. Einkenni landbúnaðar á kafla C

Einkenni landbúnaðar á kafla C	
Almennt	Skráður búrekstur á línuleið C er á sjö jörðum, á sex þeirra er búrekstur yfir meðallagi og flokkast á fjórum þeirra „stór“ og nokkuð jafnt eftir tegundum búfjár. Á einni jörð er skógrækt. Ræktarland er minna en þarfir búrekstrar þessara jarða og sækja bú heyskap utan línuleiðar eða á öðrum hluta hennar. Engin kornrækt er á þessu svæði. Úthagar eru víða rýrir en á köflum grónir og grasgefnir. Tækifæri til aukinnar ræktunar eru fyrir hendi en takmörkuð.
Nautgripir	Fjögur bú eru með nautgripi. Þar af eru tvö „stór“, eitt „lítið til meðalstórt“ og eitt „lítið“.
Sauðfé	Sex bú eru með sauðfé þar af eru tvö „lítil“ og eitt „stórt“ en þrjú meðalstór.
Hross	Hross eru á fimm jörðum, tvö „lítil“, tvö „lítil til meðalstórt“ og eitt flokkast sem „stórt“.
Ræktaðs land	Ræktað land er minna en þörf er fyrir til heyöflunar fyrir þann búskap sem er innan línuleiðar. Sum búanna sækja heyskap út fyrir línuleiðina en lítill hluti túna á línuleiðinni eru heyjuð af búum utan línuleiðarinnar. Talsverð gras- og/eða grænfróðurækt er skráð á viðmiðmiðunarári á þremur jörðum.
Skógrækt	Á einni jörð er þátttaka í samningsbundnu skógræktarverkefni.
Annað	Innan línuleiðar er skilgreind landareign sem er skógræktarsvæði og tilheyrir Skógræktinni. Þetta land hefur eigið fasteignanúmer, en er ekki samningsbundið skógræktarsvæði á lögbýli og er því ekki talið með í mati á áhrifum framkvæmda á landbúnað.

Tafla 45. Lýsing og einkenni beitarhaga á kafla C.

Beitarhagar á kafla C	
Hlutfall línuleiðar í beitarlandi	87%
Hlutfall á grónu landi samkvæmt mati af loftmynd	90 – 100%
Ástandsflokkar Grólinnar	2, 3, 4 og 5
Áberandi vistgerðir sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ	Graslendi, votlendi og mólendi
Texti um beitarhaga	
<ul style="list-style-type: none"> Línuleið C liggur að mestu leyti um beitarland (land utan ræktunar- og skógræktarlands) eða um 87% leiðarinnar. Línan liggur um beitarlönd á láglendi og byggir búskapur á þessari línuleið mikið til á úthagabeit. Samkvæmt loftmyndum og niðurstöðum úr vettvangsskoðun er beitarlandið nokkuð vel gróið, en samkvæmt grófu mati af loftmynd er hlutfall gróins lands á línuleið 90 – 100%. Beitarhagar eru víða grasmiklir og einkennast af gras- og votlendisvistgerðum en á milli eru klapparholt og hálfgrónir melhryggir með mjög rýrum beitargróðri. Norðurhluti línuleiðarinnar, þar sem hún liggur upp á Grjótháls og talsvert hærra, er gróður heldur rýrari og land hentar aðallega til sumarbeitar. Samkvæmt greiningum á loftmyndum og niðurstöðum af vettvangi má á fáeinum jörðum á línuleiðinni finna land sem virðist henta vel til ræktunar. Það á einkum við syðri hluta línuleiðarinnar og um miðbik hennar. Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má finna á láglendi á línuleiðinni vistgerðir þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu eru ágætar beitarplöntur þ.e. vistgerðir í graslendi og votlendi. Samkvæmt ástandskorti Grólinnar fellur land á þessari leið að mestu undir flokka 2, 3, 4 og 5. Á syðri hluta hennar og í þverárlíð að Grjóthálsi, flokkast land línuleiða að mestu í flokka 4 og 5. Norðurhluti lands á línuleiðinni fellur að stórum hluta í ástandsflokka 2 og 3 en fer annars í flokk 4. 	

Tafla 46. Mat á stöðu landbúnaðar á línuleið, kafla C

Svæði	Staða landbúnaðar á svæðinu			Staða ræktunarlands			Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands			Viðkvæmni/ástand		
	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt
C			X			X	X					X



Mynd 8. Kafli C, syðsti hluti línuleiðar, horft til norðurs.

Staða og umfang landbúnaðar á valkostum C1, C2 og C1.a,C2.a

Umfang búrekstrar

Tafla 47. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum C1, C2 og C1.a, C2.a

Heildarumfang búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið C1	Fjöldi á leið C2	Fjöldi á leið C1.a,C2.a
Bújarðir	8	8	8
Nautgripir	493	493	668
Sauðfé	1590	1590	1390
Hross	98	98	84
Ræktað land (ha.)	385	385	380
Hey (ha.)	320	320	455
Gras og grænófóðurræktun (ha.)	20	20	32
Korn (ha.)	0	0	0
Skógrækt (ha.)	0	0	0

Tafla 48. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á valkostum C1, C2 og C1.a, C2.a

Tegundir búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið C1	Fjöldi á leið C2	Fjöldi á leið C1.a,C2.a
Nautgripir 1-40	1	1	1
Nautgripir 41-80	1	1	1
Nautgripir 81-120	0	0	0
Nautgripir 120+	1	1	2
Sauðfé 1-75	2	2	2
Sauðfé 76-175	1	1	1
Sauðfé 176-350	2	2	1
Sauðfé 350+	1	1	1
Hross 1-10	1	1	1
Hross 11-20	1	1	2
Hross 20-40	1	1	0
Hross 41+	1	1	1
Garðrækt	0	0	0
Kornrækt	0	0	0
Skógrækt	0	0	0
Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð.	2	2	2

Tafla 49. Einkenni landbúnaðar á valkostum C1, C2 og C1.a,C2.a

Einkenni landbúnaðar á áhrifsvæði valkosta C1, C2 og C1.a,C2.a	
Almennt	<p>Á áhrifsvæði valkostanna eru í heild 9 jarðir og á öllum þeirra eru sex þessara jarða með skráðan búrekstur.</p> <p>Á áhrifsvæðum allra valkosta dreifist flokkun á stærð búa og búfjartegunda nokkuð jafnt yfir alla flokka.</p> <p>Ræktarland er umfram þarfir á áhrifsvæði valkosta C1 og C2 en jarðir á valkosti C1.a,C2.a sækja heyskap utan línuleiðar eða á öðrum hluta hennar. Engin kornrækt er á þessu svæði. Úthagar eru víða rýrir en á köflum grónir og grasgefnir. Tækifæri til aukinnar ræktunar eru fyrir hendi en takmörkuð.</p>
Nautgripir	<p>Á áhrifsvæði valkosta C1 og C2 eru þrjú bú með nautgripi, eitt „stórt“, eitt „stórt til meðalstórt“ og eitt „lítið“.</p> <p>Á áhrifsvæði valkosta C1.a, C2.a eru fjögur bú með nautgripi þar af tvö „stór“, eitt „meðalstórt til stórt“ og eitt „lítið“.</p>
Sauðfé	<p>Á valkostum C1 og C2 eru sex bú með sauðfé þar af eru tvö „lítil“, eitt „stórt“ og þrjú meðalstór.</p> <p>Á valkosti C1.a, C2.a, eru fimm bú með sauðfé þar af tvö „lítil“, eitt „stórt“ og tvö meðalstór.</p>
Hross	<p>Á öllum valkostum eru fjögur bú með hross, eitt lítið, eitt stórt og tvö meðalstór.</p>
Ræktað land	<p>Stærð ræktaðs lands er umfram þarfir til heyöflunar fyrir þann búrekstur sem er innan valkosta C1 og C2 og er hluti túna nýttur af bújörðum utan valkostanna. Á valkosti C1.a, C2.a er ræktað land á hinn bóginn minna en þarfir fyrir land til heyöflunar fyrir þann búrekstur sem er innan valkosta. Sækja bújarðir á línuleiðinni heyskap á jarðir utan valkosta.</p> <p>Á öllum valkostum er nokkur gras- og/eða grænófóðurrækt skráð á viðmiðunarári.</p>
Skógrækt	<p>Engin jörð innan valkosta er með samningsbundið skógræktarsvæði.</p>
Annað	<p>Innan valkosta er skilgreind landareign sem er skógræktarsvæði og tilheyrir Skógræktinni. Þetta land er með eigið fasteignanúmer, en er ekki samningsbundið skógræktarsvæði á lögbýli og er því ekki talið með í mati á áhrifum framkvæmda á landbúnað.</p>

Tafla 50. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta C1, C2 og C1.a, C2.a.

	Beitarhagar á áhrifasvæði valkosta		
	C1	C2	C1.a,C2.a
Hlutfall línuleiðar í beitarlandi	96%	98%	80%
Hlutfall á grónu landi samkvæmt mati af loftmynd	90 – 100%	90 – 100%	90 – 100%
Ástandsflokkar Grólinrar	3, 4 og 5	3,4 og 5	4 og 5
Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ	Graslandi, mólendi og votlendi	Graslandi, mólendi og votlendi	Graslandi og votlendi
Texti um beitarhaga			
<ul style="list-style-type: none"> Valkostir C1 og C2 liggja að mestu leyti um beitarlönd (lönd utan ræktunar- og skógræktarlands) eða 96 – 98% af heildarlengd hvors valkosta. 80% valkosta C1.a,C2.a liggja um beitarland. Á öllum valkostum liggur línar um beitarlönd á láglendi og byggir búskapur á þessari línuleið mikið til á úthagabeit. Samkvæmt loftmyndum og niðurstöðum úr vettvangsskoðun eru beitarhagar allra valkosta nokkuð vel grónir en eru þó víða frekar rýrir að grasgæðum. Inn á milli eru þó góðir og grasmiklir hagar sem eru algrónir og einkennast af gras- og votlendisvistgerðum. Á valkosti C1.a,C2.a liggur línar að mestu um haga sem eru nokkuð vel grónir og grasgefnir en á valkostum C1 og C2 er talsvert af klapparholtum og gróðurrýrum melhryggjum en þó eru grasmiklir beitarhagar þar á milli sem einkennast af gras- og votlendisvistgerðum. Ekki eru margir augljósir kostir til ræktunar í þeim úthögum sem valkostirnir liggja um nema helst það land sem næst er ræktunarspildum sem nú eru í notkun, það á einkum við valkost C1.a,C2.a., en á valkostum C1 og C2 eru tækifæri til ræktunar takmörkuð við syðsta hluta línuleiðanna. Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má á línuleið valkosta C1.a, C2.a finna vistgerðir þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu eru ágætar beitarplöntur þ.e. vistgerðir í graslandi og votlendi. Á valkostum C1 og C2 er vistlendi fjölbreyttara, þar má finna vistlendi sem einkennist af ágætum beitarplöntum þ.e.a.s. graslandi og votlendi en einnig er talsvert af vistlendi þar sem beitargróður er rýrari t.d. mólendi, moslandi og mel- og sandlandi. Einnig fara valkostir C1 og C2 um skóglendi sem er að hluta til friðað fyrir búfjárbreit. Samkvæmt ástandskorti Grólinrar flokkast meiri hluti lands á valkosti C1.a,C2.a í flokk 5 og að litlu leyti í flokk 4. Á því svæði sem valkostir C1 og C2 liggja um fellur land að stærstum hluta í ástandsflokk 4, en einnig að hluta í flokk 3 og 5. 			

Tafla 51. Mat á stöðu landbúnaðar á valkostum C1, C2 og C1.a og C2.a

Svæði	Staða landbúnaðar á svæðinu			Staða ræktunarlands			Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands			Viðkvæmni/ástand		
	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt
C1		X				X		X				X
C2		X				X		X				X
C1.a, C2.a			X			X		X				X

Staða og umfang landbúnaðar á valkostum C3, C4 og C3.a, C4.a

Umfang búrekstrar

Tafla 52. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á valkostum C3, C4 og C3.a, C4.a

Heildarumfang búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið C3	Fjöldi á leið C4	Fjöldi á leið C3.a, C4.a
Bújarðir	9	9	10
Nautgripir	640	640	668
Sauðfé	723	723	1734
Hross	64	64	89
Ræktað land (ha.)	456	456	410
Hey (ha.)	382	382	494
Gras og grænfróðuræktun (ha.)	32	32	32
Korn (ha.)	0	0	0
Skógrækt (ha.)	164	164	164

Tafla 53. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripfjölda á valkostum C3, C4 og C3.a, C4.a

Tegundir búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið C3	Fjöldi á leið C4	Fjöldi á leið C3.a, C4.a
Nautgripir 1-40	0	0	1
Nautgripir 41-80	1	1	1
Nautgripir 81-120	0	0	0
Nautgripir 120+	2	2	2
Sauðfé 1-75	2	2	2
Sauðfé 76-175	1	1	1
Sauðfé 176-350	2	2	2
Sauðfé 350+	0	0	1
Hross 1-10	2	2	2
Hross 11-20	2	2	2
Hross 20-40	1	1	0
Hross 41+	0	0	1
Garðrækt	0	0	0
Kornrækt	0	0	0
Skógrækt	1	1	1
Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð.	2	2	2

Tafla 54. Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæðum valkosta C3, C4 og C3.a, C4.a

Einkenni landbúnaðar á áhrifasvæðum valkosta C3, C4 og C3.a, C4.a	
Almennt	<p>Á áhrifasvæði valkostanna eru í heild 12 jarðir. Á áhrifasvæðum valkosta C3 og C4 eru sömu bújarðir og eru sex þeirra jarða með skráða búfjárrækt og ein með skógrækt. Á valkosti C3.a, C4.a eru sjö jarðir með skráða búfjárrækt og á einni er skógrækt.</p> <p>Á öllum áhrifasvæðunum dreifist flokkun á stærð búa og búfjartegunda nokkuð jafnt yfir alla flokka.</p> <p>Ræktarland er umfram þarfir á valkostum C3 og C4 en jarðir á valkosti C3.a, C4.a sækja heyskap utan valkosta. Engin kornrækt er á þessu svæði. Úthagar eru víða rýrir en einnig á köflum grónir og grasgefnir. Tækifæri til aukinnar ræktunar eru fyrir hendi en takmörkuð.</p>
Nautgripir	<p>Á valkostum C3 og C4 eru þrjú bú með nautgripi, eitt „stórt til meðalstórt“ og tvö „stór“.</p> <p>Á valkosti C3.a, C4.a eru fjögur bú með nautgripi, þar af eitt „lítið“, eitt „meðalstórt til stórt“ og tvö „stór“.</p>
Sauðfé	<p>Á valkostum C3 og C4 eru fimm bú með sauðfé, þar af eru tvö „lítil“ og þrjú meðalstór.</p> <p>Á valkosti C3.a, C4.a, eru sex bú með sauðfé, þar af tvö „lítil“, eitt „stórt og þrjú meðalstór.</p>
Hross	<p>Á öllum valkostum eru fimm bú með hross. Á valkostum C3 og C4 skiptast þau í tvö „lítil“, tvö „lítil til meðalstór og eitt „stórt til meðalstórt“ en á valkosti C3.a, C4.a í tvö „lítil“, tvö „lítil til meðalstór og eitt „stórt“</p>
Ræktað land	<p>Stærð ræktaðs lands er umfram þarfir fyrir land til heyöflunar fyrir þann búrekstur sem er innan valkosta C3 og C4 og er hluti túna nýttur af bújörðum utan valkostanna. Á valkosti C3.a, C4.a er á hinn bóginn minna ræktað land en þörf er fyrir til heyöflunar fyrir þann búrekstur sem er innan valkosta. Sækja bújarðir á valkostum heyskap á jarðir utan valkosta.</p> <p>Á öllum valkostum er nokkur gras- og/eða græn fóðurrækt skráð á viðmiðunarári.</p>
Skógrækt	<p>Á einni jörð innan áhrifasvæðis valkosta er samningsbundið skógræktarsvæði.</p>
Annað	<p>Innan valkosta er skilgreind landareign sem er skógræktarsvæði og tilheyrir Skógræktinni. Þetta land er með eigið fasteignanúmer, en er ekki samningsbundið skógræktarsvæði á lögbýli og er því ekki talið með í mati á áhrifum framkvæmda á landbúnað.</p>

Tafla 55. Lýsing og einkenni beitarhaga á áhrifasvæði valkosta C3, C4 og C3.a, C4.a.

	Beitarhagar á áhrifasvæði valkosta		
	C3	C4	C3.a,C4.a
Hlutfall línuleiðar í beitarlandi	94%	98%	87%
Hlutfall á grónu landi samkvæmt mati af loftmynd	90 – 100%	90 – 100%	90 – 100%
Ástandsflokkar Grólinnar	2, 3, 4 og 5	2, 3, 4 og 5	2, 3, 4 og 5
Áberandi vistlendi sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ	Graslandi, mólendi og votlendi	Graslandi, mólendi og votlendi	Graslandi, mólendi og votlendi
Texti um beitarhaga			
<ul style="list-style-type: none"> Valkostir C3 og C4 liggja að mestu leyti um beitarlönd (lönd utan ræktunar- og skógræktarlands) eða 94 – 98% af heildarlengd hvers valkosta. 87% valkosta C3.a,C4.a liggja um beitarland. Á öllum valkostum liggur línun um beitarlönd á láglendi og byggir búskapur á þessari línuleið mikið til á úthagabeit. Samkvæmt loftmyndum og niðurstöðum úr vettvangsskoðun eru beitarhagar allra valkosta nokkuð vel grónir en eru þó víða frekar rýrir að grasgæðum. Inn á milli eru þó góðir og grasmiklir hagar sem eru algrónir og einkennast af gras- og votlendisvistgerðum. Á valkosti C3.a,C4.a liggur línun að sunnan til um haga sem eru nokkuð vel grónir og grasgefnir en hagarnir eru frekar rýrir þegar norðar dregur og uppi á Grjóthálsi. Syðri hluti valkosta C3 og C4 einkennist af klapparholtum og gróðurrýrum melhryggjum en þó eru grasmiklir beitarhagar þar á milli sem einkennast af gras- og votlendisvistgerðum. Beitarhagar norðan Litlu-Þverár og upp á Grjótháls eru frekar rýrir. Ekki eru margir augljósir kostir til ræktunar í úthögum nema helst það land sem næst er þeim ræktunarspildum sem nú eru í notkun, það á einkum við valkost C3.a,C4.a. Á valkostum C3 og C4 eru tækifæri til ræktunar takmörkuð við syðsta hluta línuleiða valkostanna. Á syðri hluta línuleiðar á valkosti C3.a, C4.a má samkvæmt vistgerðarkorti NÍ finna vistgerðir þar sem uppistaðan í gróðursamsetningunni er ágætar beitarplöntur þ.e. vistgerðir í graslandi og votlendi. Hagar á norðurhluta þessa valkosta einkennast af fjölbreyttara vistlendi með rýrari beitargróðri. Á valkostum C3 og C4 má finna vistlendi sem einkennist af ágætum beitarplöntum þ.e.a.s. graslandi og votlendi en einnig er talsvert af vistlendi þar sem beitargróður er rýr t.d. mólendi, moslendi og mel- og sandlendi. Einnig fara valkostir C3 og C4 um skóglendi sem er að hluta til friðað fyrir búfjárbreit. Samkvæmt ástandskorti Grólinnar flokkast meirihluti lands á valkosti C3.a,C4.a í flokka 4 og 5, en norðan til er ástand lakara og fellur land þar að hluta í flokka 2 og 3. Á valkostum C3 og C4 fellur land að stærstum hluta í ástandsflokk 4, en einnig að hluta í flokka 3 og 5 og flokk 2 á nyrsta hluta leiðarinnar. 			

Tafla 56. Mat á stöðu landbúnaðar á áhrifasvæði valkosta C3, C4 og C3.a, C4.a

Svæði	Staða landbúnaðar á svæðinu			Staða ræktunarlands			Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands			Viðkvæmni/ástand		
	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt
C3			X			X	X				X	
C4			X			X	X				X	
C3.a, C4.a			X			X	X					X

Kafli D línuleiðar – Núverandi staða og umfang landbúnaðar

Heildaryfirlit – Kafli D

Umfang búrekstrar

Tafla 57. Tölulegar upplýsingar um búrekstur á kafla D

Heildarumfang búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið D
Bújarðir	4
Nautgripir	0
Sauðfé	15
Hross	0
Ræktað land (ha.)	13
Hey (ha.)	0
Gras og grænófóðurræktun (ha.)	0
Korn (ha.)	0
Skógrækt (ha.)	289

Tafla 58. Fjöldi jarða flokkaðra eftir búrekstri og gripafjölda á kafla D

Tegundir búrekstrar á línuleið	Fjöldi á leið C
Nautgripir 1-40	0
Nautgripir 41-80	0
Nautgripir 81-120	0
Nautgripir 120+	0
Sauðfé 1-75	1
Sauðfé 76-175	0
Sauðfé 176-350	0
Sauðfé 350+	0
Hross 1-10	0
Hross 11-20	0
Hross 21-40	0
Hross 41+	0
Garðrækt	0
Kornrækt	0
Skógrækt	2
Ekki skráð landbúnaðarstarfsemi, jörð e.t.v. nytjuð frá annarri bújörð.	1

Tafla 59. Einkenni landbúnaðar á kafla D

Einkenni landbúnaðar á kafla D	
Almennt	Á línuleið D eru fjórar bújarðir, en þar af er einungis ein með skráða búfjárrækt, þ.e. lítið sauðfjárþú. Skógrækt er á tveimur jörðum. Ræktunarland er lítið og enginn heyskapur skráður á þessum jörðum og úthagar víða rýrir en á köflum grónir og grasgefnir. Tækifæri til aukinnar túnræktar eru takmörkuð en ágætir möguleikar til skógræktar.
Nautgripir	Á línuleiðinni er ekkert bú með nautgripi.
Sauðfé	Eitt bú er með sauðfé og flokkast „lítið“.
Hross	Ekkert bú er með hross.
Ræktað land	Ræktað land er lítið og ekki upplýsingar um að það sé nýtt til heyöflunar. Gras- og/eða grænfróðurækt engin né heldur kornrækt.
Skógrækt	Á tveim jörðum er þátttaka í samningsbundnu skógræktarverkefni.
Annað	Stór hluti línuleiðar er um afréttarlönd sem nýtt eru til sauðfjárbætur á sumrin.

Tafla 60. Lýsing og einkenni beitarhaga á kafla D.

Beitarhagar á kafla D	
Hlutfall línuleiðar í beitarlandi	95%
Hlutfall á grónu landi samkvæmt mati af loftmynd	90 – 100%
Ástandsflokkar Gróllindar	3 og 4
Áberandi vistgerðir sem styðja beitargildi samkvæmt vistgerðarkorti NÍ	Graslendi, mólendi og votlendi
Texti um beitarhaga	
<ul style="list-style-type: none"> Línuleið D er nánast eingöngu um beitarland (land utan ræktunar- og skógræktarlands) eða um 85% leiðarinnar. Línan liggur nær eingöngu um beitarlönd á heiðum og afréttum og þau eru einungis nýtt til sumarþéttar fyrir sauðfé og eiga jarðir í nærliggjandi sveit þar upprekstrarrétt. Samkvæmt loftmyndum og niðurstöðum úr vettvangsskoðun er beitarlandið nokkuð vel gróið, en samkvæmt grófu mati af loftmynd er hlutfall gróins lands á línuleið 90 – 100%. Beitarhagar einkennast af fjölbreyttum úthagagróðri. Þeir eru víða frekar rýrir er þess á milli grasmiklir og einkennast af gras- og votlendisvistgerðum. Erfitt er að greina af loftmyndum hvort línustæðið fari yfir svæði sem virðast hentug til ræktunar nema þá til skógræktar. Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ má á láglandi á línuleiðinni finna vistgerðir þar sem uppistaðan í gróðursamsetningu er ágætar beitarpöntur þ.e. vistgerðir í graslandi og votlendi. Samkvæmt ástandskorti Gróllindar flokkast land á þessari leið að mestu í flokka 3 og 4. 	

Tafla 61. Mat á stöðu landbúnaðar á línuleið, kafla D

Svæði	Staða landbúnaðar á svæðinu			Staða ræktunarlands			Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands			Viðkvæmni/ástand		
	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs	Hátt
D	X				X				X			X

Áhrif á framkvæmdatíma og rekstartíma

Mat á umfangi framkvæmda og áhrifum á landbúnað miðast við það rask sem verður á framkvæmdatíma og er metið út frá stærð eða fjölda þeirra mannvirkja sem gert er ráð fyrir að þurfi að byggja fyrir rekstur og viðhald línunnar. Við gerð matsins er einnig horft til nálægðar línuleiða við athafnasvæði bújarða þ.e. bæjarhlöð eða önnur áberandi vinnu- og athafnasvæði vegna landbúnaðar, s.s. útihús sem eru fjarri bæjarhlöðum, geymslusvæði, fjárréttir o.fl. Einnig er horft til fjölda mastra sem á að reisa, en gerður greinarmunur á umfangi þeirra, annars vegar er talinn heildarfjöldi mastra en hins vegar eru talin möstur sem hafa meira umfang þ.e. horn og endamöstur, en þar má búast við meira raski. Matið tekur jafnframt mið af helgunarsvæðum línunnar sem eru samkvæmt útgefnum upplýsingum frá Landsneti 65 – 85 m belti á línuleið fyrir 220 kV línu.

Viðmið á helgunarsvæði í þessari skýrslu eru:

- Þar sem línan og/eða valkostir liggja samhliða núverandi 132 kV línu þá er miðað við að helgunarsvæði nýrrar línu sé 65 m á breidd. Fjarlægð milli lína virðist þá vera að jafnaði um 50 m og skörun er á helgunarsvæði núverandi línu og helgunarsvæði nýrrar línu.
- Þar sem ný lína liggur að hluta samsíða eldri línu, fer yfir hana og fjarlægist síðan er að jafnaði miðað við að helgunarsvæði sé 75 m breitt.
- Þar sem línuleiðir valkosta liggja fjarri eldri línu er að jafnaði miðað við að helgunarsvæði línunnar sé 85 m.

Í mati á áhrifum vegna framkvæmda og á rekstartíma er jafnframt talið það land sem fer undir vegi sem byggðir verða og notaðir fyrir flutninga á efni og aðföngum á framkvæmdatímanum og sem þjónustuvegir fyrir línuna á rekstartíma hennar. Gerður er greinarmunur á vegum í grónu og ógrónu landi. Línuvegir tengjast víða túnvegum eða öðrum vegslóðum sem þegar eru til staðar. Mögulega þarf að styrkja eða endurbyggja þessa vegi að einhverju leyti. Tekið er tillit til þess í matinu ef meta má líkur til þess að umferð um þessa vegi hafi truflandi áhrif á landbúnaðarstarfsemi á viðkomandi svæði.

Í viðaukum 2 – 5 eru dregnir upp kaflar línuleiða og valkosta með skýringamyndum sem sýna umfang og einkenni búrekstrar.

Í matinu er land flokkað sem úthagi, ræktað land og skógræktarland.

Skilgreiningar á flokkun lands:

- **Úthagi** => Gróið og ógróið land sem er utan ræktunar- og skógræktarlands en er nýtt til landbúnaðar, t.d. til beitar.
- **Ræktað land** => Skráðar spildur í túnkortagrunni og aðrar greinanlegar ræktunarspildur af loftmyndum, þ.e. tún, korn- og græn fóðurakrar auk spildna sem notaðar eru til garðræktar, t.d. kartöfluræktar.
- **Skógræktarland** => Land sem er samningsbundið skógræktarsvæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum, þ.e. land til nytjaskógræktar.

Kafla A á línuleið

Heildaryfirlit yfir umfang framkvæmda og áhrif á framkvæmdatíma fyrir kafla A

Tafla 62 sýnir umfang framkvæmda á kafla A á línuleiðinni. Þar er talið upp magn og helstu stærðir matsþátta sem hafa áhrif á landbúnaðarstarfsemi á bújörðum á framkvæmda- og rekstrartíma. Magntölur og stærðir miðast annars vegar við línuleið meðfram núverandi línu og hins vegar við breytileika milli mögulegra samsetninga valkosta á kafla A. Þær tölur endurspeglast í þeim texta sem á eftir kemur. Sjá einnig skýringamyndir í viðauka 2.

Tafla 62. Umfang framkvæmda sem gætu haft áhrif á landbúnað á kafla A á línuleiðinni.

Matsþættir á umfangi framkvæmda	Kafla A á línuleið, meðfram núverandi línu	Breytileiki á kafla A á línuleið m.t.t. valkosta
Heildarfjöldi mastra í úthaga (utan ræktaðs lands)	71	69 - 71
Þar af horn- / endamöstur í úthaga (utan ræktaðs lands)	7	7 - 8
Heildarlengd línu um úthaga (utan ræktaðs lands)	23,5 km	22,7 – 23,5 km
Helgunarsvæði í úthaga (m. v. 65 m breitt belti)	152,8 ha	151,1 – 152,8 ha
Vegir í grónum úthaga	12,0 km	11,3 – 12,0 km
Vegir í ógrónum úthaga	4,1 km	3,9 – 4,1 km
Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi	1	1
Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi	0	0
Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi	620 m	540 – 620 m
Helgunarsvæði í ræktuðu landi	3,5 ha	3,5 – 5,0 ha
Vegir í ræktuðu landi	0	0 – 110 m
Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi	0	0
Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi	0	0
Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi	0	0
Helgunarsvæði í skógræktarlandi	0	0
Vegir í skógræktarlandi	0	0

Nálægð við vinnusvæði (heimasvæði), möguleg röskun bústarfa og starfa tengdra búrekstri.

Kafla A á línuleið er yfirleitt ekki í mikilli nálægð við bæjarstæði eða vinnusvæði bújarða. Fjarlægð línu frá bæjarhlöðum og landbúnaðarbyggingum er yfir 500 metrar nema á einni bújörð. Þar er línuleið mjög nálægt útihúsum, miðað við annan valkost, eða um 50 m frá næstliggjandi húsi. Mögulega má búast við talsverðum truflunum á því tiltekna svæði, sérstaklega á framkvæmdatíma. Samt sem áður stendur tiltekið útihús talsvert frá bæjarhlaði og flestum öðrum mannvirkjum sem tilheyra búinu. Á sama stað liggja línuvegir í nálægð við ræktað land og tengjast þeir túnavegi sem þegar er til staðar. Ef framkvæmdir þar eru á heyannatíma má reikna með að það geti haft einhver neikvæð áhrif. Annars staðar eru línuvegir og tengingar við þá fjarri athafnasvæðum bújarða nema í einu tilviki þar sem línvegur er mjög nærri bæjarhlaði. Þar virðist, samkvæmt uppdretti, gert ráð fyrir að aðkoma sé norðan frá en sá vegur sem er þegar til staðar kemur úr gagnstæðri átt og liggur í gegnum bæjarhlaðið. Þar er ekið milli húsa og verða áhrif á framkvæmdatíma mjög mikil á þessari tilteknu bújörð ef umferð verður þar um heimreið og bæjarhlað.

Á framkvæmdatíma verða mögulega röskun og truflanir á umferð þar sem lína þverar stofnveg á einum stað og tengivegi á fjórum stöðum. Einnig má búast við talsverðri umferð og þungaflutningum á stofn- og tengivegum á framkvæmdatíma. Þar má nefna Hvalfjarðarveg (47), Svínadalveg (502),

Leirársveitarveg (504), Borgarfjarðarbraut (50), Mófellsstaðaveg (507) og Skorradalsveg (508). Einnig má búast við aukinni umferð með þungaflutning á hringvegi 1 við Hvalfjörð, um Leirársveit og Borgarfjörð.

Áhrif á beitarnland og úthaga

Á þessum kafla línuleiðar er fyrirhugað að reisa 69 – 71 línumöstur í úthaga og beitarnlöndum með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Þar af eru 7 – 8 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en möstur þar sem línar er bein. Fyrirhuguð stæði fyrir möstur á láglendi eru flest í grónu eða hálfgrónu landi en yfir Skarðsheiði eru möstur að mestu í hálfgrónu eða ógrónu landi. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarnlönd er samkvæmt uppdrætti 15,2 – 16,1 km. Þar af eru 11,3 – 12,0 km yfir gróið beitarnland. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila í úthaga er um 150 ha.

Lagning línunnar getur haft nokkur áhrif á notkun beitarnhaga á framkvæmdatíma, línuleið og lega línuvegar þvera beitarnhólf. Bú á þessum kafla línuleiðar eru með nautgripi, hross og sauðfé og eru háð aðgengi að beitarnlandi og notkun þess og getur umferð og vinna við framkvæmdir komið styggð að búfé. Á nokkrum stöðum liggur línuleiðin í gegnum beitarnhólf og þarf því mögulega að rjúfa girðingar og opna hólf meðan á framkvæmdum stendur. Það getur raskað beitarnskipulagi á bújörðum sem línar og/eða línuvegir liggja um.

Áhrif á ræktunarnland

Heildarflatarmál ræktaðs lands á A-kafla línuleiðar er 305 ha. Línuleiðin liggur yfir ræktað land á þremur bújörðum og er heildarstærð ræktunarspildna sem lenda þar innan helgunarsvæðis línunnar 22,5 – 27,0 ha. Lengd línú sem þverar ræktað land er 540 – 620 m. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila vegna línunnar miðast við 65 – 85 m breitt svæði undir og meðfram línú. Samkvæmt túnkorti eru á kafla A um 3,5 – 5,0 ha af ræktuðu landi innan helgunarsvæðis línunnar og má þar búast við einhverju raski á framkvæmdatíma og e.t.v. getur notkun innan þess svæðis verið takmörkuð að einhverju leyti. Mismunur er milli valkosta þar sem annar liggur meðfram ræktuðu landi en hinn þvert yfir ræktunarspildur. Helgunarsvæði þess fyrrnefnda nær þó inn á spildurnar og óvíst er hvort eða hvaða áhrif það hefur á framkvæmdatíma.

Veglagning yfir ræktað land er samkvæmt uppdrætti 110 m og er aðeins bundin við annan valkostinn. Einnig er áætlað að notaður verði túnavegur sem þegar er til staðar en hann þarf þó mögulega að byggja upp að einhverju leyti. Vegur er teiknaður þvert í gegnum tún á einum stað og klýfur hann þá spildu en annars eru vegir í jöðrum ræktunarspildna. Búast má við einhverri umferð vinnuvéla yfir ræktað land á framkvæmdatíma, við lagningu vega og uppsetningu á línú og línúmöstrum. Umferð um ræktað land getur valdið bælingu á uppskeru og þjöppun á jarðvegi. Mögulega þarf að opna girðingar og eru tún þá óvarin meðan á framkvæmd stendur.

Á kafla A á línuleiðinni hefur framkvæmd ekki áhrif á samningsbundin skógræktarsvæði.

Möguleg áhrif á A-kafla á rekstrartíma

Áhrif á umfang búrekstrar

Línuleið liggur á kafla A að stærstum hluta yfir úthaga og yfirleitt í nokkurri fjarlægð frá helstu vinnusvæðum búrekstrar. Undantekning á þessu er á einni bújörð þar sem línuleið á öðrum valkosti er einungis um 50 m frá útihúsi og gæti þar haft áhrif á dagleg bústörf og frekari uppbyggingu á því svæði.

Áhrif á beitarland og úthaga

Línan liggur að mestu leyti um beitarlönd á þessum kafla línuleiðarinnar og línuvegur ásamt malarpúðum undir og umhverfis möstur mun minnka flatarmál beitarlands sem því nemur. Að öðru leyti má búast við að notkun úthaga og beitarlands geti orðið óbreytt. Línuvegurinn mun víða þvera girðingar. Umferð um línuveginn gæti haft truflandi áhrif á búpening á beit í þeim hólum sem hann liggur um. Línuvegur getur að sama skapi e.t.v. nýst til hagræðingar við smalamennskur eða til að koma fóðri í búpening, t.d. hross yfir vetrartíma.

Áhrif á ræktunarland

Gert er ráð fyrir einu mastri í ræktuðu landi á línuleiðinni en línan þverar ræktað land á 540 – 620 m kafla. Gert er ráð fyrir að 110 m af varanlegum vegslóða lendi í ræktuðu landi, en sá vegslóði er einungis bundinn við annan valkostinn. Hluti vegar mun kljúfa eina spildu og þannig valda varanlegu óhagræði við nýtingu hennar, auka jaðaráhrif og minnka þ.a.l. uppskeru. Varanleg áhrif sem takmarka notkun á ræktuðu landi eru að öðru leyti ekki mikil.

Vestan og sunnan Skarðsheiðar er á A-kafla línuleiðar talsvert af góðu ræktanlegu landi utan þess ræktunarlands sem þegar er nytjað. Þar má víða greina svæði þar sem tækifæri eru til aukinnar ræktunar til fóðuröflunar og framleiðslu matvæla. Á norðurhluta línuleiðarinnar (norðan Skarðsheiðar) er aftur á móti ekki hægt að greina augljósa staði utan núverandi ræktunarlands þar sem land er ákjósanlegt til ræktunar.

Samanburður milli valkosta A1 og A1.a og áhrif á framkvæmdatíma

Tafla 63 sýnir samanburð á umfangi framkvæmda á valkostum A1 og A1.a. Samanburður nær á milli þess staðar þar sem línuleiðir valkosta aðskiljast að þeim stað þar sem þeir koma saman aftur. Sjá einnig skýringarmynd 16 í viðauka 2.

Tafla 63. Samanburður á umfangi framkvæmda á valkostum A1 og A1.a

Matsþættir á umfangi framkvæmda	Magn A1	Magn A1.a
Heildarfjöldi mastra í beitarlandi (utan ræktaðs lands)	10	12
Þar af horn- / endamöstur í beitarlandi (utan ræktaðs lands)	3	2
Heildarlengd línu um beitarland (utan ræktaðs lands)	2,4 km	3,2 km
Helgunarsvæði í beitarlandi (m. v. 65 – 85 m breitt belti)	19,1 ha	20,8 ha
Vegir í grónu beitarlandi	1270m	1940 m
Vegir í ógrónu beitarlandi	0	160 m
Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi	0	0
Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi	0	0
Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi	330 m	410 m
Helgunarsvæði í ræktuðu landi (m. v. 65 – 85 m breitt belti)	4,1 ha	2,6 ha
Vegir í ræktuðu landi	110 m	0
Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi	0	0
Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi	0	0
Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi	0	0
Helgunarsvæði í skógræktarlandi (m. v. 65 – 85 m breitt belti)	0	0
Vegir í skógræktarlandi	0	0

Nálægð valkosta við vinnusvæði, möguleg röskun bústarfa og starfa tengdra búrekstri.

Línuleið valkosta liggur yfir eða nærri ræktuðu landi og eru báðir valkostir í nálægð við vinnusvæði á einni bújörð.

Valkostur A1.a er mjög nálægt útihúsum eða um 50 m frá næstliggjandi húsi. Búast má við talsverðum truflunum á því tiltekna svæði, sérstaklega á framkvæmdatíma. Á sama stað liggja línuvegir í nálægð við ræktað land.

Línuvegir fyrir valkost A1 tengjast túnavegi sem þegar er til staðar. Þar má búast við talsverðum truflunum meðan á framkvæmdum, stendur sér í lagi ef þær eru á heyannatímum. Línuvegur liggur jafnframt nálægt útihúsi og á framkvæmdatíma gæti það haft einhver áhrif á bústörf.

Línuleið beggja valkosta þverar stofnveg á einum stað og tengiveg á einum stað. Þar má búast við einhverjum truflunum á framkvæmdatíma en ekki er hægt að greina mismun milli valkosta. Jafnframt má búast við talsverðri aukningu á umferð og þungaflutningum á stofn- og tengivegum t.d. á Hvalfjarðarvegi (47) og Svínadalsvegi (502).

Áhrif á beitarland og úthaga

Báðir valkostir fara nær eingöngu yfir gróið land sem er úthagar eða land sem nýtt er til túnræktar.

Heildarfjöldi mastra á valkostum í úthaga og beitilandi eru á 12 á A1.a en 10 á A1 og lenda þau öll samkvæmt uppdrætti í grónu landi. Á valkosti A1.a eru tvö þessara mastra stór (hornmöstur) en þrjú á valkosti A1.

Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti fyrir valkost A1.a 2,1 km og þar af 1,9 km í grónu landi. Fyrir valkost A1 eru vegalagnir í úthögum 1,3 km, öll leiðin í grónu landi.

Helgunarsvæði framkvæmdaaðila í úthaga er fyrir valkost A1.a 19,1 ha en 20,8 ha á A1.

Lagning línunnar getur haft nokkur áhrif á notkun beitarhaga á framkvæmdatíma. Valkostir eru báðir á láglendi og þvera gróin lönd þar sem eru beitarhólf og búast má við að rjúfa þurfi girðingar og hólf verði opin á meðan framkvæmdum stendur. Bú á valkostum eru með nautgripi, hross og sauðfé og eru háð aðgengi og notkun beitarlands. Umferð og vinna við framkvæmdir getur komið styggð að búfé.

Áhrif á ræktunarland

Línuleið beggja valkosta liggur að talsverðum hluta yfir ræktað land. Heildarstærð ræktunarspildna sem lenda innan helgunarsvæðis línunnar er 20,5 ha á valkosti A1.a en 16,0 ha á valkosti A1. Lengd línu sem þverar ræktað land fyrir A1.a er 410 m, heldur meiri en fyrir valkost A1 sem er 330 m. Helgunarsvæði framkvæmdaaðila fyrir valkost A1.a er 2,6 ha. Helgunarsvæðið er nokkuð stærra fyrir valkost A1 eða 4,1 ha þar sem línan liggur á kafla meðfram ræktuðu landi og nær helgunarsvæðið inn á það sé miðað við 85 m breitt belti undir og meðfram línunni. Enginn línuvegur er teiknaður í ræktað land á A1.a, en á A1 er veglagning yfir ræktað land 110 m samkvæmt uppdrætti. Þar er vegur teiknaður þvert í gegnum tún á einum stað og klýfur þá spildu en annars eru vegir í jöðrum ræktunarspildna. Einnig er áætlað að notaður verði túnavegur sem þegar er til staðar sem mögulega þarf þó að byggja upp að einhverju leyti. Þar sem lína þverar og/eða liggur meðfram ræktunarspildum má gera ráð fyrir umferð vinnuvéla og að þær fari yfir ræktað land á framkvæmdatíma við lagningu vega og uppsetningu á línu og línumöstrum. Umferð um ræktað land getur valdið bælingu á uppskeru og þjöppun á jarðvegi. Mögulega þarf að opna girðingar og tún þá óvarin á meðan framkvæmd stendur.

Samanburður milli valkosta A1 og A1.a og möguleg áhrif á rekstrartíma

Áhrif á umfang búrekstrar

Valkostir eru báðir nærri vinnusvæðum og ræktuðu landi bújarða og eru varanleg áhrif að framkvæmdum loknum því nokkur. Að auki eru á valkosti A1.a einungis um 50 m frá línu að útihúsi og gæti það haft áhrif á dagleg bústörf. Þetta getur líka komið í veg fyrir frekari uppbyggingu á því svæði.

Áhrif á beitarland og úthaga

Báðir valkostir línuleiðar liggja að stórum hluta um beitarlönd og línuvegur ásamt malarpúðum undir og umhverfis möstur mun minnka flatarmál beitarlanda sem því nemur. Að öðru leyti má búast við að almenn notkun úthaga og beitarlands geti orðið óbreytt á rekstrartíma og ekki munur á milli valkosta. Línuvegur mun þvera girðingar og umferð gæti haft truflandi áhrif á búpening á beit í þeim hólfum sem hann liggur um. Línuvegur getur að sama skapi e.t.v. nýst til hagræðingar við smalamennskur eða til að koma fóðri í búpening, t.d. hross yfir vetrartíma.

Áhrif á ræktunarland

Heildarstærð ræktaðs lands sem lendir innan helgunarsvæðis línunnar er 20,5 ha á valkosti A1.a en 16,0 ha á valkosti A1. Engir línuvegir eru yfir ræktað land á valkosti A1.a en gert er ráð fyrir að 110 m af varanlegum línuvegum lendi í ræktuðu landi á valkosti A1. Hluti vega mun kljúfa eina spildu og þannig valda varanlega óhagræði við nýtingu hennar, auka jaðaráhrif og minnka þ.a.l. uppskeru. Einnig munu spildur minnka sem nemur flatarmáli línuvega.

Báðir valkostir fara að mestu leyti yfir gróið land og víða má greina svæði þar sem tækifæri eru til aukinnar ræktunar, til fóðuröflunar eða framleiðslu matvæla.



Mynd 9. Ræktað land á áhrifasvæði valkostar A1. Línuleið verður í nálægð við ræktað land og vinnusvæði bújarðar.



Mynd 10. Vinnusvæði bújarðar þar sem línuleið valkostar A1.a fer um. Lína verður í um 50 m fjarlægð frá útihúsum sem eru til hægrri á mynd.

Kafli B á línuleið

Heildaryfirlit á umfangi framkvæmda og áhrif á framkvæmdatíma fyrir kafla B

Tafla 64 sýnir umfang framkvæmda á kafla B á línuleiðinni. Þar er talið upp magn og helstu stærðir matsþátta sem hafa áhrif á landbúnaðarstarfsemi á bújörðum á framkvæmda- og rekstartíma. Magntölur og stærðir miðast annars vegar við línuleið meðfram núverandi línu og hins vegar við breytileika milli mögulegra samsetninga valkosta á kafla B. Þær tölur endurspeglast í þeim texta sem á eftir kemur. Sjá einnig skýringarmyndir í viðauka 3.

Tafla 64. Umfang framkvæmda sem gætu haft áhrif á landbúnað á B-kafla línuleiðar.

Matsþættir á umfangi framkvæmda	Kafli B á línuleið, meðfram núverandi línu	Breytileiki á kafla B línuleiðar m.t.t. valkosta
Heildarfjöldi mastra í úthaga (utan ræktaðs lands)	49	49 – 55
Þar af horn- / endamöstur í úthaga (utan ræktaðs lands)	1	1 – 8
Heildarlengd línu um úthaga (utan ræktaðs lands)	18,3 km	18,3 – 20,3 km
Helgunarsvæði í úthaga (m. v. 65-85 m breitt belt)	118,4 ha	118,4 – 150,2 ha
Vegir í grónum úthaga	17,0 km	15,4 – 17,1 km
Vegir í ógrónum úthaga	1,6 km	1,6 – 1,7 km
Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi	2	0 – 2
Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi	0	0
Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi	1210 m	80 – 1790 m
Helgunarsvæði í ræktuðu landi (m. v. 65-85 m breitt belt)	7,9 ha	0,6 – 12,3 ha
Vegir í ræktuðu landi	80 m	0 – 220 m
Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi	3	2 – 3
Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi	0	0 – 1
Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi (m. v. 65-85 m breitt belt)	520 m	520 – 620 m
Helgunarsvæði í skógræktarlandi	3,4 ha	3,4 – 5,3 ha
Vegir í skógræktarlandi	230 m	230 – 540 m

Nálægð við vinnusvæði (heimasvæði), möguleg röskun bústarfa og starfa tengdra búrekstri.

Kafli B á línuleið er yfirleitt ekki í mikilli nálægð við bæjarstæði eða vinnusvæði bújarða. Í fjórum tilvika eru línuleiðir í innan við 500 metra fjarlægð frá þannig svæðum. Minnsta fjarlægð línu frá mannvirkjum er um 100 metrar en þar er um að ræða hús sem tilheyra jörð sem ekki hefur skráða landbúnaðarstarfsemi. Bæjarhlöð og landbúnaðarbyggingar eru annars í meiri fjarlægð frá línunni. Á einni bújörð er bæjarhlað í um 180 m fjarlægð frá línunni en á tveimur öðrum eru útihús sem standa næst fyrirhugaðri línu í um 200 m fjarlægð. Þetta á við um þá valkosti sem samkvæmt uppdrætti liggja næst þessum bæjum. Ekki er hægt að greina hvort nálægð línuleiða muni hafa truflandi áhrif á bústörf einstakra bújarða, en það væri þá helst vegna umferðar og annarra þátta á framkvæmdatíma.

Búast má við talsverðri umferð og þungaflutningum á stofn-, tengi- og héraðsvegum meðan á framkvæmdum stendur. Það getur haft áhrif á búrekstur og truflað bústörf. Fjórar heimreiðar eru nýttar sem tenging við línuvegi, en umferð tengd línunni fer þó ekki í gegnum bæjarhlöð. Einnig má búast við tímabundnum lokunum á stofnvegi, tengivegi og héraðsvegi sem línun mun þvera. Vegir þar sem búast má við aukinni umferð og þungaflutningum eru Borgarfjarðarbraut (50), Hvítárvallavegur (510) og Hvítárbakkavegur (514).

Áhrif á beitarland og úthaga

Á þessum kafla línuleiðarinnar fara allir valkostir að mestu leyti yfir vel gróna úthaga og beitarlönd. Línuleiðin er öll á láglandi, sem búast má við að sé notað til beitar allt árið. Áhrif eru breytileg eftir samsetningu valkosta, en fyrirhugað er að reisa 49 – 51 línumöstur með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Af þeim eru 1 – 8 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi en önnur möstur. Fyrirhuguð stæði fyrir möstur eru flest í grónu eða hálfgrónu landi. Heildarlengd vega sem leggja þarf um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 17,0 – 18,8 km, þar af eru 15,4 – 17,1 km yfir gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila í úthaga er um 118,4 -150,2 ha.

Lagning línunnar getur haft nokkur áhrif á notkun beitarhaga á framkvæmdatíma. Línuleið og lega línuvegar þverar beitarhólf og búast má við að girðingar verði opnar meðan á framkvæmdum stendur. Þú á þessum kafla línuleiðar eru með nautgripi, hross og sauðfé og eru háð notkun beitarlands. Umferð og vinna við framkvæmdir getur komið styggð að búfé og raskað beitarskipulagi.

Áhrif á ræktunarland

Heildarflatarmál ræktaðs lands á kafla B á línuleið er 587 ha. Línuleið liggur yfir ræktað land á nokkrum bújörðum og er heildarlengd línu yfir ræktaðu landi og helgunarsvæði hennar misjafnt eftir samsetningu valkosta. Heildarstærð ræktunarspildna sem línuleið liggur um er 23,6 – 62,1 ha og lengd línu sem þverar ræktað land er 80 – 1790 m. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila vegna línunnar miðast við 65 – 85 m breitt svæði undir og meðfram henni. Samkvæmt tunkorti eru á kafla B um 0,6 – 12,3 ha af túnspildum innan helgunarsvæðis línunnar og má búast þar við einhverju raski á framkvæmdatíma og e.t.v. getur notkun innan þess svæðis verið takmörkuð að einhverju leyti.

Veglagning yfir ræktað land er samkvæmt uppdrætti 0 – 220 m. Í litlum mæli er verið að nota túnvegi og vegslóða sem þegar eru til staðar og gæti þurft að byggja þá upp að einhverju leyti. Vegur er teiknaður þvert í gegnum tvær samliggjandi spildur á einni bújörð og þvert inn í eina spildu á annarri bújörð. Búast má við einhverri umferð vinnuvéla yfir ræktað land á framkvæmdatíma við lagningu vega og uppsetningu á línu og línumöstrum. Umferð um ræktað land getur valdið bælingu á uppskeru og þjöppun á jarðvegi. Mögulega þarf að opna girðingar og eru tún þá óvarin á meðan framkvæmd stendur.

Á B-kafla línuleiðar eru um 84 ha af skipulögðu skógræktarsvæði samkvæmt samningum Skógræktarinnar við landeigendur um Skógrækt á lögbýlum. Á einni bújörð er 30 ha svæði sem línuleiðir liggja um og þvera 520 – 620 m þess og er helgunarsvæði línunnar þar 3,4 – 5,3 ha. Veglagningar um skipulagt skógræktarland eru 230 – 540 m. Möstur sem eru staðsett í skipulögðu skógræktarlandi eru 2 – 3 eftir valkostum, þar af er eitt hornmastur. Búast má við umferð vinnuvéla og einhverju raski innan helgunarsvæðis á framkvæmdatíma.

Möguleg áhrif á kafla B á rekstrartíma

Áhrif á umfang búrekstrar

Línuleið á kafla B liggur að stærstum hluta yfir úthaga og heimalönd sem nýtt eru til beitar og er í nokkurri fjarlægð frá helstu vinnusvæðum búrekstrar. Línuleiðin liggur þó í nálægð við bæjahlöð og vinnusvæði tveggja bújarða og yfir og nálægt hluta af ræktuðu landi annarrar þeirra. Einnig liggur línán yfir ræktað land á annarri bújörð þar sem línumöstur lenda í túnum og línuvegur þverar tvær ræktunarspildur. Línuvegir tengjast heimreiðum á fjórum stöðum og má búast þar við einhverri umferð vegna þjónustu við línuna á rekstrartíma. Áhrifa af framkvæmdum mun gæta á rekstrartíma vegna óhagræðis við nýtingu á ræktuðu landi og takmarkana í nýtingu annars lands vegna nálægðar við línu.

Áhrif á beitarland og úthaga

Línán liggur að mestu leyti um beitarlönd á þessum kafla og mun línuvegur ásamt malarpúðum undir og umhverfis möstur minnka flatarmál beitarlands sem því nemur. Að öðru leyti má búast við að notkun úthaga og beitarlands geti orðið óbreytt. Línuvegurinn mun víða þvera beitarhólf og gæti umferð þar haft truflandi áhrif á búpening á beit. Vegurinn gæti að sama skapi nýst til hagræðingar t.d. við smalamennskur eða til að koma fóðri í búpening, t.d. hross yfir vetrartíma.

Áhrif á ræktunarland

Áhrif línuleiða á ræktað land eru mismikil eftir samsetningu valkosta. Á kafla B er gert ráð fyrir tveimur línumöstrum í ræktuðu landi en þau eru bundin einum valkosti. Línán þverar ræktað land á 80 - 1790 m kafla og er lengd varanlegra vegslóða í ræktuðu landi er 0 – 220 m. Vegur mun á einum stað kljúfa tvær spildur og liggja þvert yfir eina spildu á annarri jörð. Þar mun vegurinn valda varanlegu óhagræði við nýtingu þeirra, auka jaðaráhrif og minnka þ.a.l. uppskeru. Varanleg áhrif sem takmarka notkun á ræktunarlandi eru bundin ákveðnum valkostum og eru þar nokkur en eru að öðrum ekki mikil.

Á B-kafla línuleiðar er land nær allt vel gróið og talsvert af góðu ræktanlegu landi utan þess ræktunarlands sem þegar er nytjað. Einnig eru víða svæði þar sem tækifæri eru til aukinnar ræktunar til fóðuröflunar og framleiðslu matvæla.

Á áhrifasvæði er stunduð skógrækt á þremur bújörðum en á einni þeirra liggur línán um skipulagt skógræktarsvæði. Takmörkun verður á skógrækt á helgunarsvæði línunnar því þar verður ræktun trjágróðurs óheimil. Línuvegir í skógræktarlandi eru 230 – 545 m og þar sem þeir liggja verður ekki skógrækt en þeir gætu mögulega nýst sem þjónustuvegir fyrir skógræktina.

Samanburður milli valkosta B1 og B1.a og áhrif á framkvæmdatíma

Tafla 65 sýnir samanburð á umfangi framkvæmda á valkostum B1 og B1.a. Samanburður nær á milli þess staðar þar sem línuleiðir valkosta aðskiljast að þeim stað þar sem þeir koma saman aftur. Sjá einnig skýringarmynd 18 í viðauka 3.

Tafla 65. Samanburður á valkostum B1 og B1.a

Matsþættir á umfangi framkvæmda	Valkostur B1	Valkostur B1.a
Heildarfjöldi mastra í beitarlandi (utan ræktaðs lands)	5	5
Þar af horn- / endamöstur í beitarlandi (utan ræktaðs lands)	0	0
Heildarlengd línu um beitarland (utan ræktaðs lands)	1,9 km	1,9 km
Helgunarsvæði í beitarlandi (m. v. 65 – 85 m breitt belt)	16,2 ha	12,5 ha
Vegir í grónu beitarlandi	1050 m	1130 m
Vegir í ógrónu beitarlandi	660 m	610 m
Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi	0	0
Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi	0	0
Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi	0	0
Helgunarsvæði í ræktuðu landi (m. v. 65 – 85 m breitt belt)	0	0
Vegir í ræktuðu landi	0	0
Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi	2	3
Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi	1	0
Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi	620 m	520 m
Helgunarsvæði í skógræktarlandi (m. v. 65 – 85 m breitt belt)	5,3 ha	3,4 ha
Vegir í skógræktarlandi	540 m	230 m

Nálægð valkosta við vinnusvæði, möguleg röskun bústarfa og starfa tengdra búrekstri.

Á einni bújörð liggur valkostur B1.a í 180 m fjarlægð frá bæjarhlaði en valkostur B1 er um 300 m fjær. Búast má við truflun á umræddri bújörð af völdum umferðar og vinnuvéla, einkum þó vegna valkostar B1.a. Heimreiðar tveggja bújarða eru notaðar sem flutningsleiðir og tengingar við línuvegi. A.m.k. fyrir valkost B1.a má búast við umferð vegna framkvæmda í um 120 m fjarlægð frá bæjarhlaði og jafnvel nær.

Línuleið beggja valkosta þverar stofnveg, Borgarfjarðarbraut (50). Þar má búast við einhverjum truflunum á framkvæmdatíma en ekki er hægt að greina mismun milli valkosta.

Áhrif á beitarland og úthaga

Línuleiðir beggja valkosta fara að stórum hluta um beitarlönd og úthaga, mest ágætlega gróið land. Heildarlengd línu er 1,9 km, sú sama fyrir báða valkosti. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila í úthaga er fyrir valkost B1.a 12,5 ha en 16,2 ha fyrir B1.

Heildarfjöldi mastra á valkostum í úthaga og beitilandi eru 5 fyrir hvorn valkost og heildar vegalagningar um úthaga og beitarlönd eru samkvæmt uppdrætti 1,7 km fyrir hvorn valkost og að 2/3 hlutum í grónu landi.

Lagning línunnar getur haft nokkur áhrif á notkun beitarhaga á framkvæmdatíma. Valkostir eru báðir á láglendi og þvera gróin lönd þar sem eru beitarhólf og búast má við að rjúfa þurfi girðingar og að hólf verði opin á meðan framkvæmdum stendur. Bú á valkostum eru með hross og sauðfé og eru háð aðgengi og notkun beitarlands og getur umferð og vinna við framkvæmdir komið styggð að búfé.

Ekki er hægt að greina mismun milli valkosta á áhrifum á úthaga og beitarlönd vegna framkvæmda.

Áhrif á ræktunarland

Línuleiðir valkosta liggja ekki yfir ræktað land.

Á báðum valkostum er á einni bújörð 30 ha samningsbundið skógræktarsvæði sem línuleiðir liggja um og þverar valkostur B1.a 520 m og B1 620 m þessa svæðis. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila línunnar er 3,4 ha fyrir valkost B1.a en fyrir B1 er það 5,3 ha. Veglagningar um skipulagt skógræktarland eru 230 m fyrir B1.a en 540 m fyrir B1. Möstur sem eru staðsett í skipulögðu skógræktarlandi eru 3 á valkosti B1.a og 2 á B1 og er annað þeirra hornmastur sem er stærra að umfangi. Búast má við umferð vinnuvéla og einhverju raski innan helgunarsvæðis á framkvæmdatíma.

Samanburður milli valkosta B1 og B1.a og möguleg áhrif á rekstartíma

Áhrif á umfang búrekstrar

Áhrif á umfang búrekstrar eru lítil en þó er munur á milli valkosta sem kemur aðallega fram vegna nálæðar B1.a við bæjarhlað einnar bújarðar og vinnusvæði bænda á þeirri jörð. Helgunarsvæði línunnar í samningsbundnu skógræktarsvæði verður nokkru stærra ef valkostur B1 verður valinn en á móti kemur að sú leið liggur fjær bæjarhlaði. Línuvegir tengjast heimreiðum á tveimur bújörðum og má búast þar við einhverri umferð vegna þjónustu við línuna á rekstartíma.

Áhrif á beitarland og úthaga

Báðir valkostir línuleiðarinnar eru að stórum hluta um beitarlönd og línuvegur ásamt malarpúðum undir og umhverfis möstur mun minnka flatarmál beitarlanda sem því nemur. Að öðru leyti má búast við að almenn notkun úthaga og beitarlands geti orðið óbreytt á rekstartíma og ekki munur á milli valkosta. Línuvegur mun þvera girðingar og umferð gæti haft truflandi áhrif á búpening á beit í þeim hólfum sem hann liggur um. Línuvegur getur að sama skapi e.t.v. nýst til hagræðingar við smalamennskur eða til að koma fóðri í búpening, t.d. hross yfir vetrartíma.

Áhrif á ræktunarland

Báðir valkostir fara yfir skipulagt skógræktarsvæði á einni bújörð en fara ekki yfir annað ræktað land. Lítil munur er á varanlegum áhrifum milli valkostanna þó er helgunarsvæði línunnar aðeins stærra á valkosti B1 en takmörkun verður á skógrækt á helgunarsvæði hennar. Línuvegir í skógræktarlandi eru 230 – 545 m og skerðist skógræktarland sem umfangi þeirra nemur en þeir gætu mögulega nýst sem þjónustuvegir fyrir skógræktina.

Báðir valkostir fara að mestu leyti yfir gróið land en lítið er um augljósa kosti til aukinnar ræktunar nema þá helst til skógræktar.

Samanburður milli valkosta B2 og B2.a og áhrif á framkvæmdatíma

Tafla 66 sýnir samanburð á umfangi framkvæmda á valkostum B2 og B2.a. Samanburður nær á milli þess staðar þar sem línuleiðir valkosta aðskiljast að þeim stað þar sem þeir koma saman aftur. Sjá einnig skýringarmynd 19 í viðauka 3.

Tafla 66. Samanburður á áhrifum framkvæmda á áhrifasvæðum valkosta B2 og B2.a

Matsþættir á umfangi framkvæmda	Valkostur B2	Valkostur B2.a
Heildarfjöldi mastra í beitarlandi (utan ræktaðs lands)	18	15
Þar af horn- / endamöstur í beitarlandi (utan ræktaðs lands)	2	0
Heildarlengd línu um beitarland (utan ræktaðs lands)	6,2 km	5,5 km
Helgunarsvæði í beitarlandi (m. v. 65 – 85 m breitt belti)	46,6 ha	36,1 ha
Vegir í grónu beitarlandi	5910 m	6320 m
Vegir í ógrónu beitarlandi	0	0
Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi	0	0
Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi	0	0
Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi	90 m	520 m
Helgunarsvæði í ræktuðu landi (m. v. 65 – 85 m breitt belti)	0,6 ha	3,3 ha
Vegir í ræktuðu landi	0	0
Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi	0	0
Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi	0	0
Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi	0	0
Helgunarsvæði í skógræktarlandi (m. v. 65 – 85 m breitt belti)	0	0
Vegir í skógræktarlandi	0	0

Nálægð valkosta við vinnusvæði, möguleg röskun bústarfa og starfa tengdra búrekstri.

Á báðum valkostum er minnsta fjarlægð línu frá mannvirkjum um 100 metrar en þar er um að ræða hús sem tilheyra jörð sem ekki hefur skráða landbúnaðarstarfsemi. Á valkosti B2 er fjarlægð línu frá bæjarhlöðum yfir 500 m nema í þessu eina tilfalli. Á valkosti B2.a er fjarlægð línu frá útihúsum á einni bújörð 250 m og þar fer línuleið yfir og mjög nálægt ræktuðu landi. Annars eru bæjarhlöð og landbúnaðarbyggingar lengra frá línunni á B2.a. Ætla má að framkvæmdir muni hafa lítil truflandi áhrif á bústörf á valkosti B2 en reikna má með að þau verði meiri á B2.a vegna meiri nálægðar.

Báðir valkostir þvera Hvítárbakkaveg (514) og þar má búast við talsverðri umferð og þungaflutningum meðan á framkvæmdum stendur. Það getur haft áhrif á búrekstur og truflað störf bænda og má hugsanlega búast við töfum á umferð meðan framkvæmdir standa yfir. Línuvegir beggja valkosta tengjast Hvítárbakkavegi. Jafnframt má búast við aukinni umferð og þungaflutningum á Borgarfjarðarbraut (50) á framkvæmdatíma.

Áhrif á beitarland og úthaga

Báðir valkostir liggja um vel gróna úthaga og beitarlönd sem búast má við að séu notuð til beitar allt árið. Á línuleiðum beggja valkosta eru möstur öll í úthaga og beitarlöndum og nær öll í vel grónu landi. Á valkosti B2 eru möstur alls 18, þar af 2 hornmöstur sem eru stærri að umfangi en hin. Á valkosti B2.a eru möstur alls 15.

Línuvegir beggja valkosta liggja allir um vel gróna úthaga og beitarlönd. Samkvæmt uppdrætti er heildarlengd línuvega fyrir valkost B2 6,2 km en fyrir valkost B2.a 5,5. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila í úthaga er fyrir valkost B2 46,6 ha, en fyrir valkost B2.a 36,1 ha.

Lagning línunnar getur haft nokkur áhrif á notkun beitarihaga á framkvæmdatíma. Línuleið og lega línuvegur þverar beitarihólf og búast má við að girðingar verði opnar meðan á framkvæmdum stendur. Reikna má með að framkvæmdir hafi meiri áhrif á nýtingu beitarihólfa ef þær eru nálægt bæjarhlöðum og útihúsum en fjarri þeim. Því má reikna með að framkvæmdir hafi meiri áhrif á nýtingu beitarihólfa á B2.a en á B2. Bú á þessum kafla línuleiðar eru með nautgripi, hross og sauðfé og eru háð notkun beitarlunds. Umferð og vinna við framkvæmdir getur komið styggð að búfé og raskað beitarskipulagi.

Áhrif á ræktunarland

Heildarflatarmál ræktaðs lands á þeim bújörðum sem línuleiðir liggja um er það sama fyrir báða valkosti, 199 ha. Heildarstærð ræktunarspildna sem línuleiðirnar liggja um eru 4,5 ha á valkosti B2 og 10,6 á valkosti B2.a. Þverun línuleiða yfir ræktað land er mun meiri á valkosti B2.a og er þar 520 m en fyrir valkost B2 er þverun línu yfir ræktað land 90 m. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila vegna línunnar miðast við 65 – 85 m breitt svæði undir og meðfram henni. Samkvæmt túnkorti er helgunarsvæði framkvæmdaraðila í ræktuðu landi 0,6 ha fyrir valkost B2 og 3,3 ha fyrir valkost B2.a. og má búast við einhverju raski á framkvæmdatíma og e.t.v. getur notkun innan þess svæðis verið takmörkuð að einhverju leyti. Samkvæmt uppdretti er ekki gert ráð fyrir að lagðir verði vegir yfir ræktað land og á það við báða valkostina. Mögulega verður einhver umferð vinnuvéla yfir ræktað land vegna uppsetningar á línu, sem getur valdið bælingu á uppskeru og þjöppun á jarðvegi. Hugsanlega þarf að opna girðingar og eru tún þá óvarin á meðan framkvæmd stendur.

Samanburður milli valkosta B2 og B2.a og möguleg áhrif á rekstartíma

Áhrif á umfang búrekstrar

Valkostur B2.a er nálægt bæjarhlaði og athafnasvæðum einnar bújarðar og línun liggur jafnframt yfir og í mikilli nálægð við stóran hluta af ræktuðu landi þessarar jarðar. Nálægð línu við bæjarhlað og vinnusvæði bújarðar mun hafa í för með sér óhagræði við bústörf og gæti einnig takmarkað uppbyggingu búsinis á því svæði sem línun myndi liggja um.

Valkostur B2 liggur talsvert fjær bæjarhlöðum og athafnasvæðum bújarða og ekki er hægt að greina varanleg áhrif hennar á umfang búrekstrar.

Áhrif á beitarskipulag og úthaga

Línuleið er að stórum hluta um beitarlönd og úthaga á báðum valkostum og línuvegur ásamt malarpúðum undir og umhverfis möstur mun minnka flatarmál beitarlunda sem því nemur. Að öðru leyti má búast við að almenn notkun úthaga og beitarlunds geti orðið að mestu óbreytt á rekstartíma. Línuvegur mun þvera girðingar og umferð á rekstartíma gæti haft truflandi áhrif á búpening á beit ef farið er um beitarihólf. Línuvegur getur að sama skapi nýst til hagræðingar við bústörf, t.d. í smalamennskur eða við fóðrun hrossa yfir vetrartíma. Ekki má greina að varanleg áhrif verði mikil á valkosti B2 en reikna má með að þau verði meiri á valkosti B2.a. Þar sem línuleið þess valkostar er nær bæjarhlöðum. Þar fer hún um beitarihólf þar sem búast má við mikilli notkun og beitarskýringu allt árið.

Áhrif á ræktunarland

Heildarstærð ræktunarspildna sem lenda innan helgunarsvæðis línunnar er 4,5 ha á valkosti B2 en 10,6 ha á valkosti B2.a. Á hvorugum valkostinum er gert ráð fyrir möstrum í ræktuðu landi né heldur línuvegum.

Báðir valkostir fara nánast eingöngu yfir gróið land og víða má greina svæði þar sem tækifæri eru til aukinnar ræktunar, til fóðuröflunar eða framleiðslu matvæla.



Mynd 11. Horft heim að bæjarhlaði á áhrifasvæði valkosta B2.a og B3.a, B4.a. Línuleið valkosta verður nálægt bæjarhlaði og athafnasvæðum þessarar bújarðar og línan liggur jafnframt yfir og í mikilli nálægð við stóran hluta af ræktuðu landi hennar.

Samanburður milli valkosta B3, B4 og B3.a,B4.a og áhrif á framkvæmdatíma

Tafla 67 sýnir samanburð á umfangi framkvæmda á valkostum B3 og B4 hvors um sig við valkost B3.a,B4.a. Samanburður nær á milli þeirra staða sem línuleiðir valkosta aðskiljast að þeim stöðum sem þeir koma saman aftur. Sjá einnig skýringarmynd 20 í viðauka 3.

Tafla 67. Samanburður á áhrifum framkvæmda á áhrifasvæðum valkosta B3, B4 og B3.a,B4.a.

Matsþættir á umfangi framkvæmda	Valkostur B3	Valkostur B4	Valkostur B3.a,B4.a
Heildarfjöldi mastra í úthaga (utan ræktaðs lands)	36	37	34
Þar af horn- / endamöstur í úthaga (utan ræktaðs lands)	7	7	1
Heildarlengd línu um úthaga (utan ræktaðs lands)	12,5 km	13,6 km	12,3 km
Helgunarsvæði í úthaga (m. v. 65 – 85 m breitt belti)	98,5 ha	98,6 ha	79,6 ha
Vegir í grónum úthaga	10970 m	11200 m	12440 m
Vegir í ógrónum úthaga	0	0	0
Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi	0	0	0
Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi	0	0	0
Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi	1100 m	390 m	520 m
Helgunarsvæði í ræktuðu landi (m. v. 65 – 85 m breitt belti)	7,8 ha	2,7 ha	3,4 ha
Vegir í ræktuðu landi	140 m	140 m	0
Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi	0	0	0
Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi	0	0	0
Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi	0	0	0
Helgunarsvæði í skógræktarlandi (m. v. 65 – 85 m breitt belti)	0	0	0
Vegir í skógræktarlandi	0	0	0

Nálægð valkosta við vinnusvæði, möguleg röskun bústarfa og starfa tengdra búrekstri.

Á valkosti B3 er minnsta fjarlægð línu frá mannvirkjum 230 metrar og er þar um að ræða útihús sem standa talsvert frá bæjarhlaði. Í öðru tilviki liggur línan í um 350 metra fjarlægð frá bæjarhlaði. Línuleiðin liggur á nokkrum stöðum um eða við ræktað land en annars er fjarlægð línu meiri en 500 m frá helstu vinnusvæðum búa og mannvirkjum tengdum landbúnaðarstarfsemi.

Á valkosti B4 er minnsta fjarlægð línu frá mannvirkjum 100 og 150 metrar. Í báðum tilvikum er þar um að ræða hús sem tilheyra jörðum sem ekki hafa skráða landbúnaðarstarfsemi. Annars er fjarlægð mannvirkja frá línu á valkosti B4 yfir 500 m og liggur línan lítið um ræktað land.

Á valkosti B3.a,B4.a er minnsta fjarlægð línu frá mannvirkjum um 100 metrar og er þar um að ræða hús sem tilheyra jörð sem ekki hefur skráða landbúnaðarstarfsemi. Í öðru tilviki á valkosti B3.a,B4.a, á einni bújörð, er fjarlægð línu frá útihúsum um 250 m og fer línuleið þar einnig yfir og mjög nálægt ræktuðu landi. Annars eru bæjarhlöð og landbúnaðarbyggingar lengra frá línunni á valkosti B3.a,B4.a.

Búast má við talsverðri umferð og þungaflutningum meðan á framkvæmdum stendur. Allir valkostirnir þvera Hvítárbakkaveg (514) og tengjast línuvegir allra valkosta honum. Á valkosti B3 er gert ráð fyrir að í fjórum tilvikum verði heimreiðar tenging við línuvegi og í tveimur tilvikum á valkosti B4. Þessi þverun og tengingar geta haft áhrif á búrekstur og truflað störf bænda og má hugsanlega búast við töfum á umferð meðan að framkvæmdir standa yfir. Jafnframt má búast við aukinni umferð og þungaflutningum á Borgarfjarðarbraut (50) á framkvæmdatíma.

Áhrif á beitarland og úthaga

Allir valkostir fara yfir vel gróna úthaga og beitarlönd sem búast má við að séu notuð til beitar allt árið. Á línleiðum valkosta eru möstur öll í úthaga og beitarlöndum og nær öll í vel grónu landi. Á valkosti B3 eru möstur alls 36, þar af 7 hornmöstur sem eru stærri að umfangi, á valkosti B4 eru möstur 37 talsins, þar af 7 hornmöstur og á valkosti B3.a,B4.a eru alls 34 möstur, þar af 1 hornmastur.

Línuvegir allra valkosta liggja um úthaga og beitarlönd á vel grónu landi. Samkvæmt upprætti er heildarvegalengd línuvega í úthaga og beitarlöndum fyrir valkost B3 11,0 km, fyrir valkost B4 11,2 km og fyrir B3.a,B4.a er lengd þeirra 12,4 km. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila í úthaga er fyrir valkost B3 98,5 ha, en fyrir valkost B4 er það 98,6 ha og 79,6 ha fyrir valkost B3.a,B4.a.

Á framkvæmdatíma þarf mögulega að rjúfa girðingar og opna hólfa sem getur raskað beitarskipulagi á bújörðum sem línan og/eða línuvegir fara um. Þú á þessum valkostum eru með nautgripi, hross og sauðfé og eru mörg háð aðgengi og notkun beitarlands en umferð og vinna við framkvæmdir getur komið styggð að búfé. Á valkosti B3.a,B4.a verða framkvæmdir nálægt bæjarhlöðum og útihúsum einnar bújarðar. Þar má reikna með að áhrif á nýtingu beitarhólfa verði meiri en á valkostum B3 og B4 þar sem þeir liggja fjarri slíkum stöðum. Ekki er hægt að greina mun á milli valkosta B3 og B4 hvað áhrif á beit og úthaga varðar á framkvæmdatíma.

Áhrif á ræktunarland

Heildarflatarmál ræktaðs lands á þeim bújörðum sem línuleiðir liggja um er 397 – 438 ha, stærst er það á valkosti B3 og minnst á valkosti B3.a,B4.a. Heildarstærð ræktunarspildna sem línuleiðir liggja um er 37,0 ha á valkosti B3, 16,0 ha á valkosti B4 og 13,3 ha á valkosti B3.a,B4.a. Þverun línuleiða yfir ræktað land er mest á valkosti B3 og er þar 1100 m, 520 m á valkosti B3.a,B4.a og fyrir valkost B4 er þverun línu yfir ræktað land 390 m. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila vegna línunnar miðast við 65 – 85 m breitt svæði undir og meðfram henni. Samkvæmt túnkorti er helgunarsvæði framkvæmdaraðila í ræktuðu landi 7,8 ha fyrir valkost B3, 3,4 ha fyrir valkost B3.a,B4a og 2,7 ha fyrir valkost B4. Innan helgunarsvæðis línunnar má búast við einhverju raski á framkvæmdatíma og getur notkun innan þess svæðis þá verið takmörkuð að einhverju leyti. Lengd línuvega í ræktuðu landi er samkvæmt upprætti 140 m fyrir valkosti B3 og B4 en fyrir valkost B3.a,B4.a er ekki gert ráð fyrir að lagðir verði vegir yfir ræktað land. Mögulega verður einhver umferð vinnuvéla um ræktað land vegna uppsetningar á línu sem getur valdið bælingu á uppskeru og þjöppun á jarðvegi. Hugsanlega þarf að opna girðingar og eru tún þá óvarin á meðan framkvæmd stendur.

Samanburður milli valkosta B3, B4 og B3.a,B4.a og möguleg áhrif á rekstartíma

Áhrif á umfang búrekstrar

Valkostur B3 er nálægt útihúsum einnar bújarðar og ekki langt frá bæjarhlaði á annarri bújörð. Línuleiðin liggur á nokkrum stöðum yfir eða nálægt ræktuðu landi sem gæti haft í för með sér óþægindi við stækkun þess. Annars er ekki hægt að greina að valkosturinn hafi varanleg áhrif á umfang búrekstrar.

Valkostur B3.a,B4.a er nálægt bæjarhlaði og athafnasvæðum einnar bújarðar og getur þar valdið óhagræði og takmarkað möguleika til framkvæmda og stækkunar á búinu. Þar liggur línan jafnframt

yfir og í mikilli nálægð við nokkurn hluta af ræktuðu landi búans. Á öðrum hlutum línuleiðar á þessum valkosti er ekki hægt að sjá að framkvæmdin hafi varanleg áhrif á umfang búrekstrar.

Valkostur B4 liggur ekki nálægt bæjarhlöðum og athafnasvæðum bújarða. Á tveimur bújörðum liggur línan yfir ræktað land en ekki er þó hægt að greina varanleg áhrif hennar á umfang búrekstrar.

Áhrif á beitarland og úthaga

Línuleiðin er að stórum hluta um beitarlönd og úthaga á öllum valkostum. Línuvegir ásamt malarpúðum undir og umhverfis möstur munu minnka flatarmál beitarlanda og verður varanleiki áhrifa sem því nemur hver kosturinn sem valinn yrði. Línuvegur mun þvera girðingar og umferð á rekstartíma gæti haft truflandi áhrif á búpening á beit ef farið er um beitarhólf. Línuvegur getur að sama skapi nýst til hagræðingar við bústörf, t.d. í smalamennskur eða við fóðrun hrossa yfir vetrartíma. Ekki má greina að varanleg áhrif verði mikil á valkostum B3 og B4 en reikna má með að þau verði meiri á valkosti B3.a, B4.a þar sem línuleið þess valkostar er nær bæjarhlöðum. Þar fer hún um beitarhólf þar sem búast má við mikilli notkun og beitarstýringu allt árið.

Áhrif á ræktunarland

Heildarstærð ræktunarspildna sem lenda innan helgunarsvæðis línunnar er 37,0 ha fyrir valkost B3, 16,0 fyrir valkost B4 og 13.3. ha fyrir valkost B3.a,B4.a.

Á valkostum B3 og B4 liggur sams konar 140 m langur línvegur yfir ræktað land samkvæmt uppdrætti. Hann liggur yfir enda á ræktunarspildu og mun minnka hana sem nemur umfangi vegarins og skapa óhagræði við nýtingu á henni. Engir línuvegir eru yfir ræktað land á valkosti B3.a,B4.a en línuleið þess valkostar þverar ræktað land meira og er þar í meiri nálægð við ræktað land en línuleiðir B3 og B4.

Enginn línumöstur lenda í ræktuðu landi á neinum þessara valkosta. Varanleg áhrif eru bundin umfangi línuvegar sem fer yfir ræktað land og nálægð þess við línuleiðir. Á öllum valkostum má greina svæði þar sem tækifæri eru til aukinnar ræktunar til fóðuröflunar eða framleiðslu matvæla. Ef hægt er að breyta lítilliga staðsetningu á möstrum og línuvegum þar sem þetta á við getur það verið álitleg mótvægisáðgerð til að auðvelda nýtingu ræktunarlands.

Samanburður milli valkosta B5 og B5.a og áhrif á framkvæmdatíma

Tafla 68 sýnir samanburð á umfangi framkvæmda á valkostum B5 og B5.a. Samanburður nær frá þeim stöðum þar sem línuleiðir valkosta aðskiljast að þeim stöðum sem þeir koma saman aftur. Sjá einnig skýringarmynd 21 í viðauka 3.

Tafla 68. Samanburður á áhrifum framkvæmda á áhrifasvæðum valkosta B5 og B5.a.

Matsþættir á umfangi framkvæmda	Valkostur B5	Valkostur B5.a
Heildarfjöldi mastra í beitarlandi (utan ræktaðs lands)	11	8
Þar af horn- / endamöstur í beitarlandi (utan ræktaðs lands)	1	0
Heildarlengd línu um beitarland (utan ræktaðs lands)	3,5 km	2,8 km
Helgunarsvæði í beitarlandi (m. v. 65 – 85 m breitt belti)	26,5 ha	17,4 ha
Vegir í grónu beitarlandi	2990 m	2870 m
Vegir í ógrónu beitarlandi	0	0
Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi	0	2
Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi	0	0
Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi	0	700 m
Helgunarsvæði í ræktuðu landi (m. v. 65 – 85 m breitt belti)	0	4,6 ha
Vegir í ræktuðu landi	0	80 m
Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi	0	0
Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi	0	0
Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi	0	0
Helgunarsvæði í skógræktarlandi (m. v. 65 – 85 m breitt belti)	0	0
Vegir í skógræktarlandi	0	0

Nálægð valkosta við vinnusvæði, möguleg röskun bústarfa og starfa tengdra búrekstri.

Báðir valkostir eru í góðri fjarlægð frá bæjarhlöðum, landbúnaðarbyggingum og athafnasvæðum bújarða. Línuleiðin sem tilheyrir valkosti B5.a liggur yfir ræktað land og tvö línumöstur verða staðsett í ræktuðu landi samkvæmt uppdrætti. Á þessum valkosti mun framkvæmdin hafa truflandi áhrif á bústörf ef hana ber upp á heyskapartíma. Valkostur B5 liggur ekki yfir ræktað land.

Báðir valkostir þvera Hvítárvallaveg (510) og þar má búast við talsverðri umferð og þungaflutningum meðan á framkvæmdum stendur. Það getur haft áhrif á búrekstur og truflað störf bænda og má hugsanlega búast við töfum á umferð meðan framkvæmdirnar standa yfir. Línuvegir beggja valkosta tengjast Hvítárvallvegi. Jafnframt má búast við aukinni umferð og þungaflutningum á Borgarfjarðarbraut (50) á framkvæmdatíma.

Áhrif á beitarland og úthaga

Báðir valkostir fara yfir vel gróna úthaga og beitarlönd sem búast má við að séu notuð til beitar allt árið. Á valkosti B5 eru möstur alls 11, þar af 1 hornmastur sem er stærra að umfangi en hin og eru öll möstur á þessum valkosti í úthaga og beitarlandi. Á valkosti B5.a eru möstur alls 8 sem eru staðsett í úthaga og beitarlandi samkvæmt uppdrætti. Öll möstur á línuleiðum þessara valkosta verða í vel grónu landi eða ræktuðu.

Línuvegir beggja valkosta sem liggja um úthaga og beitarlönd verða skv. uppdrætti á vel grónu landi. Lengd þeirra er fyrir valkost B5 er 3,0 km en fyrir valkost B5.a er hún 2,9 km. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila í úthaga er fyrir valkost B5 26,5 ha, en fyrir valkost B5.a 17,4 ha.

Lagning línunnar getur haft áhrif á notkun beitarhaga á framkvæmdatíma, línuleiðir beggja valkosta og línuvegir þvera og liggja um beitarhólf og má búast við að rjúfa þurfi girðingar og hólf verði opin meðan á framkvæmdum stendur. Bú á þessum valkostum eru með hross og sauðfé og eru háð aðgengi og notkun beitarlands og getur umferð og vinna við framkvæmdir komið styggð að búfé. Ef rjúfa þarf girðingar getur það raskað beitarskipulagi á bújörðum sem línan og/eða línuvegir fara um.

Áhrif á ræktunarland

Heildarflatarmál ræktaðs lands á þeim bújörðum sem línuleiðir liggja um eru 99,6 ha, það sama á báðum valkostum.

Valkostur B5.a fer yfir ræktunarspildur sem eru að heildarstærð 14,4 ha. Þverun línuleiðar um ræktað land er 700 m fyrir þennan valkost. Þar er gert ráð fyrir 2 línumöstrum og línuvegi sem er 80 m langur. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila vegna línunnar miðast við 65 – 85 m breitt svæði undir og meðfram henni. Samkvæmt túnkorti er helgunarsvæði framkvæmdaaðila í ræktuðu landi 4,6 ha fyrir valkost B5.a. Innan helgunarsvæðis línunnar má búast við einhverju raski á framkvæmdatíma og e.t.v. getur notkun innan þess svæðis verið takmörkuð að einhverju leyti.

Mögulega verður einhver umferð vinnuvéla yfir ræktað land vegna uppsetningar á línu sem getur valdið bælingu á uppskeru og þjöppun á jarðvegi. Hugsanlega þarf að opna girðingar og eru tún þá óvarin á meðan framkvæmd stendur.

Valkostur B5 liggur hvergi um ræktað land og helgunarsvæði línunnar er ekki á ræktuðu landi á þeirri leið.

Samanburður milli valkosta B5 og B5.a og möguleg áhrif á rekstartíma

Áhrif á umfang búrekstrar

Ekki er hægt að greina að valkostir hafi varanleg áhrif á umfang búrekstrar en fyrir valkost B5.a valda möstur í ræktuðu landi og línuvegur einhverju óhagræði við fóðuröflun.

Áhrif á beitarland og úthaga

Línuleið fyrir valkost B5 liggur eingöngu um beitarlönd og úthaga og að stórum hluta fyrir valkost B5.a. Varanleg áhrif eru einungis bundin línuvegum og malarpúðum undir og umhverfis möstur þar sem flatarmál beitarlanda mun minnka sem því nemur. Að öðru leyti má búast við að almenn notkun úthaga og beitarlands geti orðið óbreytt á rekstartíma og þar er ekki munur á milli valkosta. Línuvegur mun þvera girðingar og umferð gæti haft truflandi áhrif á búpening á beit í þeim hólum sem hann liggur um. Línuvegur getur að sama skapi nýst til hagræðingar við smalamennskur eða til að koma fóðri í búpening yfir vetrartíma.

Áhrif á ræktunarland

Valkostur B5 liggur hvergi um ræktað land og helgunarsvæði línu þess valkostar er ekki á ræktuðu landi. Jafnframt hefur valkosturinn lítil varanleg áhrif á möguleika þess að stækka ræktað land.

Valkostur B5.a liggur um ræktunarspildur sem eru samtals 14,4 ha að stærð. Þar er samkvæmt uppdrætti gert ráð fyrir 2 möstrum og 80 m kafla af línuvegi. Varanleg áhrif af þessari framkvæmd eru þau að ræktað land minnkar sem nemur umfangi línuvega og malarpúða undir og umhverfis möstur. Framkvæmdin mun einnig auka jaðaráhrif á þær ræktunarspildur sem mannvirki lenda á og einnig óhagræði við vinnu og notkun þeirra. Land vestan ræktunarspildna sem valkostur B5.a myndi liggja um virðist hentugt ræktunarland. Þar myndi framkvæmdin hafa varanleg áhrif á notkun þess sem nemur umfangi og staðsetningu mannvirkja.

Báðir valkostir fara nánast eingöngu yfir gróið land og má greina svæði, þar sem tækifæri eru til aukinnar ræktunar, til fóðuröflunar eða framleiðslu matvæla.



Mynd 12. Ræktunarspildur og gott ræktunarland á línuleið valkostar B5.a. Samkvæmt uppdrætti er gert ráð fyrir möstrum og línuvegi í ræktuðu landi og góðu ræktunarlandi sem er vestan ræktunarspildna.

Kafli C á línuleið

Heildaryfirlit á umfangi framkvæmda og áhrif á framkvæmdatíma á kafla C

Tafla 69 sýnir umfang framkvæmda á kafla C á línuleiðinni. Þar er talið upp magn og helstu stærðir matsþátta sem hafa áhrif á landbúnaðarstarfsemi á bújörðum á framkvæmda- og rekstartíma. Magntölur og stærðir miðast annars vegar við línuleið meðfram núverandi línu og hins vegar við breytileika milli mögulegra samsetninga valkosta á kafla C. Þær tölur endurspeglast í þeim texta sem á eftir kemur. Sjá einnig skýringamyndir í viðauka 4.

Tafla 69. Umfang framkvæmda sem gætu haft áhrif á landbúnað á C-kafla línuleiðar.

Matsþættir á umfangi framkvæmda	Kafli C á línuleið, meðfram núverandi línu	Breytileiki á kafla C línuleiðar m.t.t. valkosta
Heildarfjöldi mastra í úthaga (utan ræktaðs lands)	31	31 – 40
Þar af horn- / endamöstur í úthaga (utan ræktaðs lands)	2	2 – 5
Heildarlengd línu um úthaga (utan ræktaðs lands)	11,4 km	11,4 – 13,7 km
Helgunarsvæði í úthaga (m. v. 65m breitt belti)	78,5 ha	78,5 – 108,9 ha
Vegir í grónu landi í úthaga	9,4 km	9,4 – 11,3 km
Vegir í ógrónu landi í úthaga	700 m	450 – 1030 m
Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi	5	0 – 5
Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi	1	0 – 1
Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi	1780 m	390 – 1780 m
Helgunarsvæði í ræktuðu landi (m. v. 65m breitt belti)	13,0 ha	3,3 – 13,0 ha
Vegir í ræktuðu landi	370 m	90 – 370 m
Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi	0	0
Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi	0	0
Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi (m.v. 65m breitt belti)	0	0
Helgunarsvæði í skógræktarlandi	0	0
Vegir í skógræktarlandi	0	0

Nálægð við vinnusvæði (heimasvæði), möguleg röskun bústarfa og starfa tengdra búrekstri.

Kafli C á línuleiðinni er yfirleitt ekki í mikilli nálægð við bæjarstæði eða vinnusvæði bújarða. Í fjórum tilvikum eru línuleiðir í 400 - 500 metra fjarlægð frá slíkum svæðum. Að auki er útihús á einni jörð í um 350 m fjarlægð frá línuleið eins valkostar, þar er um að ræða jörð sem ekki hefur skráða landbúnaðarstarfsemi.

Önnur landbúnaðarmannvirki sem verða næst línuleiðum eru fjárrétt og aðstöðuhús við hana sem yrðu í innan við 100 m fjarlægð frá línuleið eins valkostar. Þar er jafnframt safnhólf tengt réttinni í einungis 10 m fjarlægð frá þeirri línuleið. Ef framkvæmdir ber upp á tíma sem bændur eru við réttarstörf mun það líklega hafa truflandi áhrif á þau störf. Annars eru bæjarhlöð og landbúnaðarbyggingar fjær línunni en réttin sbr. fyrri málsgrein og ekki hægt að greina að nálægð línuleiða muni þar hafa truflandi áhrif á bústörf.

Línuleiðir valkosta liggja um ræktað land á nokkrum stöðum. Þar geta framkvæmdir haft tímabundin truflandi áhrif á bústörf ef þær ber upp á annatíma í vinnu á ræktuðu landi, t.d. við heyskap.

Búast má við talsverðri umferð og þungaflutningum á stofn-, tengi- og héraðsvegum meðan á framkvæmdum stendur. Þrjár heimreiðar eru nýttar sem tenging við línuvegi sem eru þó ekki mjög nálægt bæjarhlöðum. Á framkvæmdatíma má þar búast við töfum vegna umferðar og áhrifum vegna

vinnu við framkvæmdir. Einnig má búast við tímabundnum lokunum á stofnvegi, tengivegi og héraðsvegum þar sem línun mun þvera þá vegi. Vegir þar sem búast má við aukinni umferð og þungaflutningum eru Borgarfjarðarbraut (50), Þverárhlíðarvegur (522), Kvíavegur (5230), Sigmunarstaðavegur (5231) og Grjótsvegur (5233).

Áhrif á beitarland og úthaga

Á þessum kafla línuleiðar fara allir valkostir að mestu leyti yfir úthaga og beitarlönd sem eru í misjafnlega mikið eða vel grónu landi. Sums staðar er að finna svæði sem eru vaxin kjarri eða villtum birkiskógi. Línuleiðin er að mestum hluta á láglendi, á landi sem búast má við að sé notað til beitar allt árið. Áhrif framkvæmda eru breytileg eftir samsetningu valkosta, en fyrirhugað er að reisa 31 – 40 línumöstur með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Af þeim eru 2 – 5 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi. Fyrirhuguð stæði fyrir möstur eru flest í grónu eða hálfgrónu landi. Heildarlengd vega sem leggja þyrfti um úthaga og beitarlönd er samkvæmt uppdrætti 9,9 – 12,3 km, þar af eru 9,4 – 11,3 km yfir gróið beitarland. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila í úthaga er um 78,5 -108,9 ha.

Lagning línunnar getur haft nokkur áhrif á notkun beitarhaga á framkvæmdatíma. Á þessum kafla línuleiðar fer línuleið víða um beitarhólf og má búast við að þar sem línuvegir þvera girðingar verði þær opnar meðan á framkvæmdum stendur. Þú á þessum kafla línuleiðar eru með nautgripi, hross og sauðfé og eru háð aðgengi og notkun beitarlands. Umferð og vinna við framkvæmdir getur komið styggð að búfé og raskað beitarSKIPULAGI á bújörðum sem línun og/eða línuvegir fara um.

Áhrif á ræktunarland

Heildarflatarmál núverandi ræktaðs lands á C-kafla línuleiðar er 555 ha. Línuleiðin liggur yfir ræktað land á nokkrum bújörðum og er heildarlengd línu yfir slíku landi og helgunarsvæði hennar misjafnt eftir samsetningu valkosta. Umfang og áhrif framkvæmda í ræktaðu landi eru breytileg eftir valkostum. Einn valkostur sker sig úr þar sem umfang og áhrif eru meiri en fyrir aðra valkosti.

Heildarstærð ræktunarspildna sem línuleið liggur um er á bilinu 33,3 – 98,2 ha og lengd línu sem þverar ræktað land á bilinu 390 – 1780 m. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila vegna línunnar miðast við 65 – 85 m breitt svæði undir og meðfram henni. Samkvæmt tunkorti eru á kafla C 3,3 – 13,0 ha af ræktaðu landi innan helgunarsvæðis línu og má þar búast við einhverju raski á framkvæmdatíma og e.t.v. getur notkun innan þess svæðis verið takmörkuð að einhverju leyti. Heildarfjöldi mastra í ræktaðu landi er á bilinu 0 – 5 og þar af 0 – 1 horn- eða endamastur sem er stærra að umfangi.

Veglagning yfir ræktað land er samkvæmt uppdrætti 90 – 370 m. Samkvæmt uppdrætti fara línuvegir inn í átta ræktunarspildur og eru vegir teiknaðir þvert í gegnum þrjár þeirra og skipta þeim í tvo hluta. Af tveimur spildum taka línuvegir og möstur sem þeir liggja að um 1 ha af ræktaðu landi í enda þeirra. Annars staðar, þar sem er gert ráð fyrir línuvegum í ræktaðu landi eru þeir að mestu í jöðrum spildnanna. Í litlum mæli er verið að nota túnvegi og vegslóða sem þegar eru til staðar og gæti þurft að byggja upp að einhverju leyti. Búast má við umferð vinnuvéla yfir ræktað land á framkvæmdartíma við lagningu vega og uppsetningu á línu og línumöstrum. Framkvæmdir geta haft truflandi áhrif á bústörf og notkun ræktunarlands ef þær ber upp á annatíma, t.d. heyskapartíma. Umferð um ræktað land getur valdið bælingu á uppskeru og þjöppun á jarðvegi. Mögulega þarf að opna girðingar og eru tún þá óvarin á meðan framkvæmd stendur.

Á kafla C á línuleiðinni hefur framkvæmd ekki áhrif á samningsbundin skógræktarsvæði. Á línuleiðinni er þó ein bújörð þar sem er þátttaka í verkefninu Skógrækt á lögbýlum, með 164 ha af skipulögðu

skógræktarsvæði. Annar skógræktarreit er á þessum kafla línuleiðarinnar og er hann á forræði Skógræktarinnar. Hann er ekki hluti af samningsbundinni skógrækt á lögbýlum og telst ekki til nytjaskógræktar og er því ekki talinn með svæðum sem tilheyra landbúnaðarstarfsemi á bújörðum. Sums staðar er að finna villtan birkiskóg, en í þessu mati telst það land til úthaga en ekki skógræktar.

Möguleg áhrif á kafla C á rekstrartíma

Áhrif á umfang búrekstrar

Línuleið liggur á kafla C að stærstum hluta yfir úthaga og heimalönd sem nýtt eru til beitar og er í nokkurri fjarlægð frá helstu vinnusvæðum búrekstrar. Línuvegir tengjast heimreiðum á þremur stöðum og má þar búast við einhverri umferð vegna þjónustu við línuna á rekstrartíma. Áhrif til takmörkunar á umfangi búrekstrar eru lítil nema á einni bújörð þar sem þau eru talsverð. Þau áhrif eru bundin einum valkosti línuleiðar þar sem línumöstur og vegslóðar lenda í ræktuðu landi, skerða það og valda óhagræði við vinnu á ræktunarspildum.

Áhrif á beitarland og úthaga

Línan liggur að mestu leyti um beitarlönd á þessum kafla línuleiðarinnar og mun línuvegur ásamt malarpúðum undir og umhverfis möstur minnka flatarmál beitarlands sem þeim nemur. Að öðru leyti má búast við að notkun úthaga og beitarlands geti orðið óbreytt. Línuvegurinn mun víða þvera beitarhólf og gæti umferð þar haft truflandi áhrif á búpening á beit. Línuvegur gæti að sama skapi nýst til hagræðingar t.d. við smalamennskur eða til að koma fóðri í búpening, t.d. hross yfir vetrartíma.

Áhrif á ræktunarland

Varanleg áhrif eru mismikil eftir valkostum á þessum kafla en línan þverar ræktað land sem nemur á bilinu 80 - 1790 m. Einn valkostur sker sig talsvert úr hvað varðar umfang varanlegra mannvirkja í ræktuðu landi. Ekki er gert ráð fyrir línumöstrum nema í þeim valkosti þar sem gert er ráð fyrir 5 línumöstrum í ræktuðu landi og eru þau öll á einni bújörð. Á þeirri bújörð er lengd varanlegra línuvega 280 m en á kafla C á línuleiðinni er heildarlengd varanlegra línuvega í ræktuðu landi mismikil eftir valkostum og er á bilinu 90-370 m.

Varanleg mannvirki í ræktuðu landi hafa þau áhrif að land til nytja mun minnka sem umfangi mannvirkja nemur. Þar munu vegir og möstur í ræktuðu landi valda varanlegu óhagræði við nýtingu ræktunarspildna, auka jaðaráhrif og minnka uppskeru. Samkvæmt uppdrætti fara línuvegir inn í átta ræktunarspildur, þvert í gegnum þrjár þeirra og kljúfa þær þannig í tvo hluta og auka jaðaráhrif. Af tveimur spildum taka línuvegir og möstur sem þeir liggja að um 1 ha af ræktuðu landi í enda þeirra. Í öðrum tilvikum, þar sem er gert ráð línuvegum í ræktuðu landi liggja þeir að mestu í jöðrum spildnanna.

Varanleg áhrif sem takmarka notkun á ræktuðu landi eru talsverð fyrir einn valkost en eru að öðru leyti ekki mikil.

Ræktað land á áhrifasvæði C-kafla línuleiðar er að fullu nýtt og að auki þarf á nokkrum bújörðum að sækja heyskap út fyrir svæðið. Ræktanlegt land á svæðinu er fyrir hendi en þó í takmörkuðum mæli og ekki er hægt að greina að varanleg áhrif framkvæmda takmarki möguleika á ræktun þess.

Kafli C á línuleið hefur ekki varanleg áhrif á samningsbundin skógræktarsvæði.



Mynd 13. Úthagar og beitarlönd á kafla C línuleiðar. Allir valkostir á kafla C fara að mestu leyti um úthaga og beitarlönd sem eru í misjafnlega mikið eða vel grónu landi og á nokkrum stöðum vaxin kjarri eða villtum birkiskógi.

Samanburður milli valkosta C1, C2 og C1.a, C2.a og áhrif á framkvæmdatíma

Tafla 70 sýnir samanburð á umfangi framkvæmda á valkostum C1 og C2 hvors um sig við valkost C1.a,C2.a. Samanburður nær frá þeim stöðum sem línuleiðir valkosta aðskiljast að þeim stöðum sem þeir koma saman aftur. Sjá einnig skýringarmynd 23 í viðauka 4.

Tafla 70. Samanburður á áhrifum framkvæmda á áhrifasvæðum valkosta C1, C2 og C1.a,C2.a.

Matsþættir á umfangi framkvæmda	Valkostur C1	Valkostur C2	Valkostur C1.a,C2.a
Heildarfjöldi mastra í úthaga (utan ræktaðs lands)	23	23	15
Þar af horn- / endamöstur í úthaga (utan ræktaðs lands)	3	3	1
Heildarlengd línu um úthaga (utan ræktaðs lands)	7,1 km	7,0 km	5,6 km
Helgunarsvæði í úthaga (m. v. 65 – 85 m breitt belt)	63,6 ha	68,1 ha	41,1 ha
Vegir í grónu landi í úthaga	6450 m	5450 m	4650 m
Vegir í ógrónu landi í úthaga	450 m	530 m	700 m
Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi	0	0	5
Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi	0	0	1
Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi	330 m	180 m	1570 m
Helgunarsvæði í ræktuðu landi (m. v. 65 – 85 m breitt belt)	2,9 ha	1,8 ha	11,5 ha
Vegir í ræktuðu landi	90 m	90 m	370 m
Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi	0	0	0
Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi	0	0	0
Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi	0	0	0
Helgunarsvæði í skógræktarlandi (m. v. 65 – 85 m breitt belt)	0	0	0
Vegir í skógræktarlandi	0	0	0

Nálægð valkosta við vinnusvæði, möguleg röskun bústarfa og starfa tengdra búrekstri.

Valkostur C1 er að langmestum hluta fjarri bæjarhlöðum og öðrum vinnusvæðum bújarða. Fjarlægð frá línu að mannvirkjum á valkosti C1 er yfir 500 m nema í einu tilviki, þar sem 380 m eru í bæjarhlað. Valkostur C1 fer lítið um ræktað land.

Öll mannvirki og helstu vinnusvæði bújarða á valkosti C2 eru meira en 500 m fjarlægð frá línu og liggur línán mjög lítið um ræktað land.

Á valkosti C1.a,C2.a er minnsta fjarlægð línu frá bæjarhlöðum og öðrum vinnusvæðum bújarða um 360 metrar á einni jörð. Á tveimur öðrum bújörðum er þessi fjarlægð um 400 m en á öðrum stöðum er hún meiri en 500 m. Valkostur þessi liggur um ræktað land á tveimur bújörðum samtals 1570 m.

Þar sem línuleiðir fara um ræktað land geta framkvæmdir haft tímabundin truflandi áhrif á bústörf ef þær ber upp á annatíma í vinnu á ræktuðu landi t.d. við heyskap.

Búast má við talsverðri umferð og þungaflutningum meðan á framkvæmdum stendur. Allir valkostirnir þvera Þverárhliðarveg (522), Kvíaveg (5230) og Sigmundarstaðaveg (5231) og línuvegir tengjast þessum vegum. Á valkostum C1 og C2 er gert ráð fyrir að ein heimreið verði tenging við línuvegi og í tveimur tilvikum á valkosti C1.a,C2.a. Þverun línu á vegum og tengingar línuvega við þá geta haft áhrif á búrekstur og truflað störf bænda og má hugsanlega búast við töfum á umferð meðan á framkvæmdum stendur. Jafnframt má búast við aukinni umferð og þungaflutningum á Borgarfjarðarbraut (50) á framkvæmdatíma.

Áhrif á beitarland og úthaga

Allir þessir valkostir fara að mestu leyti yfir úthaga og beitarlönd sem eru í misjafnlega mikið eða vel grónu landi. Sums staðar er að finna svæði sem eru vaxin kjarri eða villtum birkiskógi. Línuleiðir eru á láglendi, að nokkru leyti á landi sem búast má við að sé notað til beitar allt árið. Möstur í úthögum og beitarlöndum eru jafnmörg tengd valkostum C1 og C2, alls 23 í hvorum, þar af 3 hornmöstur sem eru stærri að umfangi. Á valkosti C1.a,C2.a eru alls 15 möstur í úthaga og beitarlöndum, þar af 1 hornmastur.

Samkvæmt uppdrætti er heildarvegalengd línuvega í úthaga og beitarlöndum fyrir valkost C1 6,9 km, þar af 6,5 km í grónu landi, fyrir valkost C2 6,0 km, þar af 5,5 í grónu landi og fyrir C1.a,C2.a er lengd þeirra 5,4 km, þar af 4,7 í grónu landi. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila í úthaga er fyrir valkost C1 63,6 ha, en fyrir valkost C2 er það 68,1 ha og 41,1 ha fyrir valkost C1.a,C2.a.

Lagning línunnar getur haft nokkur áhrif á notkun beitarhaga á framkvæmdatíma en ekki er að sjá að munur sé milli þessa valkosta nema hvað umfang varðar. Þar sem línuleiðir valkosta og línuvegir þvera beitarhólf má búast við að girðingar verði opnar meðan á framkvæmdum stendur. Þú þessara valkosta eru með nautgripi, hross og sauðfé og eru háð aðgengi og notkun beitarlands. Umferð og vinna við framkvæmdir geta komið styggð að búfé og raskað beitarSKIPULAGI á bújörðum þessara valkosta.

Áhrif á ræktunarland

Heildarflatarmál ræktaðs lands á bújörðum sem línuleið valkostar C1.a,C2.a liggur um er 380 ha. Á valkostum C1 og C2 eru sömu bújarðir og þar er heildarstærð ræktaðs lands 385 ha. Heildarstærð ræktunarspildna sem línuleiðir liggja um eru fyrir valkost C1 22,9 ha, fyrir valkost C2 18,2 ha og fyrir valkost C1.a,C2.a eru það 83,1 ha. Þverun línuleiða yfir ræktað land er á valkosti C1 330 m, á valkosti C2 er þverun 180 m og á valkosti C1.a,C2.a þverar línan mest, alls 1570 m. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila vegna línunnar miðast við 65 – 85 m breitt svæði undir og meðfram henni. Samkvæmt túnkorti er helgunarsvæði framkvæmdaraðila í ræktuðu landi fyrir valkost C1 2,9 ha, fyrir valkost C2 er það 1,8 ha og fyrir valkost C1.a,C2.a 11,5 ha. Innan helgunarsvæðis línunnar má búast við einhverju raski á framkvæmdatíma og getur notkun þess svæðis verið takmörkuð á þeim tíma. Fyrir valkosti C1 og C2 er lengd línuvegjar í ræktuðu landi sú sama. Samkvæmt uppdrætti er það 90 m og er sá vegur í jaðri og enda einnar spildu. Á þessum valkostum er ekki gert ráð fyrir neinum möstrum í ræktuðu landi.

Valkostur C1.a,C2.a sker sig talsvert úr miðað við hina valkostina hvað varðar uppbygginu mannvirkja í ræktuðu landi. Þar er samkvæmt uppdrætti gert ráð fyrir 370 m löngum línuvegum og 5 möstrum, þar af 1 hornmastri sem er stærra að ummáli en hin. Línuvegir er teiknaðir inn í sjö ræktunarspildur og liggja þeir þvert í gegnum þrjár og skipta hverri þeirra í tvo hluta. Af tveimur spildum taka línuvegir og möstur sem þeir liggja að um 1 ha af ræktuðu landi í enda þeirra. Í öðrum tilvikum, þar sem er gert ráð línuvegum í ræktuðu landi eru þeir að mestu í jöðrum spildnanna. Í litlum mæli er áætlað að nota túnvegi og vegslóða sem þegar eru til staðar og gæti þurft að byggja þá upp að einhverju leyti.

Búast má við umferð vinnuvéla yfir ræktað land á framkvæmdartíma, við lagningu vega og uppsetningu á línu og línumöstrum. Framkvæmdir geta haft truflandi áhrif á bústörf og notkun ræktaðs lands ef þær ber upp á annatíma, t.d. heyskapartíma. Umferð um ræktað land getur valdið bælingu á uppskeru og þjöppun á jarðvegi. Mögulega þarf að opna girðingar og eru tún þá óvarin á meðan framkvæmd stendur.

Valkostir hafa ekki áhrif á samningsbundin skógræktarsvæði. Allir valkostir fara þó um skógræktarreit sem er á forræði Skógræktarinnar. Hann er ekki hluti af samningsbundinni skógrækt á lögbýlum og telst ekki til nytjaskógræktar og er því ekki talinn til svæða sem tilheyra landbúnaðarstarfsemi á bújörðum. Sums staðar er að finna villtan birkiskóg sem línuleiðir valkosta fara um, en í þessu mati telst það land til úthaga en ekki skógræktar.

Samanburður milli valkosta C1, C2 og C1.a,C2.a og möguleg áhrif á rekstartíma

Áhrif á umfang búrekstrar

Línuleiðir valkosta C1 og C2 eru í nokkurri fjarlægð frá bæjarhlöðum og helstu vinnusvæðum búrekstrar. Þær eru að stærstum hluta yfir úthaga og heimalönd sem nýtt eru til beitar og fara að mjög litlu leyti um ræktað land. Ekki er hægt að greina að nálægð línuleiða á þessum valkostum hafi varanleg áhrif á umfang landbúnaðar.

Línuleið valkosta C1.a,C2.a liggur að jafnaði heldur nær bæjarhlöðum og helstu athafnasvæðum bújarða og eru varanleg áhrif talsvert meiri en af valkostum C1 og C2. Áhrif sem geta valdið takmörkunum á umfangi búrekstrar eru fyrst og fremst bundin við eina bújörð þar sem línumöstur og vegslóðar lenda í ræktuðu landi, skerða það og valda óhagræði við vinnu á ræktunarspildum.

Áhrif á beitarland og úthaga

Línuleiðir valkosta C1 og C2 liggja að stærstum hluta um beitarlönd og úthaga og valkostur C1.a,C2.a liggur einnig að miklu leyti um þannig land. Línuvegir ásamt malarpúðum undir og umhverfis möstur munu minnka flatarmál beitarlanda og því verður varanleiki áhrifa sem nemur umfangi mannvirkja í hverjum valkosti. Línuvegir munu þvera girðingar og liggja um beitarhólf og gæti umferð haft truflandi áhrif á búpening á beit í þeim hólfulum. Línuvegur getur að sama skapi nýst til hagræðingar við smalamennskur eða til að koma fóðri í búpening vetrartíma. Að öðru leyti má ætla að almenn notkun úthaga og beitarlands geti orðið óbreytt á rekstartíma að framkvæmdum loknum.

Áhrif á ræktunarland

Línuleiðir á valkostum C1 og C2 liggja að litlum hluta um ræktað land. Þar er ekki gert ráð fyrir línumannvirkjum nema línuvegi í jaðri og enda einnar ræktunarspildu, eins á báðum línuleiðum. Varanleg áhrif þessa valkosta eru einungis bundin við þá ræktunarspildu.

Fyrir valkost C1.a,C2.a er umfang varanlegra mannvirkja í ræktuðu landi mun meiri. Þar er gert ráð fyrir 5 línumöstrum og 370 m löngum línuvegum í ræktuðu landi. Öll eru þessi mannvirki á einni bújörð nema 90 m línuvegur sem er á annarri bújörð. Varanleg mannvirki í ræktuðu landi hafa þau áhrif að land til nytja mun minnka sem umfangi þeirra nemur auk þess að þau valda varanlegu óhagræði við nýtingu ræktunarspildna og auka jaðaráhrif. Samkvæmt uppdrætti fara línuvegir á þessum valkosti inn í sjö ræktunarspildur. Þeir kljúfa þrjár þeirra í tvo hluta og af tveimur spildum taka línuvegir og möstur sem þeir liggja að um 1 ha af ræktuðu landi í enda þeirra.

Ræktanlegt land er fyrir hendi á öllum þessum valkostum en þó í takmörkuðum mæli. Ekki er hægt að greina að varanleg áhrif framkvæmda takmarki möguleika á ræktun þess.

Valkostir hafa ekki varanleg áhrif á samningsbundin skógræktarsvæði.

Samanburður milli valkosta C3, C4 og C3.a, C4.a og áhrif á framkvæmdatíma

Tafla 67 sýnir samanburð á umfangi framkvæmda á valkostum C3 og C4 hvors um sig við valkost C3.a,C4.a. Samanburður nær frá milli þeim stöðum sem línuleiðir valkosta aðskiljast að þeim stöðum sem þeir koma saman aftur. Sjá einnig skýringarmynd 24 í viðauka 4.

Tafla 71. Samanburður á áhrifum framkvæmda á áhrifasvæðum valkosta C3, C4 og C3.a,C4.a.

Matsþættir á umfangi framkvæmda	Valkostur C3	Valkostur C4	Valkostur C3.a,C4.a
Heildarfjöldi mastra í úthaga (utan ræktaðs lands)	33	37	28
Þar af horn- / endamöstur í úthaga (utan ræktaðs lands)	4	5	2
Heildarlengd línu um úthaga (utan ræktaðs lands)	10,7 km	12,7 km	10,4 km
Helgunarsvæði í úthaga (m. v. 65 – 85 m breitt belti)	89,3 ha	106,9 ha	76,5 ha
Vegir í grónum úthaga	8540 m	10500 m	8560 m
Vegir í ógrónum úthaga	1030 m	1030 m	700 m
Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi	1	1	5
Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi	0	0	1
Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi	750 m	240 m	1570 m
Helgunarsvæði í ræktuðu landi (m. v. 65 – 85 m breitt belti)	6,6 ha	2,2 ha	11,5 ha
Vegir í ræktuðu landi	170 m	90 m	370 m
Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi	0	0	0
Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi	0	0	0
Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi	0	0	0
Helgunarsvæði í skógræktarlandi (m. v. 65 – 85 m breitt belti)	0	0	0
Vegir í skógræktarlandi	0	0	0

Nálægð valkosta við vinnusvæði, möguleg röskun bústarfa og starfa tengdra búrekstri.

Valkostur C3 er að langmestum hluta fjarri bæjarhlöðum og öðrum vinnusvæðum bújarða. Bæjarhlöð bújarða eru í meira en 500 m fjarlægð frá línuleið valkostsins nema bæjarhlað á einni bújörð sem er 430 m frá línunni. Fjárrétt og aðstöðuhús við hana er þó einungis í um 100 m fjarlægð frá línuleið þessa valkosta og safnhólf tengt réttinni í um 10 m fjarlægð frá línuleiðinni. Ef framkvæmdir ber upp á tíma sem bændur eru við réttarstörf mun það líklega hafa truflandi áhrif á þau störf. Valkostur C3 fer að hluta um ræktað land.

Öll mannvirki og helstu vinnusvæði bújarða á línuleið fyrir valkost C4 eru í a.m.k. 500 m fjarlægð frá línu og liggur línuleiðin lítið um ræktað land.

Á valkosti C3.a,C4.a er minnsta fjarlægð línu frá bæjarhlöðum og öðrum vinnusvæðum bújarða um 360 metrar. Á tveimur öðrum bújörðum er þessi fjarlægð um 400 m en á öðrum stöðum er hún meiri en 500 m. Valkosturinn liggur um ræktað land á tveimur bújörðum, samtals 1570 m.

Þar sem línuleiðir fara um ræktað land geta framkvæmdir haft tímabundin truflandi áhrif á bústörf ef þær ber upp á annatíma í vinnu á ræktuðu landi, t.d. við heyskap.

Búast má við talsverðri umferð og þungaflutningum meðan á framkvæmdum stendur. Allir valkostirnir þvera Þverárhliðarveg (522), Kvíaveg (5230) og Sigmundarstaðaveg (5231) og tengjast línuvegir þessum vegum. Á valkostum C3 og C4 er gert ráð fyrir að ein heimreið verði tenging við línuvegi og í tveimur tilvikum á valkosti C3.a,C4.a. Þverun línu á vegum og tengingar línuvega við þá geta haft áhrif á búrekstur og truflað störf bænda og má hugsanlega búast við töfum á umferð meðan að á

framkvæmdum stendur. Jafnframt má búast við aukinni umferð og þungaflutningum á Borgarfjarðarbraut (50) á framkvæmdatíma.

Áhrif á beitarland og úthaga

Allir þessir valkostir fara að mestu leyti yfir úthaga og beitarlönd sem eru í misjafnlega mikið eða vel grónu landi. Sums staðar er að finna svæði sem eru vaxin kjarri eða villtum birkiskógi. Línuleiðir eru á láglendi, að nokkru leyti á landi sem búast má við að sé notað til beitar allt árið. Möstur í úthögum og beitarlöndum eru á valkosti C3 alls 33, þar af 4 hornmöstur sem eru stærri að umfangi og á valkosti C4 eru alls 37 möstur, þar af 5 hornmöstur. Á valkosti C3.a,C4.a eru alls 28 möstur í úthaga og beitarlöndum, þar af 2 hornmöstur.

Samkvæmt uppdrætti er heildarvegalengd línuvega í úthaga og beitarlöndum fyrir valkost C3 9,5 km, þar af 8,5 km í grónu landi, fyrir valkost C4 11,5 km, þar af 10,5 km í grónu landi og fyrir C3.a,C4.a er lengd þeirra 9,3 km, þar af 8,6 í grónu landi. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila í úthaga er fyrir valkost C3 89,3 ha, en fyrir valkost C4 er það 106,9 ha og 76,5 ha fyrir valkost C3.a,C4.a.

Lagning línunnar getur haft nokkur áhrif á notkun beitarhaga á framkvæmdatíma en ekki er að sjá að munur sé milli þessa valkosta nema hvað umfang varðar. Þar sem línuleiðir valkosta og línuvegir þvera beitarhólf má búast við að girðingar verði opnar meðan á framkvæmdum stendur. Bú á þessum valkostum eru með nautgripi, hross og sauðfé og eru háð aðgengi og notkun beitarlands. Umferð og vinna við framkvæmdir geta komið styggð að búfé og framkvæmdir raskað beitarskipulagi á bújörðum innan áhrifasvæðis valkostanna.

Áhrif á ræktunarland

Heildarflatarmál ræktaðs lands á bújörðum sem línuleið valkostar C3.a,C4.a liggur um er 410 ha. Á valkostum C3 og C4 eru sömu bújarðir og þar er heildarstærð ræktaðs lands 456 ha. Heildarstærð ræktunarspildna sem línuleiðir liggja um eru fyrir valkost C3 33,1 ha, fyrir valkost C4 24,2 ha og fyrir valkost C3.a,C4.a 83,1 ha. Þverun línuleiða yfir ræktað land er á valkosti C3 750 m, á valkosti C4 er þverun 240 m og á valkosti C3.a,C4.a þverar línán mest, alls 1570 m. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila vegna línunnar miðast við 65 – 85 m breitt svæði undir og meðfram henni. Samkvæmt túnkorti er helgunarsvæði framkvæmdaraðila í ræktuðu landi fyrir valkost C3 6,6 ha, fyrir valkost C4 er það 2,2 ha og fyrir valkost C3.a,C4.a 11,5 ha. Innan helgunarsvæðis línunnar má búast við einhverju raski á framkvæmdatíma og getur notkun innan þess svæðis þá verið takmörkuð að einhverju leyti.

Fyrir valkost C3 er línuvegur í ræktuðu landi á tveimur bújörðum, samtals 170 m að lengd. Í öðru tilvikinu er um að ræða veg að stæðu sem staðsett er í ræktuðu landi. Fyrir valkost C4 er gert ráð fyrir línuvegi á einum stað, sem er hinn sami og annar þeirra sem er á valkosti C3, samtals 90 m og er hann í enda og jaðri ræktunarspildu. Á hvorum valkostum er gert ráð fyrir einu mastri í ræktuðu landi. Á valkosti C4 er um að ræða mastur í jaðri ræktaðs lands en á valkosti C3 er mastrið talsvert langt inni í ræktunarspildu. Gera má ráð fyrir að á framkvæmdatíma verði áhrif af fyrrgreindum mannvirkjum heldur meiri á valkosti C3 en á valkosti C4.

Valkostur C3.a,C4.a sker sig talsvert úr miðað við hina valkostina hvað varðar uppbygginu mannvirkja í ræktuðu landi. Þar er samkvæmt uppdrætti gert ráð fyrir 370 m löngum línuvegum og 5 möstrum, þar af 1 hornmastri sem er stærra að ummáli. Línuvegir eru teiknaðir inn í sjö ræktunarspildur og liggja þvert í gegnum þrjár og skipta hverri þeirra í tvo hluta. Af tveimur spildum taka línuvegir og möstur sem þeir liggja að um 1 ha af ræktuðu landi í enda þeirra. Í öðrum tilvikum, þar sem er gert ráð fyrir

Línuvegum í ræktuðu landi eru þeir að mestu í jöðrum spildnanna. Í litlum mæli er áætlað að nota túnvegi og vegslóða sem þegar eru til staðar og gæti þurft að byggja þá upp að einhverju leyti.

Búast má við umferð vinnuvéla yfir ræktað land á framkvæmdartíma, við lagningu vega og uppsetningu á línu og línumöstrum. Framkvæmdir geta haft truflandi áhrif á bústörf og notkun ræktaðs lands ef þær ber upp á annatíma, t.d. heyskapartíma. Umferð um ræktað land getur valdið bælingu á uppskeru og þjöppun á jarðvegi. Mögulega þarf að opna girðingar og eru tún þá óvarin á meðan framkvæmd stendur.

Valkostir hafa ekki áhrif á samningsbundin skógræktarsvæði. Valkostir C3 og C3.a,C4.a fara þó um skógræktarreit sem er á forræði Skógræktarinnar. Hann er ekki hluti af samningsbundinni skógrækt á lögbýlum og telst ekki til nytjaskógræktar og er því ekki talinn með svæðum sem tilheyra landbúnaðarstarfsemi á bújörðum. Sums staðar er að finna villtan birkiskóg sem línuleiðir valkosta fara um, en í þessu mati telst það land til úthaga en ekki skógræktar.

Samanburður milli valkosta C1, C2 og C1.a,C2.a og möguleg áhrif á rekstartíma

Áhrif á umfang búrekstrar

Línuleiðir valkosta C3 og C4 eru í nokkurri fjarlægð frá bæjarhlöðum og helstu vinnusvæðum búrekstrar. Undantekning frá því er að C3 liggur mjög nærri fjárrétt og aðstöðuhúsi henni tengdri. Sú nálægð getur haft varanleg áhrif á starfsemi í réttinni og frekari uppbyggingu á þessu svæði. Að öðru leyti liggja þessir valkostir að stærstum hluta yfir úthaga og heimalönd sem nýtt eru til beitar og fara að litlu leyti um ræktað land. Ekki er hægt að greina að nálægð línuleiða á þessum valkostum hafi varanleg áhrif á umfang landbúnaðar nema hugsanlega vegna nálægðar línuleiðar C3 við fjárréttina.

Línuleið valkosta C3.a,C4.a liggur að jafnaði heldur nær bæjarhlöðum og helstu athafnasvæðum bújarða og eru varanleg áhrif talsvert meiri en fyrir valkosti C3 og C4. Áhrif sem gætu valdið takmörkunum á umfangi búrekstrar eru fyrst og fremst bundin við eina bújörð þar sem línumöstur og vegslóðar lenda í ræktuðu landi, skerða það og valda óhagræði við vinnu á ræktunarspildum.

Áhrif á beitarland og úthaga

Línuleiðir valkosta C3 og C4 liggja að stærstum hluta um beitarlönd og úthaga og valkostur C3.a,C4.a liggur einnig að miklu leyti um þannig land. Línuvegir ásamt malarpúðum undir og umhverfis möstur munu minnka flatarmál beitarlanda og því verður varanleiki áhrifa sem nemur umfangi mannvirkja í hverjum valkosti. Línuvegir munu þvera girðingar og liggja um beitarhólf og gæti umferð haft truflandi áhrif á búpening á beit í þeim hólfulum. Línuvegur getur að sama skapi nýst til hagræðingar við smalamennskur eða til að koma fóðri í búpening vetrartíma.

Ætla má að almenn notkun úthaga og beitarlands geti orðið óbreytt á rekstartíma að framkvæmdum loknum.

Áhrif á ræktunarland

Valkostur C3 liggur um ræktað land á nokkrum stöðum. Þar er gert ráð fyrir einu línumastri sem staðsett er talsvert langt inni í ræktunarspildu og liggur um 80 m línuvegur að henni. Varanleg áhrif verða í samræmi við umfang þessara mannvirkja og valda óhagræði við vinnu, auka jaðaráhrif og skerða nýtingu á þeirri spildu. Einnig er 90 m línuvegur í jaðri og enda ræktunarspildu á annarri jörð en búast má við að varanleg áhrif hans verði ekki mikil.

Valkostur C4 fer að litlum hluta um ræktað land. Þar er gert ráð fyrir einu mastri sem er staðsett í jaðri á túnspildu og 90 m línuvegi í jaðri og enda ræktunarspildu á annarri jörð. Varanleg áhrif af þessum valkosti eru mjög lítil á rekstrartíma að framkvæmdum loknum.

Fyrir valkost C3.a,C4.a er umfang varanlegra mannvirkja í ræktuðu landi mun meira en hinna valkostanna. Hér er gert ráð fyrir 5 línümöstrum og 370 m löngum línuvegum í ræktuðu landi. Öll eru þessi mannvirki á einni bújörð nema 90 m línuvegur á annarri bújörð. Varanleg mannvirki í ræktuðu landi hafa þau áhrif að land til nytja mun minnka sem umfangi þeirra nemur auk þess sem þau valda varanlegu óhagræði við nýtingu ræktunarspildna og auka jaðaráhrif. Samkvæmt uppdrætti fara línuvegir á þessum valkosti inn í sjö ræktunarspildur. Þeir kljúfa þrjár þeirra í tvo hluta og af tveimur spildum taka línuvegir og möstur sem þeir liggja að um 1 ha af ræktuðu landi í enda þeirra.

Ræktanlegt land er fyrir hendi á öllum þessum valkostum en þó í takmörkuðum mæli. Ekki er hægt að greina að varanleg áhrif framkvæmda takmarki möguleika á ræktun þess.

Valkostir hafa ekki varanleg áhrif á samningsbundin skógræktarsvæði.



Mynd 14. Ræktað land á áhrifasvæði valkosta C1.a,C2.a og C3.a,C4.a. Línuleið þessara valkosta liggur að hluta um ræktað land og er þar gert ráð fyrir fimm línümöstrum í ræktunarspildum og línuvegum sem tengjast þeim. Þetta mun minnka ræktunarspildur sem nemur umfangi mannvirkja að flatarmáli, auka jaðaráhrif auk þess að valda mögulegu óhagræði við vinnu á þeim spildum.

Línuleið D - Áhrif á framkvæmdatíma og rekstartíma

Heildaryfirlit á umfangi framkvæmda og áhrif á framkvæmdatíma á kafla D

Tafla 72 sýnir umfang framkvæmda á kafla D á línuleiðinni. Þar er talið upp magn og helstu stærðir matsþátta sem hafa áhrif á landbúnaðarstarfsemi á bújörðum á framkvæmda- og rekstartíma. Magntölur og stærðir miðast annars vegar við línuleið meðfram núverandi línu og hins vegar við breytileika milli mögulegra samsetninga valkosta á kafla D. Þær tölur endurspeglast í þeim texta sem á eftir kemur. Sjá einnig skýringamyndir í viðauka 5.

Tafla 72. Umfang framkvæmda sem gætu haft áhrif á landbúnað á kafla D á línuleiðinni.

Matsþættir á umfangi framkvæmda	Kafli D á línuleið, meðfram núverandi línu
Heildarfjöldi mastra í úthaga (utan ræktaðs lands)	85
Þar af horn- / endamöstur í úthaga (utan ræktaðs lands)	7
Heildarlengd línu um úthaga (utan ræktaðs lands)	31,7 km
Helgunarsvæði í úthaga (m. v. 65m breitt belti)	211,0 ha
Vegir í grónu landi í úthaga	37,9 km
Vegir í ógrónu landi í úthaga	0
Heildarfjöldi mastra í ræktuðu landi	0
Þar af horn- / endamöstur í ræktuðu landi	0
Heildarlengd línu yfir ræktuðu landi	0
Helgunarsvæði í ræktuðu landi (m. v. 65m breitt belti)	0
Vegir í ræktuðu landi	0
Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi	4
Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi	0
Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi (m. v. 65m breitt belti)	1630 m
Helgunarsvæði í skógræktarlandi	10,6 ha
Vegir í skógræktarlandi	2530 m

Nálægð við vinnusvæði (heimasvæði), möguleg röskun bústarfa og starfa tengdra búrekstri.

Kafli D á línuleið fer að mestu leyti um heiðar og afréttarlönd. Bæjarhlað einnar bújarðar er í um 500 m fjarlægð frá línuleið en önnur eru fjær línu. Á þessum kafla línuleiðarinnar eru tvær bújarðir í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og liggur línan um samningssvæði annarrar þeirra og getur valdið röskun á störfum á þeirri bújörð. Mjög lítil búrekstur er á öðrum jörðum á áhrifasvæði kafla D á línuleiðinni en þær eru að einhverju leyti nýttar af öðrum bújörðum í nágrenninu. Ekki er að sjá að framkvæmdir við lagningu línu muni hafa truflandi áhrif á bústörf á einstökum bújörðum nema þá mjög lítil, þau áhrif væru þá helst af umferð á framkvæmdatíma.

Búast má við talsverðri umferð og þungaflutningum á stofn-, tengi- og héraðsvegum meðan á framkvæmdum stendur. Á D-kafla línuleiðarinnar eru tengingar við línuvegi yfirleitt ekki í nálægð við bújarðir og hefur umferð tengd framkvæmdum lítil áhrif á búrekstur og störf bænda. Vegir þar sem búast má við aukinni umferð og þungaflutningum eru Vesturlandsvegur (1) um Norðurárdal, Norðurárdalsvegur (528) og Grjótsvegur (5233).

Áhrif á beitarnland og úthaga

Þessi kaflí línuleiðar liggur að mestu leyti um heiðarlönd og afrétti þar sem eru misvel gróin beitarnlönd nýtt til sumarbeitar fyrir sauðfé. Á þessum kafla er fyrirhugað að reisa 85 línumöstur með tilheyrandi efnisflutningum og vegagerð. Af þeim eru 7 horn- eða endamöstur sem eru stærri að umfangi. Fyrirhuguð stæði fyrir möstur eru flest í grónu eða hálfgrónu landi. Heildarvegalagningar um úthaga og beitarnlönd eru samkvæmt uppdrætti 31,7 km yfir mismikið gróið beitarnland. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila í úthaga er um 211 ha. Ekki er að sjá að áhrif framkvæmda verði önnur en sem nemur umfangi þeirra. Mögulega þarf að opna hólf eða rjúfa girðingar á einhverjum stöðum og getur það raskað beitarSKIPulagi og nýtingu beitarlands meðan á framkvæmdum stendur.

Áhrif á ræktunarnland

Línuleið á kafla D liggur ekki yfir ræktað land.

Skógrækt er á tveimur bújörðum og eru þar 289 ha samningsbundin skógræktarsvæði. Línuleið liggur um og þverar þessi svæði á 1630 m kafla. Helgunarsvæði framkvæmdaraðila línunnar er 10,6 ha og þar má búast við einhverju raski vegna framkvæmda. Línuvegir um skipulagt skógræktarnland eru samkvæmt uppdrætti 2530 m að lengd og möstur 4 talsins. Á framkvæmdatíma má búast við einhverju raski vegna umferðar vinnuvéla við lagningu línuvega og uppsetningu á línunni.

Möguleg áhrif á kafla D á rekstrartíma

Áhrif á umfang búrekstrar

Línuleið liggur á kafla D að stærstum hluta yfir heiðarlönd og afrétti sem eru einungis nýtt til sumarbeitar fyrir sauðfé. Umfang búrekstrar er lítið á þessum kafla en þó eru á leiðinni tvær jarðir þar sem þátttaka er í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og eru áhrif af framkvæmdum bundin við þá starfsemi.

Áhrif á beitarnland og úthaga

Kaflí D á línuleiðinni liggur að langmestu leyti um afréttarlönd sem eru einungis nýtt yfir sumartíma. Línuvegur og malarpúðar undir og umhverfis möstur munu minnka flatarmál beitarlanda sem þeim nemur. Línuvegur gæti orðið til hagræðingar við smalamennskur en að öðru leyti má búast við að notkun úthaga og beitarlands geti orðið óbreytt.

Áhrif á ræktunarnland

D-kaflí línuleiðarinnar liggur ekki yfir ræktað land eða svæði þar sem er ákjósanlegt land til ræktunar á fóðri.

Samningsbundin skógræktarsvæði eru á tveimur bújörðum og liggja línuleiðin og línuvegir sem henni fylgja yfir skógræktarsvæði á annarri bújörðinni. Jafnframt er línuvegur í gegnum skógræktarsvæði hinnar jarðarinnar. Línuvegir um skipulagt skógræktarnland eru samkvæmt uppdrætti 2530 m að lengd og möstur eru 4 talsins og eru varanleg áhrif framkvæmda bundin umfangi þessara mannvirkja. Einnig verða takmörk á skógrækt á helgunarsvæði línunnar. Línuvegir geta mögulega nýst sem þjónustuvegir fyrir skógræktina.


Hugmyndir að mótvægisáðgerðum og ábendingar

- Staðsetja línuvegi í jöðrum ræktunarlands og þá þannig að þeir geti nýst til framtíðar sem túnaslóðar í samráði við bændur.
- Staðsetja möstur utan ræktaðs lands. Sé þess ekki kostur, þá sem næst jöðrum ræktunarspildna.
- Fyrirhuguð línustæði liggja á nokkrum stöðum um land sem telja má álitlegt ræktunarland, staðsetja möstur og línuvegi á þeim svæðum í samráði við landeigendur.
- Tímasetja framkvæmdir með tilliti til notkunar á landi, t.d. fara um ræktað land að loknum uppskerutíma.
- Hafa samráð við landeigendur við lagningu vega og slóða og staðsetja þá þannig að þeir nýtist til framtíðar í búverkum t.d. til að bæta aðgengi að beitarhólfum eða sem túnaslóðar.
- Þar sem línuvegur fer um beitarhólf að setja góð hlið á girðingar sem auðvelt er að ganga um.


Viðauki 1 – Matsrammi fyrir grunnstöðu landbúnaðar

GRUNNÁSTAND			
Matsþáttur	Lágt gildi	Miðlungs gildi	Hátt gildi
<p>Staða landbúnaðar Mælikvarðar sem horft er til:</p> <ul style="list-style-type: none"> Fjöldi bújarða Umfang búrekstrar Annar rekstur sem styður við landbúnað t.d. ferðapjónusta <p>Töluleg gildi taka mið af svæði (héraði)</p>	<p>Lítill sem enginn búskapur er stundaður, engar eða fáar jarðir í ábúð. Mikið rask er þegar til staðar á svæðinu, sem ekki er tilkomið vegna landbúnaðar, t.d. iðnaðarsvæði.</p>	<p>Þónokkur búskapur. Lítill til meðalstór bú. Dreifð byggð. Landmiklar jarðir. Jarðir með lítinn búskap sem er þó forsenda fyrir ábúð. Jörð nýtt af öðrum t.d. nærliggjandi bújörðum.</p>	<p>Margar jarðir í ábúð, meðalstór til stór bú. Blandaður búrekstur og eða fleiri stoðir undir búrekstri, t.d. ferðapjónusta. Mikil uppbygging mannvirkja hefur átt sér stað. Nýlegar byggingar. Landlitlar jarðir.</p>
<p>Staða ræktunarlands Mælikvarðar sem horft er til:</p> <ul style="list-style-type: none"> Tegund ræktunar Ástand ræktaðs lands Aldur ræktunar Skógrækt 	<p>Gömul tún sem eru ekki, að hluta eða óreglulega nýtt til að afla heyja. Engin skógrækt. Lítið eða ekkert ræktað land.</p>	<p>Viðhald ræktunar lítið. Tún gömul en nýtt til öflunar heyja. Grænófóðurræktun. Lítillsháttar kornrækt eða skógrækt.</p>	<p>Mikið og frjósamt ræktunarland. Tún í góðri rækt. Tún nýlega endurræktuð. Mikil korn- eða grænófóðurrækt. Skógrækt.</p>
<p>Mikilvægi og staða úthaga og beitarlands Mælikvarðar sem horft er til:</p> <ul style="list-style-type: none"> Heimahagar Afréttir 	<p>Rýrir beitarhagar. Litlir möguleikar til frekari ræktunar. Afkoma jarðar byggir að litlu eða engu leyti á úthagabeit.</p>	<p>Frjósamt land en erfitt til ræktunar. Beitarlönd sem henta að nokkru leyti til sauðfjár- eða hrossabeitar.</p>	<p>Mikið og frjósamt land og tækifæri til ræktunar m.a. skógræktar. Gömul tún nýtt til beitar. Mikil og góð beitarlönd á afrétti fyrir sauðfé og/eða hross. Mikil og góð beitarlönd, grasmiklir heimahagar sem henta til beitar fyrir sauðfé, hross og/eða nautgripi.</p>
<p>Viðkvæmi /ástand landbúnaðarlands, þ.e. möguleiki á að ná grunnástandi að nýju Mælikvarðar sem horft er til:</p> <ul style="list-style-type: none"> Þéttleiki byggðar. Gróðurþekja. Samsetning gróðurs. Tegund ræktunar. Ástand ræktaðs lands. Aldur ræktunar. Nýting mannvirkja vegna línulagnar. 	<p>Viðkvæmi fyrir raski lítið og landbúnaðarland nær grunnástandi í kjölfar viðeigandi mótvægisáðgerða. Áhrifasvæði línu fjarri bæjarhlöðum og ræktuðu landi. Ræktun og verðmæti túna nær grunnástandi með viðeigandi mótvægisáðgerðum. Línuvegir nýttast búrekstri.</p>	<p>Landbúnaður nær að hluta grunnástandi með viðeigandi mótvægisáðgerðum.</p>	<p>Varanleg áhrif af framkvæmdum ógna ábúð. Lína sker ræktað land og er nálægt bæjarhlöðum. Möstur, athafnasvæði og línuvegir í ræktunarlandi. Línuvegir og möstur skera og/eða lenda yfir mikilvæg beitarlönd.</p>

Viðauki 2 – Skýringarmynd fyrir A-kafla línuleiðar




Mynd 15. Skýringarmynd af línuleiðum og valkostum á kafla A, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 6. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, gulir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og brúnir flákar eru önnur skógræktarsvæði.



Mynd 16. Skýringarmynd af valkostum A1 og A1.a, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði valkosta. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjarrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina skv. töflu 6. Grænir, ljósgulir og bleikir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni. Gulir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og brúnir flákar eru önnur skógræktarsvæði.

Viðauki 3 - Skýringarmynd fyrir B-kafla línuleiðar




Mynd 17 Skýringarmynd af línuleiðum og valkostum á kafla B, auk umfangs landbúnaðar á áhrifsvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina skv. töflu 6. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, gulir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og brúnir flákar eru önnur skógræktarsvæði.




Mynd 18. Skýringarmynd af valkostum B1 og B1.a, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði valkosta. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina skv. töflu 6. Grænir, ljósgulir og bleikir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni. Gulir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og brúnir flákar eru önnur skógræktarsvæði.



Mynd 19. Skýringarmynd af valkostum B2 og B2.a, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði valkosta. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjarrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina skv. töflu 6. Grænir, ljósgulir og bleikir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni. Gulir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbylum og brúnir flákar eru önnur skógræktarsvæði.




Mynd 20. Skýringarmynd af valkostum B3, B4 og B3.a, B4.a, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði valkosta. Myndir húsdýra tákna bújarðir með viðkomandi búfjarrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina skv. töflu 6. Grænir, ljósgulir og bleikir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni. Gulir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu skógrækt á lögbýlum og brúnir flákar eru önnur skógræktarsvæði.




Mynd 21. Skýringarmynd af valkostum B5 og B5.a, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði valkosta. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina skv. töflu 6. Grænir, ljósgulir og bleikir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni. Gulir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og brúnir flákar eru önnur skógræktarsvæði.


Viðauki 4 – Skýringarmynd fyrir C-kafla línuleiðar



Mynd 22. Skýringarmynd af línuleiðum og valkostum á kafla C, auk umfangs landbúnaðar á áhrifsvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjarrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 6. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, gulir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og brúnir flákar eru önnur skógræktarsvæði.



Mynd 23. Skýringarmynd af valkostum C1, C2 og C1.a,C2.a, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði valkosta. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina skv. töflu 6. Grænir, ljósgulir og bleikir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni. Gulir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og brúnir flákar eru önnur skógræktarsvæði.



Mynd 24. Skýringarmynd af valkostum C3, C4 og C3.a,C4.a, auk umfangs landbúnaðar á áhrifsvæði valkosta. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjárrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina skv. töflu 6. Grænir, ljósgulir og bleikir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni. Gulir flákar eru samningsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbýlum og brúnir flákar eru önnur skógræktarsvæði.

Viðauki 5 - Skýringarmynd fyrir D – kafla línuleiðar



Mynd 25. Skýringarmynd af línuleiðum og valkostum á kafla D, auk umfangs landbúnaðar á áhrifasvæði línunnar. Myndir af húsdýrum tákna bújarðir með viðkomandi búfjarrækt, stærðir húsdýra tákna stærðir búgreina sbr. töflu 6. Grænir flákar eru skráðar ræktunarspildur samkvæmt túnkortagrunni, gulir flákar eru sammingsbundin svæði í verkefninu Skógrækt á lögbylum og brúnir flákar eru önnur skógræktarsvæði.

Viðauki 6 – Möguleikar samsetningu valkosta á kafla B línuleiðar og umfang framkvæmda

Tafla 73. Möguleikar á samsetningum valkosta á kafla B línuleiðar og samanlagt umfang framkvæmda sem geta haft áhrif á landbúnaðarstarfsemi. (B.a er línuleið meðfram núverandi línu)

Texti	B.a	B.a-B1	B.a-B1-B5	B.a-B5	B.a-B2	B.a-B3	B.a-B4	B.a-B1-B2	B.a-B1-B3	B.a-B1-B4	B.a-B1-B5-B2	B.a-B1-B5-B3	B.a-B1-B5-B4	B.a-B5-B2	B.a-B5-B3	B.a-B5-B4
Heildarfjöldi mastra í úthaga (stk)	49	49	52	52	52	51	52	52	51	52	55	54	55	55	54	55
Þar af horn- / endamöstur í úthaga (stk)	1	1	2	2	3	7	7	3	7	7	4	8	8	4	8	8
Heildarlengd línu um úthaga (km)	18,3	18,3	19	19	19	18,5	19,6	19	18,5	19,6	19,7	19,2	20,3	19,7	19,2	20,3
Helgunarsvæði í úthaga (ha)	118,4	122,1	131,2	127,5	128,9	137,3	137,4	132,6	141	141,1	141,7	150,1	150,2	138	146,4	146,5
Vegir í grónu beitarlandi (km)	17	16,92	17,04	17,12	16,59	15,53	15,76	16,51	15,45	15,68	16,63	15,57	15,8	16,71	15,65	15,88
Vegir í ógrónu beitarlandi (km)	1,6	1,65	1,65	1,6	1,6	1,6	1,6	1,65	1,65	1,65	1,65	1,65	1,65	1,6	1,6	1,6
Heildarfjöldi mastra í ræktunarlandi (stk)	2	2	0	0	2	2	2	2	2	2	0	0	0	0	0	0
Þar af horn- / endamöstur í ræktunarlandi (stk)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Heildarlengd línu yfir ræktunarlandi (m)	1210	1210	510	510	780	1790	1080	780	1790	1080	80	1090	380	80	1090	380
Helgunarsvæði í ræktunarlandi (ha)	7,9	7,9	3,3	3,3	5,2	12,3	7,2	5,2	12,3	7,2	0,6	7,7	2,6	0,6	7,7	2,6
Vegir í ræktunarlandi (m)	80	80	0	0	80	220	220	80	220	220	0	140	140	0	140	140
Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi (stk)	3	2	2	3	3	3	3	2	2	2	2	2	2	3	3	3
Þar af horn- / endamöstur í skógræktarlandi (stk)	0	1	1	0	0	0	0	1	1	1	1	1	1	0	0	0
Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi (m)	520	620	620	520	520	520	520	620	620	620	620	620	620	520	520	520
Helgunarsvæði í skógræktarlandi (ha)	3,4	5,3	5,3	3,4	3,4	3,4	3,4	5,3	5,3	5,3	5,3	5,3	5,3	3,4	3,4	3,4
Vegir í skógræktarlandi (m)	230	540	540	230	230	230	230	540	540	540	540	540	540	230	230	230

Viðauki 7 – Möguleikar í samsetningu valkosta á kafla C línuleiðar og umfang framkvæmda

Tafla 74. Möguleikar á samsetningum valkosta á kafla C línuleiðar og samanlagt umfang framkvæmda sem geta haft áhrif á landbúnaðarstarfsemi.

(C.a er línuleið meðfram núverandi línu)

Texti	C.a	C.a-C1	C.a-C2	C.a-C3	C.a-C4
Heildarfjöldi mastra í úthaga (stk)	31	39	39	36	40
Par af horn- / endamöstur í úthaga (stk)	2	4	4	4	5
Heildarlengd línu um úthaga (km)	11,4	12,9	12,8	11,7	13,7
Helgunarsvæði í úthaga (ha)	78,5	101	105,5	91,3	108,9
Vegir í grónu beitarlandi (km)	9,4	11,2	10,2	9,38	11,34
Vegir í ógrónu beitarlandi (km)	0,7	0,45	0,53	1,03	1,03
Heildarfjöldi mastra í ræktunarlandi (stk)	5	0	0	1	1
Par af horn- / endamöstur í ræktunarlandi (stk)	1	0	0	0	0
Heildarlengd línu yfir ræktunarlandi (m)	1780	540	390	960	450
Helgunarsvæði í ræktunarlandi (ha)	13	4,4	3,3	8,1	3,7
Vegir í ræktunarlandi (m)	370	90	90	170	90
Heildarfjöldi mastra í skógræktarlandi (stk)	0	0	0	0	0
Par af horn- / endamöstur í skógræktarlandi (stk)	0	0	0	0	0
Heildarlengd línu yfir skipulögðu skógræktarlandi (m)	0	0	0	0	0
Helgunarsvæði í skógræktarlandi (ha)	0	0	0	0	0
Vegir í skógræktarlandi (m)	0	0	0	0	0